Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um lengra og betra djamm. 17



**MENNING** Furðufyrirbæri í Hafnarborg blandast lifandi og rafrænni tónlist. 28



**LÍFIÐ** Ingimar Oddson blæs til ævintýrahátíðar í Vesturbyggð. 38



**SPORT** Dagur Sigurðsson mætir með laskað lið til Kiel á morgun. 34

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
23. maí 2014
120. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

# Þverunin drap ekki síldina í Kolgrafafirði í fyrravetur

Sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar segja ekkert benda til þess að brúin yfir Kolgrafafjörð hafi valdið gríðarlegum síldardauða í firðinum. Aðstæður sé ekki síðri eftir en fyrir. Síldin hefur flutt sig set.

**UMHVERFISMÁL** „Það er ekkert í gögnunum sem bendir til þess að vegfyllingin hafi haft úrslitaáhrif á síldardauðann í firðinum," sagði Sólveig Ólafsdóttir, sviðsstjóri sjó- og vistfræðisviðs Hafrannsóknastofnunar, þegar niðurstöður vöktunar í Kolgrafafirði í kjölfar síldardauðans veturinn 2012 og 2013 voru að hluta kynntar í gær. Sólveig segir að vegfyllingin hafi verið reist á grynningum eða náttúrulegu hafti sem var þar fyrir. Við framkvæmdirnar hafi rennan undir brúna verið dýpkuð, og reynist ekkert síðri en sú sem fyrir var.

„En ég held að það þurfi að liggja fyrir mun betri rannsóknir áður en farið verður í þveranir í framtíðinni en lágu fyrir í Kolgrafafirði á sínum tíma," sagði Sólveig jafnframt í gær.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknarstofnunar, sagði að mun minna af síld héldi til í firðinum í vetur en fyrr, eða um 70 þúsund tonn miðað við allt að 300 þúsund tonn árin á undan.

„Ýmis teikn eru á lofti um breytingar í vetursetu síldarinnar," sagði Þorsteinn en síldin hefur haldið til á þremur svæðum við landið í vetur. Þorsteinn segir sýkingu sem herjaði á stofninn frá 2008 hafa drepið tífalt meira en drapst í Kolgrafafirði.

shá / sjá síðu 6



„En ég held að það þurfi að liggja fyrir mun betri rannsóknir áður en farið verður í þveranir í framtíðinni.

*Sólveig Ólafsdóttir, sviðstjóri hjá Hafransóknastofnun*



**SPILAÐ Á KIRKJUKLUKKUR** Högni Egilsson tónlistarmaður opnaði Listahátíð í Reykjavík í gær með tónverki sínu Turyiu. Opnunarverkið, sem er fimmtán mínútna langt, var flutt af Högna, Bjöllukór Tónstofu Valgerðar Jónsdóttur og klukkum Hallgrímskirkju og Landakotskirkju. Viðfangsefni 28. Listahátíðar í Reykjavík er hið skapandi ferli í víðu samhengi og taka hátt í fimm hundruð listamenn frá um tuttugu löndum þátt í eða eiga verk á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sammála sérfræðingar:

## Myndum sjálf stjórna veiðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Innlendir og erlendir sérfræðingar, sem í gær ræddu stöðu sjávarútvegs á Íslandi kæmi til aðildar landsins að ESB, greindi ekki á um að í þeim efnum yrði landið skilgreint sjálfstjórnarsvæði.



KOLBEINN ÁRNASON

„Íslendingar gætu hagað sínum málum eftir eigin höfði, svo fremi sem það gengi ekki gegn grunngildum sambandsins," sagði Henrik Bendixen, sérfræðingur hjá sendinefnd ESB á Íslandi.

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Landssambands útvegsmanna, sagði aðild að EStB fylgja kostir og gallar. Enn vægju fyrirsjáanlegir gallar þyngra en ábati sem kynni að fylgja hlutum á borð við nýjan gjaldmiðil, niðurfellingu tolla og aukinn aðgang að mörkuðum.

- óká / sjá síðu 8

Ásgeir Jónsson lektor segir erlenda eignastöðu lífeyrissjóða valda áhyggjum:

## Erlend fjárfesting lífsnauðsynleg

**VIÐSKIPTI** Ef íslenskir lífeyrissjóðir fara ekki að fjárfesta í auknum mæli erlendis og fá heimildir til þess og undanþágur frá gjaldeyrishöftum þá gæti skapast mjög vond staða þegar þær kynslóðir sem nú eru á vinnumarkaði fara á eftirlaun. Þetta segir Ásgeir Jónsson, lektor í hagfræði.

Nú eru 24,4 prósent eigna lífeyrissjóða erlendar. Ásgeir bendir á að hlutfallið muni lækka á næstu árum fái lífeyrissjóðir ekki að fjárfesta erlendis. Breytist staðan ekki gætu innlendar eignir lífeyrissjóða í framtíðinni numið tvöfaldri landsframleiðslu Íslands, segir Ásgeir. Þá yrði hætta á eignabólu.



ÁSGEIR JÓNSSON

Ásgeir nefnir hugsanlegar lausnir. „Í fyrsta lagi má vægi erlendra eigna lífeyrissjóða ekki minnka. Því ættu lífeyrissjóðir að fá að fjárfesta ákveðið hlutfall af viðskiptaafgangi Íslands erlendis. Í öðru lagi þyrfti að hækka hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóða. Þá þarf að fá erlenda fjárfestingu inn í landið á móti svo lífeyrissjóðir komist út með fé." -ih

## LÍFIÐ



**Vakti athygli í Vonarstræti**

Kristín Lea Sigríðardóttir er fyrrum ungfrú Norðurland sem núna leikur sitt fyrsta hlutverk á hvíta tjaldinu í hinni margrómuðu Vonarstræti. Hún stefndi alltaf á leiklistina.

## FRÉTTIR

**Hvorki lög né auglýsing** Lögum um Seðlabanka hefur ekki verið breytt og staða seðlabankastjóra ekki auglýst. Það stendur þó enn til. 4

**Hollustan hverfur** Prófessor segir nýjungagjarna kjósendur ekki lengur sýna stjórnmálaflokkum hollustu 8

**Allir vilja sjálfstæðari skóla** Oddvitar framboða í Reykjavík ræða skólamál í fréttaskýringu. 10





16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 7° | | SSA | 6 |
| Akureyri | 9° | | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 12° | | SSA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | S | 3 |
| Reykjavík | 10° | | SSA | 7 |

**VÆTA V-TIL** Í dag verður yfirleitt hæg suðlæg átt og bjart en 5-10 m/s og væta NV-og V-lands. Hiti 6-12 stig. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Lífið | Sumar & börn | Fólk















## SPURNING DAGSINS



Árni, leitið þið víða fanga í handritsvinnunni?

**„Við reynum að fanga góðar sögur hvar sem við mögulega getum.“**

Árni Filippus framleiðir nýja sjónvarpsþáttaröð um lífið innan veggja kvennafangelsis.

Aðgerðaáætlun sem efla á samkeppnishæfni atvinnulífsins samþykkt af Vísinda- og tækniráði:

# Fjárveitingar til nýsköpunar stórauknar

**NÝSKÖPUN** Samþykkt hefur verið aðgerðaáætlun sem ætlað er að styðja við og efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og gagnsæja nýtingu opinbers fjár. Áætlunin var samþykkt á fundi Vísinda- og tækniráðs sem haldinn var í gær.

Stórauka á fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar þannig að árið 2016 nái þær þremur prósentum af vergri landsframleiðslu. Aðgerðunum er sömuleiðis ætlað að laða fram aukna fjárfestingu í vísindum og nýsköpun.

Þannig á að nýta skattkerfið markvisst til að hvetja til fjárframlaga fyrirtækja og einstaklinga til málaflokksins. Meðal annars er gert ráð fyrir að frumvarp um að einstaklingar fái afslátt af tekjuskatti, ef þeir fjárfesta í óskráðum nýsköpunarfyrirtækjum, verði lagt fyrir á haustþingi.

Fyrir utan aukna fjárfestingu er aðgerðunum ætlað að bæta mat á gæðum og verðmætasköpun vísinda- og nýsköpunarstarfs og að virkja samstarf fyrirtækja, rannsókna- og menntastofnana.

Einnig er sett að markmiði að efla nýliðun í vísindum og nýsköpun með sérstökum átaksverkefnum, fjölgun útskrifaðra nemenda í tengdum greinum og aukinni fjármögnun doktorsnáms.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að beita sér fyrir fjármögnun áætlunarinnar með fyrirvara um fjárlagaferlið og afgreiðslu Alþingis. -ebg



**RÁÐHERRAR** Vísinda- og tækniráð kynnti nýja aðgerðaáætlun að viðstöddum ráðherrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SPRAUTAÐ Á MÓTMÆLENDUR** Óeirðalögreglan í Tyrklandi sprautar vatni og táragasi til að dreifa fjöldanum sem safnaðist saman til að mótmæla vegna slyssins í Soma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikil reiði ríkir meðal borgara í Tyrklandi vegna námuslyss:

# Viðbrögð stjórnvalda gagnrýnd

**TYRKLAND/AP Fjöldi fólks hefur gagnrýnt viðbrögð stjórnvalda í Tyrklandi með mótmælum á götum úti í kjölfar námuslyssins þar í landi þar sem 301 námumaður lét lífið.**

**Stjórnvöld eru ásökuð fyrir að hafa reynt að leiða hörmungarnar hjá sér og hefur Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, verið gagnrýndur fyrir vanrækslu.**

**Lögreglan í Tyrklandi hefur handtekið 25 manns sem grunaðir eru um aðild að þessu mannskæðasta námuslysi í sögu Tyrklands. Meðal þeirra er framkvæmdastjóri námufyrirtækisins og hafa yfirvöld tilkynnt að allavega þrír í stjórn fyrirtækisins verði ákærðir fyrir morð vegna ófullnægjandi öryggisráðstafana.** -ebg

Aldraður faðir fyrir rétti:

# Læknir banaði stjúpdótturinni

**FRAKKLAND, AP** Réttarhöld eru hafin í Frakklandi yfir 76 ára gömlum manni, André Bamberski, sem sakaður er um að hafa fyrir fimm árum látið ræna stjúpföður dóttur sinnar, sem lést þegar hún var 15 ára gömul, 1982.

Stjúpfaðirinn, Dieter Krombach, sem er 79 ára og var læknir, hlaut dóm fyrir að hafa valdið dauða dótturinnar, Kalinku.

Sannað þótti að Krombach hefði sprautað lyfi í dótturina til að geta nauðgað henni, en með þeim afleiðingum að hún lést. Krombach var í Þýskalandi þegar honum var rænt. Hann fannst síðan bundinn í Frakklandi, þar sem hann var eftirlýstur. -gb

Byggingar 40 metra háar:

# Jarðvinna á Bakka í sumar

**IÐNAÐUR** Umsókn um samþykki byggingaráforma fyrir kísilmálmvinnslu PCC á Bakka liggur nú á borði byggingarfulltrúa Norðurþings.

Niðurstöðurnar verða kynntar í júní, en á grundvelli samþykktra byggingaráforma er gert ráð fyrir að veitt verði leyfi til jarðvinnu nú í sumar.

Með umsókninni var skilað inn aðalteikningum flestra fyrirhugaðra húsa sem áætlað er að verði rúmir þrír hektarar að grunnfleti og allt að 39,4 metra há.

Einnig er beðið eftir umsögnum annarra umsagnaraðila um byggingaráformin vegna áforma PCC á Bakka. -shá

# Sprenging í aðsókn að nýrri Vesturbæjarlaug

Gríðarleg ánægja ríkir með nýjan heitan pott við Vesturbæjarlaug. Framkvæmdir hafa kostað 160 milljónir króna. Forstöðumaður sundlaugarinnar segir starfsfólk undir miklu álagi vegna fjölda ánægðra viðskiptavina sem sækja laugina heim.

**ÚTIVIST** Rúmlega sjö þúsund fleiri heimsóttu Vesturbæjarlaug núna í apríl en í sama mánuði í fyrra. Aukninguna má þakka opnun nýs heits potts og annarra endurbóta sem staðið hafa yfir í lauginni.

Um 160 milljónir fóru í endurbæturnar sem meðal annars fólu í sér að svæði laugarinnar var stækkað umtalsvert, gluggum var komið fyrir í girðingu hennar og kvennaklefi laugarinnar fékk yfirhalningu. Nú standa yfir endurbætur á karlaklefa laugarinnar og hafa allar flísar og sturtur verið fjarlægðar, auk þess sem skipt hefur verið um salerni. Búist er við því að framkvæmdum í karlaklefanum verði lokið eftir miðjan júlí.

Hafliði Halldórsson, forstöðumaður Vesturbæjarlaugar, segir að mikla aukningu megi líka sjá í maímánuði þrátt fyrir að lokatölur liggi ekki fyrir. „Við sjáum það bara á tölunum sem koma í kassann. Ég reikna með því að þetta sé 25-30 prósenta aukning. Það get ég staðfest.“

Hann segir starfsfólk Vesturbæjarlaugar ánægt með breytingarnar. „Það er mikið álag á starfsfólkinu og mikið að gera en okkur leiðist ekki í vinnunni.“

Yfirstandandi framkvæmdir í karlaklefanum hafa ekki haft áhrif á aðsókn fólks að lauginni. Hafliði segir að það auki þó álag á sundlaugina töluvert að karlkyns gestir laugarinnar þurfi allir að nýta sér útiklefann.

Í Vesturbæjarlaug voru fjórir heitir pottar staðsettir undir skjólgirðingu. „Í gömlu pottunum var sólin farin um fjögurleytið,“ segir Hafliði. „Nú eru gömlu pottarnir hins vegar komnir með sólina fram undir kvöld. Svo er alltaf sól í nýja pottinum.“

Í apríl í fyrra heimsóttu tuttugu þúsund manns Vesturbæjarlaug. Fjölgun um sjö þúsund er því gríðarleg en tekið skal með í reikninginn að nýi potturinn var ekki opnaður fyrr en 10. apríl svo einungis er um 20 daga að ræða.

Þrátt fyrir mikla aukningu munu aðsóknarmetin ekki borga framkvæmdirnar niður. „Það kostar 600 krónur í sund en til að svara raunverulegum kostnaði þyrfti að kosta miklu meira í sund. Verðið er niðurgreitt. Þessar framkvæmdir verða því ekki greiddar niður með aðsóknargjöldum,“ segir Hafliði.

snaeros@frettabladid.is




**HEITAR UMRÆÐUR Í POTTINUM** Hafliði Halldórsson, forstöðumaður Vesturbæjarlaugar, stendur hér við nýja pottinn sem er þétt setinn þrátt fyrir að myndin sé tekin á miðjum virkum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Landlæknir segir manndrápsákæru gegn hjúkrunarfræðingi stefnubreytingu:

# Telur dómsleið ekki auka öryggi

**HEILBRIGÐISMÁL** Geir Gunnlaugsson landlæknir setur spurningarmerki við að fara dómsleiðina þegar heilbrigðisstarfsmaður gerir mistök, en nú í vikunni var hjúkrunarfræðingur ákærður fyrir manndráp af gáleysi vegna mistaka í starfi.



**SIGRÍÐUR I. INGADÓTTIR**

„Ákæran er ákveðin stefnubreyting sem vekur okkur til umhugsunar um hvernig við viljum taka á þessum málum. Ég er ekki viss um að með dómsleiðinni aukist gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar,“ segir Geir.

Landlæknisembættið hefur undanfarið skoðað hvaða leiðir sé hægt að fara í svona málum.

„Við höfum til dæmis skoðað kerfi Norðmanna þar sem atvik í heilbrigðisþjónustu eru ekki tilkynnt til lögreglu nema grunur sé um glæpsamlegt athæfi,“ segir Geir.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar, tekur undir orð Geirs.

„Ég held að mörgum ói við þeirri stefnubreytingu sem þetta mál gæti haft í för með sér og það þarf að taka upp þessa umræðu,“ segir hún.

Mistökin sem um ræðir áttu sér stað á kvöldvakt sem hjúkrunarfræðingurinn vann í beinu framhaldi af dagvakt. Er honum meðal annars gefið að sök að hafa láðst að tæma loft úr kraga barkaraufarrennu þegar hann tók hinn látna úr öndunarvél, með þeim afleiðingum að hann kafnaði.

Ríkissaksóknari svaraði ekki fyrirspurnum um ákæruna. - ebg



**„Ákæran er ákveðin stefnubreyting sem vekur okkur til umhugsunar um hvernig við viljum taka á þessum málum.**

*Geir Gunnlaugsson landlæknir.*




Við óskum **Johan Rönning**, **Miracle** og **Vinnufötum** innilega til hamingju með að vera fyrirtæki ársins.

Árlega stendur **VR** fyrir kjöri á fyrirtæki ársins. Niðurstöður stærstu vinnumarkaðskönnunar á Íslandi liggja fyrir.

| | **Stór fyrirtæki** | **Millistór fyrirtæki** | **Lítil fyrirtæki** |
|---|---|---|---|
| 1. | Johan Rönning | Miracle | Vinnuföt |
| 2. | Securitas | Plain Vanilla | Spölur |
| 3. | S4S | Basis | Kemi |
| 4. | Wise | Sensa | Sigurborg |
| 5. | Borgun | Sjónlag | Birtingahúsið |
| 6. | Betware á Íslandi | Libra | Microsoft Ísland |
| 7. | Nova | Hreyfill svf. | S. Guðjónsson |
| 8. | TM Software | Margt smátt | Vélfang |
| 9. | 1912 | Hvíta húsið | Beiersdorf |
| 10. | Vistor | Iðan fræðslusetur | Altis |


VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

## SVONA ERUM VIÐ



**15** **brot gegn valdstjórninni þar sem borgarar neita að hlýða fyrirmælum lögreglu hafa að meðaltali verið skráð í hverjum mánuði það sem af er ári.**

**13 slík brot voru framin að meðaltali í hverjum mánuði í fyrra og 10 árið 2011.** *Heimild: Ríkislögreglustjóri*

Björgun ferðamannasumarsins og yfirvofandi gerðardómur urðu til þess að samningar náðust:

# Flugmenn Icelandair semja fram á haust

**KJARAMÁL** Kjarasamningar milli flugmanna Icelandair og Samtaka atvinnulífsins náðust í gærmorgun eftir tæplega sólahrings samningafund hjá ríkissáttasemjara.

Um stuttan kjarasamning er að ræða, til 30. september 2014. Samningurinn er til tíu mánaða eða frá því samningar flugmanna losnuðu, 1. desember 2014.

Samið er um 2,8 prósenta launahækkanir. Þar að auki verður hvatakerfi fyrirtækisins styrkt. Greiðslur fyrir stundvísi og eldsneytissparnað munu aukast.

Örnólfur Jónsson, formaður samninganefndar flugmanna, gerir ráð fyrir að flugmenn mæti nú til vinnu og ekki falli fleiri flugferðir niður. Um níutíu ferðir Icelandair féllu niður vegna þess að flugmenn hafa ekki fengist til þess að vinna yfirvinnu.



**ÖRNÓLFUR JÓNSSON**



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**

Þorsteinn Víglundsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, gerir ráð fyrir að samningaviðræður hefjist aftur seinna í sumar. „Þá verður horft til lengri tíma. Aðaláherslan nú var að lágmarka þann skaða sem þegar var orðinn hjá ferðaþjónustunni og Icelandair.“

Örnólfur segir að yfirvofandi gerðardómur hafi haft áhrif. Samkvæmt lögum sem Alþingi setti á verkfall flugmanna átti að skipa gerðardóm ef samningar næðust ekki fyrir 1. júní.

Flugmenn munu greiða atkvæði rafrænt um samninginn. Atkvæðagreiðslan mun standa í viku. - ih



**ALLT Á FLOTI** Mikil flóð hafa gengið yfir Balkanskaga að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Betware styrkir söfnun:

# Hálf milljón til Balkanskaga

**HJÁLPARSTARF** Vegna þeirra miklu flóða sem hafa verið í Serbíu og Bosníu og Hersegóvínu að undanförnu hefur íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Betware og starfsmenn þess ákveðið að styrkja söfnun Rauða krossins sem hrundið hefur verið af stað með 564 þúsund króna framlagi.

Betware tengist Serbíu sterkum böndum enda er fyrirtækið með starfsstöð í Belgrad þar sem 45 starfsmenn eru við störf. Jafnframt hafa starfsmenn Betware í Serbíu safnað saman og keypt nauðsynjavörur líkt og vatn, teppi og mat fyrir þá sem hafa orðið fyrir áföllum vegna flóðanna. Þá hefur Betware komið til móts við starfsmenn sína í Serbíu og hvatt þá til að gefa blóð og veitt þeim frídaga á móti, að því er kemur fram í tilkynningu. - fb

## LEIÐRÉTTING

Listasafn Íslands efnir til einnar yfirlitssýningar á verkum Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara um helgina en ekki tveggja eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Hún er á tveimur stöðum, í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga.

## LEIÐRÉTT

Með frétt um sýningaropnun í Listasafni Árnessýslu í blaðinu í gær átti að vera mynd af Lilju Birgisdóttur en birt var mynd af systur hennar, Ingibjörgu. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

## MUN MÁR GUÐMUNDSSON SITJA ÁFRAM?

**14. FEB. – SEÐLABANKASTJÓRUM FJÖLGAÐ Í ÞRJÁ?**
Eyjan flytur frétt af því að breytingar séu framundan í Seðlabankanum. Seðlabankastjórum verði fjölgað um tvo og staða Más Guðmundssonar verði auglýst.

**16. FEB. – BREYTINGAR Á LOKAMETRUNUM**



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** mætir í Sunnudagsmorgun á RÚV. Segir m.a.: „Lögum um Seðlabankann verður breytt. Sú vinna er í gangi og við sjáum fyrir endann á því núna.“ Aðspurður um að Seðlabankastjórum verði fjölgað í þrjá: „Ég neita því ekki en ég sagði ekki að það myndi gerast. Ég hef í ýmsum atriðum verið ósammála stefnu Seðlabankans.“

**20. FEB. – SÍÐASTI SÉNS TIL BREYTINGA**
Frestur til að tilkynna Má Guðmundssyni að starfið verði auglýst rennur út.

**21. FEB. – AUKIÐ SVIGRÚM TIL BREYTINGA**



**Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra leggur fram minnisblað á ríkisstjórnarfundi um endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands. Fjármálaráðuneytið segir líka frá því að Má Guðmundssyni hafi verið tilkynnt að starf hans verði auglýst. Í tilkynningunni segir meðal annars: „Er það [auglýsing starfsins] gert til að gefa stjórnvöldum aukið svigrúm í tengslum við mögulegar breytingar á lögum um Seðlabankann.“

**25. FEB. – FÁTT UM SVÖR FRÁ BJARNA**
Umræður á Alþingi um málefni Seðlabankans.

**Þar sagði Bjarni Benediktsson meðal annars:** *„Ég tek að lokum fram varðandi fyrirkomulag vinnunnar fram undan að leitast verður eftir þverpólitísku samráði við þingið. Ég get ekki fullyrt hvort það er raunhæft á þessu þingi að taka inn frumvarp um þessi atriði.“*



**Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, spurði:** *„Í ljósi þess að embættið er auglýst nú en við eigum ekki von á neinu frumvarpi fyrr en í haust, þá spyr ég út í það hví þá er nauðsynlegt að auglýsa stöðuna nú?“* Bjarni svaraði spurningunni ekki.

**5. MAÍ – NEFNDIN TEKUR TIL STARFA**
Fjármálaráðuneytið tilkynnir að nefnd um heildarendurskoðun laga um Seðlabanka Íslands hafi verið skipuð.

**16. MAÍ – ALÞINGI FRESTAÐ**

**20. ÁGÚST – TÍMI MÁS LIÐINN**



Skipun **Más Guðmundssonar** rennur út. Nýr seðlabankastjóri tekur til starfa á grundvelli núgildandi laga.

**31. DES. – TILLÖGUM UM BREYTINGAR SKILAÐ**
Nefnd um heildarendurskoðun laga um Seðlabanka Íslands á að skila tillögum sínum að breytingum á lögunum.

# Staða Más enn ekki auglýst

Skipunartími Más Guðmundssonar seðlabankastjóra rennur út 20. ágúst næstkomandi. Fjármálaráðuneytið hefur þegar boðað að staðan verði auglýst. Nefnd um endurskoðun laga um Seðlabankann er nýtekin til starfa.

**Snærós Sindradóttir**
snaeros@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Staða Más Guðmundssonar seðlabankastjóra hefur ekki verið auglýst þótt unnið sé að því í fjármálaráðuneytinu. Skipunartími Más rennur út 20. ágúst næstkomandi.

Már hefði verið sjálfskipaður til fimm ára ef ekki hefði verið tilkynnt um fyrirætlanir ráðuneytisins að auglýsa starfið. Þegar ráðuneytið tilkynnti um auglýsinguna á vef sínum kom fram að tilgangur hennar væri að auka svigrúm í tengslum við mögulegar breytingar á lögum um Seðlabankann. Þær breytingar hafa ekki verið gerðar og nefnd sem sér um breytingarnar tók til starfa í maí síðastliðnum. Um það var tilkynnt ellefu dögum áður en þingi var frestað.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hafði gert því skóna um miðjan febrúar, í þættinum Sunnudagsmorgunn á RÚV, að seðlabankastjórum yrði jafnvel fjölgað um tvo. Jafnframt sagði hann þar: „Það er enn þá svolítið í að frumvarpið komi fram, einhverjar vikur myndi ég halda. Þó að þetta geti auðvitað klárast hratt.“

Í umræðum á Alþingi seinna í febrúar kom aftur á móti fram að ólíklegt væri að nýtt frumvarp yrði lagt fram á þinginu. Þá spurði Katrín Jakobsdóttir hvers vegna staða Más væri auglýst þegar ljóst væri að ekkert yrði úr nýjum lögum.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að verið sé að vinna að því innan ráðuneytisins að auglýsa stöðuna. „Meginástæðan fyrir því að staðan er auglýst er að skipunartíminn er útrunninn. Með því að taka ákvörðun um að auglýsa stöðuna var stjórnvöldum sannarlega skapað svigrúm til að gera breytingar á lögum, ef það hefði þótt nauðsynlegt fyrir næsta skipunartímabil,“ segir Bjarni.

Nýr seðlabankastjóri, Már Guðmundsson eða annar, verður ráðinn á grundvelli gildandi laga sem segja til um að Seðlabankinn sé með einn seðlabankastjóra sem skipaður er til fimm ára í senn.

Bjarni segir að þrátt fyrir að nýr seðlabankastjóri muni starfa samkvæmt núgildandi lögum þá skipti máli að það liggi fyrir að stjórnvöld hyggist breyta til. „Það skiptir máli í þessu samhengi að það liggi fyrir að lögin séu til endurskoðunar þegar nýr skipunartími hefst, hvenær sem það verður. Við höfum nú þegar óskað eftir tilnefningu frá Seðlabankanum og Háskólanum í matsnefndina.“

> **Okkur ber að skoða lögin í heild sinni og yfirstjórn bankans er hluti af lögunum en við erum alls ekki komin á það stig**
>
> *Ólöf Nordal, formaður endurskoðunarnefndar.*

Ólöf Nordal lögfræðingur er formaður nefndar um heildarendurskoðun laga um Seðlabanka Íslands. Hún segir starfið á byrjunarstigi. „Nefndin var bara skipuð rétt eftir páska og við höfum haldið tvo fundi. Okkur ber að skoða lögin í heild sinni og yfirstjórn bankans er hluti af lögunum en við erum alls ekki komin á það stig.“

Ekki náðist tal af Má Guðmundssyni.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Friedrichshafen | 22° | New York | 20° |
| Aþena | 28° | Gautaborg | 22° | Orlando | 34° |
| Basel | 23° | Kaupmannahöfn | 22° | Ósló | 24° |
| Berlín | 22° | Las Palmas | 23° | París | 18° |
| Billund | 22° | London | 18° | San Francisco | 21° |
| Frankfurt | 20° | Mallorca | 23° | Stokkhólmur | 22° |




**Á MORGUN** 5-10 m/s V-til, annars hægari.




**SUNNUDAGUR** 5-13, hvassast SV-lands.

**BEST NORÐAUSTANLANDS** um helgina en þar verður bjart og hlýtt. Þykknar upp vestantil í dag og má búast við vætu á köflum og ögn stífari vindi en annars staðar.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

MAX RAFTÆKI · HYUNDAI · habitat TEKK COMPANY · URRIÐAHOLT · FISKÓ lifandi verslun · BÓNUS · TOYOTA · IKEA

# KARNIVAL Í KAUPTÚNI

## 24.-25. maí




Sirkus Íslands

Hátíðartilboð

Veitingar

Vörukynningar

Skólahreysti

Leikhópurinn Lotta

Kvartmílubílar

Fornbílar

# Karnival í Kauptúni

## um helgina

### laugardag og sunnudag kl. 12 – 17

**Sirkus Íslands** 3 sýningar báða dagana (kl. 12:30, 15:00 og 16:30).

**Andlitsmálun, blöðru- og fjöllistamenn.**

**Skólahreystivöllur** – þar fá ungir sem aldnir að spreyta sig.

**Leikhópurinn Lotta - Hrói höttur** – sýning báða dagana kl. 13:30.

**Fornbílaklúbburinn og Kvartmíluklúbburinn** sýna glæsibifreiðar.

**Nýr draumastaður - Urriðaholt** – kynning á íbúðasvæðinu Urriðaholti.

**Fjölbreyttar veitingar í boði hjá fyrirtækjum í Kauptúni.**

**Freistandi sértilboð og húllumhæ, uppákomur, leikir og vörukynningar hjá verslunum og fyrirtækjum í Kauptúni.**

**Komum öll í karnivalstuði í Kauptún um helgina!**

GARÐABÆR

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 69020 05/14

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Um hvað mun ný sjónvarpssería Unnar Aspar Stefánsdóttur og Nínu Daggar Filippusdóttur fjalla?
**2.** Hversu há gæti launahækkun grunnskólakennara orðið?
**3.** Hver er nýráðinn þjálfari kvennaliðs Fram í handbolta?

**SVÖR:**
**1.** Kvenfanga. **2.** 29 prósent. **3.** Stefán Arnarson.

Afkoma Íslandsbanka á fyrstu þremur mánuðum ársins var jákvæð um 8,3 milljarða króna:

# Hagnaður bankanna jókst um 1,5 milljarða

**VIÐSKIPTI** Samanlagður hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 15,5 milljörðum króna samanborið við 14 milljarða hagnað á sama tíma í fyrra.

Íslandsbanki hagnaðist um 8,3 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi en fyrirtækið kynnti uppgjör sitt í gær. Hagnaður bankans á fyrstu þremur mánuðum 2013 nam 4,6 milljörðum króna. Betri afkoma skýrist að stærstum hluta af hagnaði vegna sölu eignarhluta í aflagðri starfsemi. Verðmæti heildareigna bankans nam 884 milljörðum og jókst um tvö prósent frá áramótum.

Afkoma Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins var kynnt í fyrradag. Hagnaður bankans nam 2,9 milljörðum króna og jókst um 1,5 milljarða.

Landsbankinn hagnaðist um 4,3 milljarða króna samanborið við átta milljarða hagnað á fyrstu þremur mánuðum síðasta árs. **-hg**



**KYNNTI UPPGJÖRIÐ** Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sagði útlán bankans hafa aukist um tvö prósent frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**➜ Hagnaður á fyrsta ársfjórðungi***




*í milljörðum króna**

## DÓMSMÁL

### Dæmdur fyrir nauðgun

Í gær var þriggja ára og sex mánaða fangelsisdómur Héraðsdóms Reykjaness yfir Gintaras Bloviesciu staðfestur í Hæstarétti. Bloviesciu nauðgaði konu í heimahúsi í apríl 2012. Einnig þarf hann að greiða fórnarlambinu 1,2 milljónir í miskabætur auk málskostnaðar beggja aðila.

### Fimm ára fangelsi

Hæstiréttur staðfesti einnig í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Wojciech Marcin Sadowski. Sadowski var dæmdur til fimm ára fangelsisvistar fyrir frelsisskerðingu, kynferðisbrot og líkamsárás.

### Réðst á ófríska konu

Þriðja staðfesting Hæstaréttar var yfir karlmanni sem var dæmdur til fimm mánaða fangelsisvistar fyrir tvær árásir á sambýliskonu sína. Þegar seinni árásin átti sér stað var konan vanfær auk þess sem annað barn hennar var á heimilinu.



**PETRO POROSJENKÓ** Súkkulaðikóngurinn sigurstranglegi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Úkraínu:

# Porosjenkó er með mest fylgi

**ÚKRAÍNA, AP** Sælgætisframleiðandinn Petro Porosjenkó þykir sigurstranglegastur frambjóðenda í forsetakosningum Úkraínu, sem haldnar verða á sunnudag. Porosjenkó er moldríkur auðkýfingur, en mun hófsamari í tali en flestir hinna nítján mótframbjóðendanna.

Uppreisnarmenn í austanverðu landinu eru ósáttir við kosningarnar og hafa reynt að trufla framkvæmd þeirra. **-gb**






**KOLGRAFAFJÖRÐUR** Yfir 50 þúsund tonn alls drápust í desember 2012 og febrúar 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Síldardauðinn ekki brúargerð að kenna

Þverun Kolgrafafjarðar hefur ekkert með síldardauðann í firðinum að gera, er niðurstaða vísindamanna. Síldin virðist vera að breyta vetursetu sinni og vera að hverfa frá firðinum. Sýking síldarinnar drap tífalt meira magn en drapst í firðinum.

**UMHVERFISMÁL** „Það er ekkert í gögnunum sem bendir til þess að vegfyllingin hafi haft úrslitaáhrif á síldardauðann í firðinum,“ sagði Sólveig Ólafsdóttir, sviðsstjóri sjó- og vistfræðisviðs Hafrannsóknastofnunar, þegar niðurstöður vöktunar í Kolgrafafirði í kjölfar síldardauðans veturinn 2012 og 2013 voru að hluta kynntar í gær.

Sólveig segir það hafa verið knýjandi að svara þeirri spurningu hvort þverun fjarðarins hafi valdið síldardauðanum, en sú kenning hefur lengi verið uppi ásamt fleirum. Hún segir að vegfyllingin hafi verið reist á grynningum, eða náttúrulegu hafti, sem var þar fyrir. Við framkvæmdirnar hafi rennan undir brúna verið dýpkuð, og reynist ekkert síðri en sú sem fyrir var.

„En ég held að það þurfi að liggja fyrir mun betri rannsóknir áður en farið verður í þveranir í framtíðinni en lágu fyrir í Kolgrafafirði á sínum tíma,“ sagði Sólveig jafnframt í gær.

Rannsóknaverkefni sem hefur það markmið að kortleggja strauma, súrefnisstyrk og ástand sjávar í firðinum hófst vorið 2013 og lauk þeirri gagnasöfnun í apríl. Mælingarnar staðfesta það sem áður var vitað; súrefnisskortur var ástæða síldardauðans og súrefnismagnið í Kolgrafafirði fellur afar hratt þegar lygnir.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs, sagði á fundinum að mun minna af síld héldi til í firðinum í vetur en fyrr, eða um 70 þúsund tonn miðað við allt að 300 þúsund tonn árin á undan.



**SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR OG ÞORSTEINN SIGURÐSSON** Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar fóru yfir stöðuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Fjórum sinnum minna af síld nú í vetur

**Frá því er síldardauði varð í Kolgrafafirði í desember 2012 vegna súrefnisþurrðar hefur umhverfisástand og magn síldar í firðinum verið vaktað og náið hefur verið fylgst með styrk súrefnis.**

- Frá desember 2012 til apríl 2013 var farið í sex rannsóknaleiðangra í fjörðinn til vöktunar á umhverfinu auk ítrekaðra mælinga á magni síldarinnar.
- Á undanförnum árum hefur síld haft vetursetu í firðinum og í desember 2012 er áætlað að um 270 þúsund tonn hafi verið innan við brúna yfir fjörðinn þegar fyrst varð vart við dauða síld. Magnið var áfram svipað allt fram á vor 2013. Um 70 þúsund tonn héldu til í firðinum í vetur.

„Ýmis teikn eru á lofti um breytingar í vetursetu síldarinnar,“ sagði Þorsteinn en síldin hefur haldið fyrir á þremur svæðum við landið í vetur. Hann rakti þá sögu að þessi hegðun íslensku sumargotssíldarinnar er alþekkt í gegnum áratugina, og flakkar síldin milli svæða og landshluta.

Þorsteinn bendir á síldardauðann annars vegar og sýkinguna sem herjaði á stofninn frá 2008. Um gríðarlegt áfall hafi verið að ræða, en þegar allt er lagt saman drap sýkingin tífalt meira en keyrði stofninn úr 900 þúsund tonnum niður í 400 til 500 þúsund tonn.

svavar@frettabladid.is

# SUMAR SPRENGJA

## ELLINGSEN

**AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM**

**RÝMINGAR-SALA**
á ýmsum aukahlutum fyrir ferðavagna
- Markísur
- Fortjaldsdúkar
- Bakkmyndavél o.fl.

**40–70% AFSLÁTTUR**



**COLUMBIA** DRAINMAKER
DÖMU- OG HERRASKÓR
**12.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.



**COLEMAN**
MACKENZIE CABIN
6 MANNA
**83.930 KR.**
VERÐ ÁÐUR 119.900KR.



**DIDRIKSONS** CAMPO
DÖMU- OG HERRAÚLPA
**13.993 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.

**30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BAKPOKUM**







**COLUMBIA**
RAINSTORMER
HERRA- OG DÖMUJAKKAR
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990KR.



**SHAKESPEARE**
KASTSTÖNG
**7.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.

**CAMPING** BONECO
QST S KOLAGRILL
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.



**ÚTIVISTARBUXUR FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA 30% AFSLÁTTUR**

**50% AFSLÁTTUR AF COLUMBIA LEÐUR- OG RÚSKINNSSKÓM**

**COLUMBIA COMBIN**
**GÖNGUSKÓR**
Dömu- og herrastærðir
**19.995 KR.**
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.





**BARNAFLÍS Í MIKLU ÚRVALI 30% AFSLÁTTUR**

**ALLAR TVEGGJA HLUTA SPÚNA- OG MAÐKASTANGIR 50% AFSLÁTTUR**

**SHAKESPEARE** VEIÐIHJÓL
MEÐ LÍNU
**3.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 6.490 KR.





**DAXARA 158 BÍLAKERRA**
Tvöfaldar hliðar
og sterk aurbretti
**144.000 KR.**
VERÐ ÁÐUR 174.500 KR.



**DEVOLD**
OPTIMUM JAKKI
Dömu- og herrastærðir
XS–XXL
**14.995 KR.**
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.

**SUNDFÖT Á ALLA FJÖLSKYLDUNA FRÁ ARENA 30% AFSLÁTTUR**

**NIKE HLAUPAFATNAÐUR 35% AFSLÁTTUR**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 140022

# Stjórn sjávarútvegsmála héldist hér

Framkvæmdastjóri LÍÚ segir að hefði Ísland verið í ESB hefði landið aldrei fengið makrílkvóta. Sérfræðingur sendinefndar ESB bendir á að með aðild myndi veiðiréttur haldast ef makríllinn hyrfi burt á ný. Hér væri stjórnsýsla í sjávarútvegi til fyrirmyndar og yfirráð héldust.

FRÉTTASKÝRING

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Staða íslensks sjávarútvegs í Evrópusambandinu.

Sérfræðingar sem ræddu mögulega stöðu sjávarútvegs á Íslandi kæmi til aðildar landsins að ESB í gær greindi ekki á um að í þeim efnum yrði landið skilgreint sjálfstjórnarsvæði. Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Landssambands útvegsmanna (LÍÚ), benti þó á að allt væri í heiminum breytingum háð og að tryggja þyrfti landinu algjör yfirráð á mjög víðtækum grunni.

Auk Kolbeins veltu vöngum á málfundi sem Evrópustofa stóð fyrir í Víkinni – sjóminjasafni Reykjavíkur í hádeginu í gær, Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskólans og Bjarni Már Magnússon, lektor við Háskólann í Reykjavík, en þeir eru höfundar sjávarútvegskafla tveggja skýrslna sem komu út í vetur um stöðu aðildarviðræðna Íslands og ESB. Gunnar skrifaði kaflann í skýrslu Hagfræðistofnunar og Bjarni Már í skýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskólans.

Þá tók þátt í umræðum Henrik Bendixen, sérfræðingur í sjávarútvegi hjá sendinefnd ESB á Íslandi. Hann áréttaði í máli sínu mikilvægi þess að ítarleg umræða færi fram um stöðu sjávarútvegsins í tengslum við mögulega aðild að ESB. Þá væri eina leiðin til að leiða fram afstöðu ESB í álitamálum að ljúka viðræðum. Hans persónulega skoðun væri hins vegar að hvað viðræðurnar sjálfar varðaði þá hafi staða mála viljað bjagast í almennri umræðu.

### Ráðum meðan ekki hallar á grunngildi ESB

Hann sagði sérfræðinga Evrópusambandsins hafa lítil vandkvæði getað séð á kaflanum um sjávarútvegsmál eftir ítarlega kynningu íslenskra sérfræðinga úti í Brussel. Helstu vandamál annarra landa í þessum efnum hafi verið veikburða stjórnsýsla, en hér væri við lýði eitt besta fiskveiðistjórnunarkerfi heims. Augljóst væri að íslenska svæðið yrði sjálfsstjórnarsvæði og engin ástæða væri til að ætla að Evrópusambandið hefði afskipti af ákvörðunum sem hér yrðu teknar um úthlutun aflaheimilda.

„Íslendingar gætu hagað sínum málum eftir eigin höfði, svo fremi sem það gengi ekki gegn grunngildum sambandsins,“ sagði hann. „Vegna þess að Ísland er ekki í ESB þá eru í sambandinu ekki til neinar reglur um hafsvæði Íslands. Ákveðið eins mikið og hægt er á meðan á viðræðum stendur til þess að þetta liggi fyrir komi að aðild.“

Kolbeinn áréttaði að nálgun LÍÚ hafi verið sú að nálgast viðræðurnar við ESB á sem uppbyggilegastan máta og vinna að því að sem hagfelldust niðurstaða fengist úr því ferli sem hafið var, færi svo að Íslendingar vildu ganga í Evrópusambandið. „Um leið hefur náttúrulega ekki verið neinn vilji hjá samtökunum til aðildar. Það er enn afstaða LÍÚ,“ sagði hann og kvað í báðum Evrópuskýrslunum, frá Hagfræðistofnun og Alþjóðamálastofnun, að finna rök sem leiði til þeirrar rökréttu niðurstöðu. Óþarfi sé að ganga lengra í samningum því útséð sé um það að innan ESB hefði Ísland full yfirráð yfir samningum um markaðssvæði eða um veiðar úr flökkustofnum.

Við bætist svo hlutir eins og að hér sé erlend fjárfesting í sjávarútvegi óheimil, sem samrýmist ekki grunnreglum ESB. Það færi illa saman ríkisstuðningur við sjávarútveg sem viðgengist í Evrópulöndum og kerfið sem hér er við lýði.




PALLBORÐIÐ Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ, Bjarni Már Magnússon, lektor við HR, Þóra Arnórsdóttir fundarstjóri, Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, og Henrik Bendixen, sérfræðingur hjá sendinefnd ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Ráð eru til við kvótaflakki

Kolbeinn sagði ljóst að aðild að Evrópusambandinu fylgdu bæði kostir og gallar og enn vægju fyrirsjáanlegir gallar þyngra en ábati sem kynni að fylgja hlutum á borð við nýjan gjaldmiðil, niðurfellingu tolla og aukinn aðgang að markaðssvæðum. Deilur um flökkustofna endurspegluðu stöðuna ágætlega, Ísland hefði engan makrílkvóta fengið hefði það verið aðili að ESB, enda ekki með veiðireynslu úr stofninum.

Henrik Bendixen benti í máli sínu á að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki virtust standa afar vel í samkeppni, en teldu þau á sig hallað vegna ríkisstuðnings annarra þá gætu þau nú þegar farið með þau umkvörtunarefni fyrir evrópudómstóla. Þá benti hann á að gengi Ísland í ESB þá myndi landið halda veiðirétti úr stofnum á borð við makríl, jafnvel þótt fiskurinn tæki upp á því að virða ekki landamæri og synti aftur út úr íslenskri lögsögu. Kvótaflakk væri svo vandamál sem önnur lönd hafi tekið á með ágætum hætti og ljóst að tryggja mætti að kvóti héldist í íslensku hagkerfi. „Svo hef ég aldrei skilið vandamálið við erlenda fjárfestingu. Íslensk fyrirtæki fjárfesta í sjávarútvegi víða um heim og staða sjávarútvegs er svo sterk á Íslandi, svo sterk að hugaðan fjárfesti þyrfti til að ætla sér að hasla sér völl í þeim geira á Íslandi,“ sagði hann og bætti við að hann hefði heldur aldrei áttað sig á því hvaða vandamál væru því tengd að útlendingar fjárfestu í sjávarútvegi hér og efldu með því atvinnuuppbygginguna.






GUNNAR HELGI KRISTINSSON Hið góða gengi endurspeglar óánægju kjósenda með það sem fyrir var. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Prófessor telur kjósendur opnari fyrir nýjungum:

## Mikið rót komið á hollustu við flokka

SVEITARSTJÓRNARMÁL Gengi nýrra flokka í skoðanakönnunum vegna komandi sveitarstjórnarkosninga hefur verið gott. Björt framtíð og Píratar fá víðast hvar gott fylgi á meðan fjórflokkurinn á víða undir högg að sækja.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, telur ástæðuna í meginatriðum vera þá að mikið rót hafi komist á hollustu kjósenda við flokkana í hruninu og líka í tíð vinstri stjórnarinnar.

„Frá þeim tíma eru kjósendur opnari fyrir nýjungum. Framsóknarflokkurinn sýndi að vísu í fyrra að gömlu flokkarnir eiga alveg möguleika á þessu fylgi en hins vegar er núna sérstaklega góð aðstaða fyrir flokka sem hafa aldrei verið í ríkisstjórn,“ segir Gunnar Helgi.

Að sögn Gunnars Helga eru málefnin ekki endilega vera helstu ástæðuna fyrir hinu góða gengi heldur endurspegli það meira óánægju kjósenda með það sem fyrir var.

„Ég held að það sé alveg ljóst, hvort sem þú lítur á Bjarta framtíð eða Pírata, að þar eru ekki mjög skýrar málefnaáherslur í mörgum þeim málum sem sveitarfélögin fjalla um sérstaklega,“ segir hann. „Gott dæmi er Ísafjörður þar sem Björt framtíð samkvæmt könnun mældist með drjúgt fylgi áður en flokkurinn var kominn fram.“

Annar prófessor í stjórnmálafræði, Grétar Þór Eyþórsson, telur að meginlínurnar muni lítið breytast frá því sem komið hefur fram í nýjustu könnunum.

„Auðvitað verða einhverjar sveiflur en miðað við þær kannanir sem eru að birtast í dag og héðan af fram að kosningum þá munu þær verða mjög nálægt lagi,“ segir Grétar.

Spurður hvers vegna Björt framtíð og Píratar hafi náð fótfestu en ekki Dögun segir hann það vafalítið vinna með Bjartri framtíð og Pírötum að hafa komist inn á þing.

„Dögun er að mælast á Akureyri og í Kópavogi með svipað fylgi og til Alþingis í fyrra. Flokkurinn er með heildstæðan stefnumálapakka en það er eins og þessi málflutningur nái ekki í gegn í þessari flóru,“ segir Grétar Þór.

freyr@frettabladid.is












ÚTSKRIFTARBLÓM
ÚTSKRIFTARGJAFIR
INNPAKKANIR






WOODEX
ÚRVALS VIÐARVÖRN

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is




# Allir vilja auka sjálfstæði skólanna

Flokkarnir sem bjóða fram í Reykjavík leggja allir mikla áherslu á skólamál. Þeir eru sammála um að það eigi að hlúa að leik- og grunnskólum borgarinnar. VG vill gjaldfrjálsan skóla, Sjálfstæðisflokkurinn vill samkeppni á milli skóla og Samfylking vill auka læsi í skólum.



Jóhanna Margrét Einarsdóttir
johanna@frettabladid.is

Gjaldfrjáls leikskóli, frístundaheimili og skólamáltíðir er það sem Vinstri grænir leggja mesta áherslu á þegar kemur að skólamálum. Sjálfstæðismenn vilja opna skólakerfið þannig að foreldrar fái upplýsingar um hvernig skóli barna þeirra stendur sig í samanburði við aðra skóla. Samfylkingin leggur áherslu á læsi í öllum myndum og að börn komist inn á leikskóla ekki yngri en 18 mánaða.

Bæði framsóknarmenn og píratar benda á að skóli án aðgreiningar hafi ekki fengið það fjármagn sem honum ber og því hafi hann ekki getað sýnt fram á fulla virkni. Björt framtíð telur að það eigi að hanna skólakerfið utan um nemendur, ekki Pisa-kannanir.

Þegar kemur að skólamálum leggja flestir flokkar sem bjóða fram í Reykjavík fram nokkuð ítarlega stefnuskrá.

## Kostar 750 milljónir

Sóley Tómasdóttir, Vinstri grænum, segir að flokkurinn leggi mikla áherslu á gjaldfrjálsan leikskóla, skólamáltíðir og frístundaheimili svo öllum börnum verði gert kleift að njóta þessara gæða.

„Foreldrar greiða núna tíu prósent af kostnaði en borgin 90 prósent. Kostnaður við þetta verkefni er um 750 milljónir á ári, sem jafngildir 0,9 prósentum af fjárlögum borgarinnar," segir Sóley og bendir á að við gerð fjárhagsáætlunar séu menn að færa til stærri fjárhæðir en þetta án þess blikka auga.

„Það er einkennilegt að við samþykkjum að borga fyrir leikskóla en ekki grunnskóla og menntaskóla. Það er jafn óskiljanlegt að við skulum samþykkja að borga fyrir frístundaheimili á meðan það kostar ekkert að fara í félagsmiðstöðvar. Auðvitað ætti öll þessi þjónusta að vera gjaldfrjáls," segir Sóley.

Sjálfstæðismenn segja óboðlegt að það sé ekki nægt pláss fyrir börn í dagvistun efir að fæðingarorlofi lýkur.

„Til að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla viljum við að foreldrar fái ákveðna peningaupphæð sem þeir geta nýtt til að greiða dagforeldrum eða vera heima með börnum sínum," segir Halldór Halldórsson, Sjálfstæðisflokki.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar og flugvallarvina, segir að það þurfi að fjölga leikskólaplássum. Hún segir að sumir grunnskólar í Reykjavík geti tekið við fimm ára börnum og þar með væri hægt að losa pláss í leikskólum. Sveinbjörg segir að það væri hægt að fara af stað með þetta sem tilraunaverkefni og sjá hverju það skilar.

Samfylkingin leggur áherslu á að börn komist átján mánaða í leikskóla. „Við viljum taka börn yngri inn í leikskólann en nú er. Það verður að gera þetta í áföngum með það að markmiði að börn komist eins og hálfs árs inn í leikskólann," segir Dagur B. Eggertsson úr Samfylkingu.

## Virðing fyrir dagforeldrum

Dagur segir að það þurfi að styrkja hlutverk dagforeldra og þróa þjónustu þeirra í samráði við þá. Björn Blöndal, Bjartri framtíð, er á svipaðri skoðun og Dagur. Björn segir að það verði að útrýma dagvistunarvanda ungra barna og nefnir að börn ættu að komast inn á leikskóla í kringum 20 mánaða aldurinn. „Ég ber mikla virðingu fyrir dagforeldrum og þeir eru mikilvægir," segir Björn og bætir við að það þurfi að styðja við bakið á dagforeldrum.

Bæði Samfylking og Björt framtíð leggja áherslu á að þrýsta á ríkisvaldið að lengja fæðingarorflofið til að stytta þann tíma sem líður frá því að fæðingarorlofi lýkur og þangað til börn komast á leikskóla.

Samfylkingin leggur áherslu á læsi á öllum skólastigum í stefnuskrá. Dagur segir að gullið tækifæri sé til að leggja grunn að læsi og ný læsisstefna leikskólanna auki möguleika allra barna til farsældar á lífsleiðinni.

Píratar leggja áherslu á að leikskólar og grunnskólar fái aukið sjálfstæði.

„Borgin á að leggja höfuðáherslu á að allir hafi jafnan aðgang að þjónustu skólanna. Píratar leggja áherslu á að kennarar og foreldrar fái að móta starfið í hverjum skóla fyrir sig. Við styðjum sjálfstæði skólanna," segir Halldór Auðar Svansson.

## Fjársveltur grunnskóli

Bæði Píratar og framsóknarmenn telja að grunnskóli án aðgreiningar sé fjársveltur. Halldór Auðar Svansson segir að það sé ljóst að til að fylgja þessari fallegu hugmyndafræði úr hlaði hafi aldrei verði sett nóg fjármagn í verkefnið.

„Af þeim sökum hefur í sumum skólum skapast ástand sem kemur niður á nemendum, fjölskyldum þeirra og öllu skólastarfinu," segir Halldór.

Sveinbjörg segir að það eigi að forgangsraða peningum á þann hátt að börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á. „Skóli án aðgreiningar hefur aldrei fengið þann stuðning sem hann á skilið og þar af leiðandi hefur hann aldrei virkað sem skyldi," segir hún.

## Stuðlar að samkeppni

Sjálfstæðismenn leggja áherslu á að opna grunnskólana. „Við viljum að foreldrar geti fengið upplýsingar um hvar grunnskólinn sem þeirra börn stunda nám við stendur gagnvart öðrum skólum. Þetta er leyndarmál í dag," segir Halldór Halldórsson, Sjálfstæðisflokki, og bætir við að opnun skólanna stuðli að heilbrigðri samkeppni og samanburði.

Þetta líst Degi B. Eggertssyni ekki á. „Það getur verið gagnlegt fyrir skólana að vita hvar þeir standa innbyrðis gagnvart öðrum skólum. Við teljum ekki rétt að fara út með hvaða skóli kemur verst út úr til dæmis Pisa-könnunum. Það getur haft áhrif á sjálfsmynd hverfisins og valdið vonleysi," segir Dagur. Hann segir að Samfylkingin leggi áherslu á að allir hverfisskólar séu góðir skólar og það sama gera Vinstri grænir.

„Stöndum með hverfisskólum í að efla og þróa fjölbreytta og innihaldsríka menntun," segir í stefnuskrá VG.

## Ekki á móti samkeppni

Björn Blöndal, Bjartri framtíð, segist ekki vera á móti samkeppni milli skólanna. „En ég er á móti því að hanna skólakerfið utan um Pisa-kannanir," segir Björn og bendir á að Finnar komi vel út úr slíkum könnunum en börn í grunnskólum þar séu ekkert sérstaklega hamingjusöm.

„Það situr í mér það sem skólastjóri sagði við mig. Hann sagði að í hans skóla legðu menn áherslu á að vinna með það sem börnunum gengur vel með í stað þess að leggja áhersluna á það sem þau eru léleg í," segir Björn og segir þetta gott leiðarstef til að vinna eftir.

Flokkarnir leggja allir áherslu á gott samstarf heimilis og skóla. Píratar telja að það eigi að auka áhrif kennara á stefnumótun í skólakerfinu, sömuleiðis eigi að auka frelsi nemenda og kennara til að hafa áhrif á skólastarfið.

Allir flokkar telja að það sé eðlilegt að það sé boðið upp á einkarekna skóla og borgarskóla. Þessi kerfi geti þrifist hlið við hlið líkt og þau gera í dag. Sjálfstæðisflokkurinn vill sennilega ganga lengst í þessum efnum. Flokkurinn telur að fjárframlag eigi að fylgja nemendum, hvort sem um er að ræða opinberan skóla eða sjálfstæðan skóla, sem þýði að foreldar fái frelsi til að velja þann skóla sem þau telja að henti best fyrir börn þeirra.

### V – Vinstri grænir

**Ætla að stuðla að aukinni hreyfingu og heilsusamlegum lifnaðarháttum á meðal barna og unglinga í gegnum skóla, frístundir og í samvinnu við íþróttahreyfinguna.**



**Það er einkennilegt að við samþykkjum að borga fyrir leikskóla, en ekki grunnskóla og menntaskóla. Auðvitað ætti öll þessi þjónusta að vera gjaldfrjáls.**

*Sóley Tómasdóttir*

### Æ – Björt framtíð

**Vilja fjölbreytt skóla- og frístundastarf í borgarreknum og sjálfstætt starfandi skólum. Ætla að hanna skólakerfi utan um nemendur, ekki Pisa-kannanir.**



**Það á að leggja áherslu á að vinna með það sem börnunum gengur vel með í stað þess að leggja áhersluna á það sem þau eru léleg í.**

*Björn Blöndal*

### Þ – Píratar

**Vilja að meðallaun kennara verði sambærileg við meðalkennaralaun í OECD-ríkjunum.**



**Píratar leggja áherslu á að kennarar og foreldrar fái að móta starfið í hverjum skóla fyrir sig. Við styðjum sjálfstæði skólanna.**

*Halldór Auðar Svansson*

### F – Framsókn

**Ætla að forgangsraða í þágu menntunar og vilja auka fjárframlög til leik- og grunnskóla.**



**Skóli án aðgreiningar hefur aldrei fengið þann stuðning sem hann á skilið og þar af leiðandi hefur hann aldrei virkað sem skyldi.**

*Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir*

### S – Samfylkingin

**Vilja setja fjármagn í þróunarverkefni í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og listaskólum.**



**Við teljum ekki rétt að fara út með hvaða skóli kemur verst út úr til dæmis Pisa-könnunum. Það getur haft áhrif á sjálfsmynd hverfisins og valdið vonleysi.**

*Dagur B. Eggertsson*

### D – Sjálfstæðisflokkurinn

**Vilja tryggja grundvallarfærni í lestri og stærðfræði með aukinni námsráðgjöf og sveigjanleika.**



**Við viljum að foreldrar geti fengið upplýsingar um hvar grunnskólinn sem þeirra börn stunda nám við stendur gagnvart öðrum skólum. Þetta er leyndarmál í dag.**

*Halldór Halldórsson*

# STOFNUN ÁRSINS

2014

SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu kynnir niðurstöður úr könnuninni um Stofnun ársins 2014. Könnunin er nú gerð í níunda sinn. Valdar eru fyrirmyndarstofnanir úr flokki stærri, meðalstórra og minni stofnana auk hástökkvara, en þann titil hlýtur sú stofnun sem hækkar sig um flest sæti á milli ára.

SFR STOFNUN ÁRSINS 2014

SFR FYRIRMYNDAR STOFNUN 2014

## Stórar stofnanir

1. Sjálfsbjargarheimilið
2. Ríkisskattstjóri
3. Sérstakur saksóknari
4. Fjölbrautaskóli Suðurnesja
5. Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

## Meðalstórar stofnanir

1. Einkaleyfastofan
2. Menntaskólinn á Tröllaskaga
3. Landmælingar Íslands
4. Menntaskólinn að Laugarvatni
5. Skipulagsstofnun

## Litlar stofnanir

1. Héraðsdómur Suðurlands
2. Hljóðbókasafn Íslands
3. Sýslumaðurinn á Siglufirði

## Hástökkvari ársins

Sýslumaðurinn á Blönduósi

SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Ítarlegri upplýsingar er hægt að fá á vef SFR www.sfr.is.

SFR

STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAÞJÓNUSTU

ATARNA

Eftir rúmlega sólarhringslangan samningafund var samið og verkfalli afstýrt:

# Sjúkraliðar semja um kjarabót

**KJARAMÁL** Samningar náðust á ellefta tímanum í gær milli Sjúkraliðafélags Íslands og Stéttarfélags í almannaþjónustu annars vegar og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu hins vegar.

Tuttugu og sex tíma langur samningafundur hafði staðið yfir hjá Ríkissáttasemjara. Þá hafði verkfall sjúkraliða og ófaglærðra starfsmanna á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða staðið í þrjá tíma.

Samningurinn er til eins árs og fá þeir um 8 prósent launahækkun.

Kjaradeilan snerist að mestu um réttindi starfsmanna. Sjúkraliðar vildu fá réttindi til jafns við aðra ríkisstarfsmenn.

Gísli Páll Pálsson, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, segir:

„Í nýja kjarasamningnum eru skýrari ákvæði um hvernig uppsögnum starfsmanna skuli háttað. Auk þess er búið að skýra kafla um auglýsingar nýrra starfa. Það er hið besta mál fyrir alla.“

- ih



**Á HRAFNISTU** Verkfall sjúkraliða stóð stutt og hafði lítil áhrif á daglegt líf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MÆTTIR TIL LEIKS** Taílenskir hermenn fjölmenna á götum höfuðborgarinnar Bangkok. NORDICPHOTOS/AFP

# Taílenski herinn steypti stjórninni

Herinn í Taílandi gerði stjórnarbyltingu í gær, nam stjórnarskrána úr gildi og sendi mótmælendur heim. Hvorki stuðningsmenn né andstæðingar stjórnarinnar sýndu neina sjáanlega mótspyrnu þegar búðir þeirra í Bangkok voru leystar upp.

**TAÍLAND, AP** Yfirmenn taílenska hersins sögðust ekki hafa átt annars úrkosti en að gera stjórnarbyltingu í gær, eftir sex mánaða ólgu í landinu. Þetta er langt í frá í fyrsta skipti sem herinn þar í landi grípur til þessa ráðs; að steypa ríkisstjórn undir því yfirskini að stilla þurfi til friðar.

Prayuth Chan-ocha yfirherforingi tilkynnti um stjórnarbyltinguna í sjónvarpsávarpi í gærmorgun. Jafnframt var stjórnarskrá landsins numin úr gildi og útgöngubann lagt á um allt land frá klukkan tíu að kvöldi til klukkan fimm að morgni.

Allir fundir hafa verið bannaðir, að viðlagðri refsingu upp á árs fangelsi eða sekt upp á jafnvirði tæpra 40 þúsund króna.

Þá var ráðherrum ríkisstjórnarinnar, þar á meðal forsætisráðherranum, skipað að gefa sig strax fram við hina nýskipuðu herstjórn landsins.

### HERFORINGJABYLTINGAR Í TAÍLANDI




Mótmælabúðir í höfuðborginni Bangkok, jafnt búðir andstæðinga sem stuðningsmanna stjórnarinnar, voru rýmdar og var ekki neina mótspyrnu að sjá þegar það var gert.

Prayuth herforingi sagði stjórnarbyltinguna gerða til þess að „koma ástandinu hratt aftur í eðlilegt horf, færa fólkinu kærleika og einingu eins og fyrr, og til að gera endurbætur á pólitísku og efnahagslegu kerfi landsins – og til þess að koma á jöfnuði til handa öllum.“

Fjöldamótmæli gegn ríkisstjórn Yinglucks Shinawatra hófust í nóvember síðastliðnum. Í síðasta mánuði var Yingluck dæmd sek um spillingu og skipað að víkja úr embætti. Niwatthamrong Boonsongpaisan tók þá við embættinu til bráðabirgða.

Þrálát valdatogstreita hefur verið í landinu allar götur frá því Thaksin Shinawatra, sem er bróðir Yingluck, var kosinn forsætisráðherra árið 2001. Þau Shinawatra-systkin hafa mikinn stuðning meðal fátækari landsmanna utan höfuðborgarinnar, en vel stæðir höfuðborgarbúar, sem vanir eru að fara með valdataumana í landinu, saka þau um lýðskrum og spillingu.

gudsteinn@frettabladid.is

Samkeppnishæfni landsins batnar samkvæmt úttekt svissnesks háskóla:

# Ísland fer upp um fjögur sæti

**EFNAHAGSMÁL** Ísland er í 25. sæti á árlegum lista svissneska viðskiptaháskólans IMD yfir samkeppnishæfni landa og fer upp um fjögur sæti á milli ára.

Þetta kom fram á fundi Viðskiptaráðs Íslands og VÍB í Hörpu í gær þar sem Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, kynnti listann og úttekt háskólans á samkeppnishæfni 60 landa.

Bandaríkin skipa 1. sæti listans og þar á eftir koma Sviss, Singapúr, Hong Kong, Svíþjóð, Þýskaland og Kanada.

Árið 2011 var Ísland í 31. sæti, sem er það lægsta sem landið hefur setið í frá upphafi mælinga IMD. Fyrir tíu árum var Ísland í 4. sæti listans.

Samkeppnishæfni er metin út frá fjórum meginþáttum; efnahagslegri frammistöðu, skilvirkni hins opinbera, skilvirkni atvinnulífsins og samfélagslegum innviðum.

- hg

110 Reykjavík
Sandavað



Glæsileg íbúð með útsýni allan hringinn



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Samtals að stærð 126,3 m²
Sér hannaðar allar innréttingar
Mikil lofthæð og innfeld lýsing
Útgengi út á svalir úr stofu og baðherbergi
Stæði í bílakjallara
Verð: **41,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**Baadermaður**

HB GRANDI

HB Grandi óskar eftir að ráða mann til að hafa yfirumsjón með viðhaldi á Baadervélum í fiskiðjuveri félagsins í Reykjavík. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðhaldi Baadervéla. Menntun í vélvirkjun er æskileg.

Nánari upplýsingar gefur Sigurður Gunnarsson í síma 858 1054. Umsóknir skal senda á póstfangið **sigurdur@hbgrandi.is**

BYGG

**Kranamenn óskast**

Óskum eftir að ráða vana kranamenn í vinnu.
Mikil vinna fyrir vana menn.
**Upplýsingar veitir Ingi í síma 693-7366**



# Til fyrirmyndar!

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar kynnir niðurstöður úr könnuninni um

**Stofnun ársins borg og bær 2014.**

Valdar eru fyrirmyndarstofnanir úr flokki stærri og minni stofnana auk hástökkvara, en þann titil hlýtur sú stofnun sem hækkar sig um flest sæti á milli ára.




## STÆRRI STOFNANIR

1. Orkuveita Reykjavíkur
2. Frístundamiðstöðin Frostaskjól
3. Fræðslusvið Seltjarnarness
4. Frístundamiðstöðin Kampur
5. Heilbrigðisstofnun Vesturlands

## MINNI STOFNANIR

1. Fjárhags- og stjórnsýslusvið Seltjarnarness
2. Leikskólinn Garðasel Akranesi
3. Félagsbústaðir hf
4. Leikskólinn Vallarsel Akranesi
5. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur

## HÁSTÖKKVARI ÁRSINS

Húsaskóli

STARFSMANNAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Ítarlegri upplýsingar er hægt að nálgast á vef St.Rv. **www.strv.is**

# FERSKT OG FLOTT

## ÍSLENSKT GRÆNMETI OG ÁVEXTIR






PICCOLOTÓMATAR ERU ÓTRÚLEGA SÆTIR OG BRAGÐMIKLIR, SVO GÓÐIR AÐ JAFNVEL ÞEIR SEM SEGJAST EKKI BORÐA TÓMATA FALLA FYRIR ÞEIM.

**Piccolo tómatar**

699kr/pk
verð áður 799



**Hindber**

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**Grænkál**

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**Paprika**

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




**Agúrkur**

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**Kirsuberjatómatar**

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**Lambhaga spínat, salatblanda**




699kr/pk
verð áður 899

**Tonitto Gelato**
Ekta ítalskur.

NÝ UPPSKERA FRÁ SPÁNI



**Kirsuber í lausu**




**Frón kex**
Smurkex, íslandskex með súkkulaði.

NÝ SENDING!




**Old Amsterdam ostur**
Smurostur, sneiðar, snakk eða bitar.

NÝTT Í HAGKAUP




**Frozen**
Allt fyrir afmælið.




**BBQ sósur**
Eitt mesta úrval landsins af BBQ sósum.

Gildir til 25. maí á meðan birgðir endast.

# NOW VÖRUR Á TILBOÐI!

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




HAFÐU ÞAÐ GOTT UM HELGINA
Holta KJÚKLINGUR
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
ÚRBEINUÐ KJÚKLINGALÆRI
1.874 kr/kg
Verð áður 2.498
FJÖLDI SPENNANDI KJÚKLINGA-UPPSKRIFTA
★ HAGKAUP.IS ★
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
LAMBA KÓTILETTUR KRYDDLEGNAR
2.234 kr/kg
verð áður 2.979
SS
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
BLÁBERJALEGIN HELGARSTEIK
1.874 kr/pk
Verð áður 2.499
ÍSFUGL
SESAM-TERYAKI
TILBOÐ 30% afsláttur á kassa
KALKÚNA-LUNDIR
2.239 kr/kg
Verð áður 3.199
ÍSLANDS GRÍS
TILBOÐ 30% afsláttur á kassa
REYKTAR GRÍSA-KÓTILETTUR
1.609 kr/kg
Verð áður 2.209
Holta
TILBOÐ 25% afsláttur á kassa
KJÚKLINGALEGGIR INDVERSK KRYDD
747 kr/kg
Verð áður 999
MEÐLÆTI OG EFTIRRÉTTIR
TILBÚIÐ Á GRILLIÐ!
HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Dómskerfið er ekki réttur farvegur fyrir læknamistök:

# Ógagnleg ákæra

Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur hjúkrunarfræðingi á Landspítalanum, sem er grunaður um að hafa gert mistök sem ollu dauða sjúklings. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenzkur heilbrigðisstarfsmaður er ákærður í slíku máli og ákæran felur því í sér stefnubreytingu frá því sem verið hefur.

Málið hefur verið til umfjöllunar eftir að lögreglurannsókn hófst á andláti sjúklingsins. Sú skoðun hefur áður komið fram af hálfu forsvarsmanna Landspítalans, og raunar líka sjúklinga og aðstandenda þeirra sem hafa skaðazt í læknamistökum, að það myndi hafa afar neikvæð áhrif, yrði ákæra gefin út, að ekki sé talað um ef dómur fellur í málinu og hjúkrunarfræðingurinn verður dæmdur til refsingar.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Rökin fyrir þeirri afstöðu eru meðal annars þau að undanfarin misseri hefur verið gert stórátak í að bæta öryggismenninguna á Landspítalanum, en í því felst að starfsfólk er hvatt til að tilkynna um hvers kyns mistök, stór og smá, í þeim tilgangi að hægt sé að læra af þeim og leitast við að hindra að þau endurtaki sig. Eigi fólk á hættu að það sjálft eða vinnufélagarnir þurfi að sæta refsingu, jafnvel fangelsi, ef sagt er frá mistökum, hefur það ekki mjög hvetjandi áhrif á öryggismenninguna.

Í ákæru ríkissaksóknara kemur fram að mistök hjúkrunarfræðingsins sem um ræðir voru gerð á kvöldvakt, sem unnin var í beinu framhaldi af dagvakt. Við slíkar aðstæður eykst hættan á mistökum. Launakjör, aðstaða og vinnuálag íslenzks heilbrigðisstarfsfólks eru í nógu miklu ólagi þótt ekki bætist við hættan á að dómskerfið refsi fólki fyrir mistök.

Það kemur því ekkert á óvart að allir viðmælendur Fréttablaðsins í gær lýstu yfir óánægju með að ákæra til refsingar hefði verið gefin út í málinu. Það á við um ekkju sjúklingsins sem lézt, formann Viljaspors, félags sem aðstoðar sjúklinga og aðstandendur þeirra sem hafa lent í óhöppum á heilbrigðisstofnunum, forsvarsmenn Landspítalans og formann Félags íslenzkra hjúkrunarfræðinga. Allir eru á því að frekar eigi að reyna að læra af mistökunum en að refsa fyrir þau.

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari hefur ekki fengizt til að rökstyðja það í fjölmiðlum hvers vegna ákæra var gefin út í þessu máli. Hugsanlega metur saksóknaraembættið það svo að gildandi lög gefi einfaldlega ekki tilefni til annars. Eftir er að sjá hvernig fer þegar dæmt verður í málinu, en útgáfa ákærunnar hlýtur að gefa löggjafanum tilefni til að endurskoða lagarammann að því er varðar mistök í heilbrigðisþjónustunni.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, segir í Fréttablaðinu í gær að tilefni sé til að taka upp umræðu um þetta mál. Geir Gunnlaugsson landlæknir nefnir að skoða megi norska kerfið, þar sem atvik í heilbrigðisþjónustu séu ekki tilkynnt til lögreglu nema grunur um glæpsamlegt athæfi liggi fyrir.

Að sjálfsögðu ber heilbrigðisstarfsfólk sína ábyrgð. Að sjálfsögðu þurfa sjúklingar og aðstandendur að geta leitað réttar síns og fengið bætur ef mistök eru gerð í heilbrigðisþjónustunni. En refsileiðin er augljóslega röng leið til þess og sú sem dregur úr líkum á að mistök séu tilkynnt og leitazt við að læra af þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þá er fjandinn laus

Tillaga Bjarna Benediktssonar um að selja takmarkaðan hlut í Landsvirkjun til lífeyrissjóðanna vekur ekki mikla hrifningu nema þá helst í hans eigin flokki. Framsóknarráðherrar hafa lýst því yfir að þeir séu á móti tillögunni og fleiri hafa tjáð sig á svipuðum nótum. Jón Gunnarsson sjálfstæðisþingmaður bakkar Bjarna upp á fésbókarsíðu sinni þar sem hann lýsir þeirri skoðun sinni að sala á takmörkuðum hlut í Landsvirkjun sé ekki einkavæðing. Það er sjálfsagt misjafnt hvaða skilning fólk leggur í hugtakið einkavæðing, en flestir eru á því að ef öðrum en opinberum aðilum séu seld fyrirtæki heiti það einkavæðing. Sumir segja líka að Bjarni hefði mátt taka skýrar fram að hann væri búinn að draga sína lærdóma af til dæmis einkavæðingu ríkisbankanna.



### Besti vinur aðal

Í Fréttablaðinu í dag er fjallað um stöðu Más Guðmundssonar seðlabankastjóra, en ýmislegt hefur komið fram sem bendir til að núverandi ríkisstjórn gæti viljað losna við hann úr bankanum. Þá er reyndar ástæða til að rifja upp að Már á sér öfluga bakhjarla og vini, til dæmis sjálfan forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson. Þeir Már eru gamlir samverkamenn úr Alþýðubandalaginu og fjármálaráðuneytinu. Jafnvel þótt framsóknarmenn vildu losna við Má gæti það komið þeim illa að sparka honum úr Seðlabankanum sí-svona. Framsóknarmenn treysta jú líka á stuðning landsföðurins á Bessastöðum.

### Frambjóðendur í draggi

Vinstri græn í Reykjavík hafa boðað til draggkeppni um helgina í kosningamiðstöð sinni. Þó flestir hugsi um drottningar þegar talað er um dragg er það nær víst að draggkóngar munu láta sjá sig.



Gárungarnir pískra nú um að þetta sé örvæntingarfull leið VG kvenna til að auka fylgi sitt en þrjár konur sitja í efstu þremur sætum listans, sem leiddur er af Sóleyju Tómasdóttur. Með draggkeppninni séu þær að kalla til kjósenda: „Jú, sjáið, hér eru víst karlar.“

johanna@frettabladid.is
snaeros@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fjárfestum í fólki

MENNTUN



**Skúli Helgason**
í 5. sæti Samfylkingarinnar í Rey-

Ungir karlmenn eru fjölmennastir í hópi þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna samkvæmt nýrri skýrslu Rauða kross Íslands. Sami hópur er líka áberandi í röðum þeirra framhaldsskólanema sem hætta í námi en sem kunnugt er hefur brotthvarf á Íslandi um árabil verið á bilinu 25-30% eða helmingi hærra en í ríkjum OECD að meðaltali og tvöfalt til þrefalt hærra en annars staðar á Norðurlöndunum.

Löngu tímabært er að bregðast við þessum staðreyndum í skólakerfinu með auknu samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla, ríkis og sveitarfélaga. Samfelld ábyrgð á rekstri skólastiga frá leikskóla fram að háskóla væri ein leið til að auka samfellu náms í þágu nemenda og sjálfsagt er að heimila einstökum sveitarfélögum að spreyta sig á rekstri tiltekinna skóla, eins og Reykjavík, Garðabær og Hafnarfjörður hafa þegar óskað eftir.

Reykjavík greiðir í ár 4 milljarða króna í fjárhagsaðstoð til einstaklinga án atvinnu og bótaréttar úr atvinnuleysistryggingakerfinu. Slíkt úrræði verður alltaf að vera til staðar en mikið er til vinnandi fyrir viðkomandi einstaklinga og samfélagið að við náum að breyta áherslum í þá veru að fleiri úr þessum hópi komist til vinnu og sjálfsbjargar.

**➜ Leiðin liggur í gegnum aukna áherslu á virkni nemenda og námsval við hæfi hvers og eins.**

Þar er hlutverk skólanna mikilvægt, ekki síst grunnskólans, þar sem tækifærin til að draga úr brotthvarfsáhættu eru mest að mínu mati.

Leiðin liggur í gegnum aukna áherslu á virkni nemenda og námsval við hæfi hvers og eins. Við eigum að setja okkur það markmið að öll börn og ungmenni læri það sem þau hafa áhuga á og nýtir best hæfileika þeirra. Við þurfum að skapa fagfólki í skólum þá umgjörð sem dregur fram það besta í hverjum nemanda. Það kallar vissulega á meiri stuðning í skólastofunni og aukna þverfaglega samvinnu kennara og sérhæfðs starfsfólks við að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Þróuð hafa verið skimunarpróf hér á landi til að greina snemma þá nemendur sem eru í mestri brotthvarfshættu. Til þessa hafa slík próf aðeins verið notuð í framhaldsskólum hérlendis og grunnskólum í Noregi en næsta skref er að hagnýta þau í grunnskólum borgarinnar til að fyrirbyggja frekari vanda síðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lengra og betra djamm

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Miðbærinn. Árið er 1998. Allir skemmtistaðirnir loka kl. 03.00. Austurstrætið fyllist af fólki niður í grunnskólaaldur. Stemningin er eins og á útihátíð. Öll Lækjargatan bíður eftir leigubíl. Sumir slást. Aðrir eru að leita sér að eftirpartíi. Ekki búnir að fá nóg.

Miðbærinn. Árið er 2001. Opnunartími skemmtistaða er frjáls. Sumir loka áfram kl. 3.00 en aðrir eru opnir til morguns. Ungur maður labbar út af bar í Tryggvagötunni og fer heim með fyrsta strætó laugardagsins. Hann á eftir að hugsa um það, áratug síðar, hve merkilegt það er að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi valið fyrsta ár hans í háskólanum til að gera tilraun með óheft djammfrelsi.

Miðbærinn. Árið er 2004. Skemmtistaðirnir loka á ólíkum tímum, þeir síðustu kl. 5.30. Ungi maðurinn hafði haft áhyggjur af því að það myndi einfaldlega skapast örtröð kl. 5.30 í stað kl. 03.00 áður. Það reyndist ekki vera raunin. Náttúrulegt djammúthald flestra er styttra.

Eftirpartí sem byrjar kl. 06.00 felst oftast í því að einhver borðar bátinn sinn uppi í leðursófa og sofnar.

### Örtröð vegna banns

Margir hafa gaman af því að drekka áfengi. Þegar fólk drekkur áfengi lendir það í ýmsu rugli. Það er til dæmis líklegra til verða lamið eða lemja aðra. Sumir vilja lágmarka þessa hættu með því að banna hluti: loka stöðum fyrr svo fólk sé ekki drukkið allt of lengi.

Fyrirfram er það alls ekki einhver vond tilgáta að halda að slík bönn hjálpi. En bönnin geta haft ýmis hliðaráhrif. Þegar skemmtistaðirnir lokuðu allir á sama tíma safnaðist fullt af fullu fólki saman á litlu svæði. Raðir mynduðust eftir leigubílum. Slagsmál brutust út. Lögreglan lenti í vandræðum. Enda var lögreglan á sínum tíma á móti því að færa lokunartímann aftur til 3.00.

Meira frelsi virðist hafa minnkað vandann.

### Tímabil ævinnar

Ofbeldisbrotum fækkaði með lengri opnunartíma. Það skiptir alveg máli hvort hundrað manns til eða frá eru kýldir í magann eða ekki. Reglur sem ekki skila árangri ætti ekki að endurvekja. Frekar ætti að leyfa því fáa fólki sem vill djamma til 6.00 að gera svo.

Sumum finnst kannski hneykslanlegt að einhver skuli yfirhöfuð vilja slíkt. Menn gleyma þá því að menn gera sumt tvítugir sem þeir hlæja að þrítugir, hneykslast svo á því fertugir og setja um það lög fimmtugir. Sumt er sem sagt bara partur af ákveðnu æviskeiði.

### Tvær líkamsárásir á Hróarskeldu

Hróarskelduhátíðin verður eftir rúman mánuð. Þar koma saman 130 þúsund manns og skemmta sér í fjóra daga, sumir lengur. Ekki er meðalaldurinn hærri en í miðborg Reykjavíkur um helgar. Ekki er drykkjan lítil. Og vissulega kemur upp fullt af eiturlyfjamálum. Vissulega er fullt af símum stolið. En árið 2012 var tilkynnt um tvö ofbeldisbrot á hátíðinni. Þetta eru 130 þúsund manns. Drukkin í viku.

### Grunnhyggið að ræða öruggara djamm?

Hlíðar. Árið 2014. Ég glugga í skýrslur lögreglunnar. Það segir að á árinu 2013 hafi verið tilkynnt um 278 ofbeldisbrot í miðborginni. Tölurnar hafa verið að dansa þarna um og undir þrjú hundruð undanfarin ár. Það ætti að vera kappsmál að lækka þær tölur. Ýmisleg mætti gera. Til dæmis mætti dreifa álaginu betur með því að hafa suma staði opna lengur. Síðan mætti skoða leiðir til að koma fólki hraðar heim svo það hafi minni ástæðu til að vera þreytt og pirrað. Allt þetta má gera með markaðslausnum og réttri verðlagningu frekar en boðum og bönnum.

Heimdallur vill leyfa frjálsan opnunartíma skemmtistaða.

> Meira frelsi virðist hafa minnkað vandann. Ofbeldisbrotum fækkaði með lengri opnunartíma. Það skiptir alveg máli hvort hundrað manns til eða frá eru kýldir í magann eða ekki. Reglur sem ekki skila árangri ætti ekki að endurvekja.

Kannski finnst fólki það vera vondar hugmyndir. Það er allt í lagi. Þá mega menn bregðast við þeim með tölum og rökum en ekki með athugasemdum um að það sé asnalegt og grunnhyggið hjá ungu fólki að viðra þær.

**OFBELDISBROT Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR**







Tyrkland – 12. júní í 2 vikur
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 14 nátta ferð til Tyrklands þann 12. júní Í boði er m.a. frábær sértilboð á Bitez Garden Life Hotel & Suites með öllu inniföldu á ótrúlegum kjörum. Einnig önnur sértilboð í boði. Aðeins örfá herbergi í boði – bókaðu strax!
Frá kr. 109.900 með allt innifalið
Bitez Garden Life Hotel & Suites
m.v. tvo fullorðna og tvö börn í fjölskylduherbergi á Bitez Garden Life Hotel & Suites í Bodrum með allt innifalið.
Verð 139.900 kr. m.v. tvo í herbergi á Bitez Garden Life Hotel & Suites með allt innifalið.
12. júní – Örfá sæti 26. júní – Fá sæti

Krít – 12. júní í 11 nætur
Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 11 nátta ferð til Krítar þann 12. júní. Í boði er m.a. Galini Seaview hótelið með allt innifalið.
Frá kr. 129.900 með allt innifalið
Galini Seaview
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með allt innifalið.
Kr. 149.900 á mann m.v. tvo 2 fullorðna í herbergi.
2. júní – 3 sæti 12. júní – Örfá sæti
23. júní – Örfá sæti

Costa del Sol – 16. júní í 10 nætur
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á Aguamarina íbúðarhótelinu 16. Júní í 10 nætur. Önnur gisting í boði á ótrúlegum kjörum.
Frá kr. 89.900
Aguamarina
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 119.900.
3. júní – Örfá sæti 12. júní – Fá sæti
23. júní – Fá sæti

Mallorca – 19. júní í 11 nætur
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á Ola Tomir íbúðarhótelinu 19. júní í 11 nætur. Önnur gisting í boði á ótrúlegum kjörum.
Frá kr. 83.900
Ola Tomir
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í studio kr. 99.900.
5. júní – Örfá sæti 19. júní – Fá sæti

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Heimsferðir

# Orkuveitan og undanþágur

UMHVERFISVERND



Jón Örvar G. Jónsson
umhverfisfræðingur

Brennisteinsvetni, $H_2S$, er litlaus eitruð lofttegund, oft tengd við hveralykt og jarðhita. Þessi lofttegund hefur verið að plaga okkur nágranna Hengilssvæðisins í auknum mæli undanfarin ár. Í stórum skömmtum er hún banvæn og getur drepið á stuttum tíma. Við þolum litla skammta af brennisteinsvetni en hversu lítið og hversu lengi er ekki vitað með vissu.

Uppsprettur þessarar lofttegundar eru jarðvarmavirkjanir Orkuveitunnar á Hengilssvæðinu. Í fyrra blésu þessar tvær virkjanir út 30 þúsund tonnum af brennisteinsvetni og frá 2003 samtals 198 þúsund tonnum. Hluti af þessu brennisteinsvetni fer yfir Lækjarbotna þar sem börnin mín ganga í skóla. Þetta sama brennisteinsvetni fer yfir höfuðborgarsvæðið þar sem önnur börn ganga í skóla.

Styrkur brennisteinsvetnis hefur aukist eftir að Hellisheiðarvirkjun hóf starfsemi sína haustið 2006. Hluti af brennisteinsvetninu breytist yfir í brennisteinsdíoxíð og brennisteinssýru, sem sumir þekkja ef til vill sem súrt regn og hefur oft verið tengt við kolaorkuver. Brennisteinssýra tærir málma og eyðir lífi. Á áttunda áratugnum urðu til að mynda skógar á Norðurlöndunum fyrir barðinu á súru regni sem barst frá Bretlandseyjum þegar Bretar notuðu meira af kolum en þeir gera nú.

### Veldur okkur skaða

Þessi lofttegund, brennisteinsvetni, er að valda okkur skaða; fjárhagslegum og heilsufarslegum. Af hennar völdum ryðgar bárujárn hraðar, það fellur á silfur, ýmiss konar raftæki bila, möstur endast skemur og fleira. Það kostar okkur að endurnýja hluti hraðar. Það eru vísbendingar um að brennisteinsvetnið geti í litlum skömmtum haft áhrif á astma og á taugakerfi manna. Þörf er á fleiri rannsóknum. Á meðan er gerð tilraun á heilsu okkar.

Orkuveita Reykjavíkur vill fá undanþágu frá því að uppfylla hertari mörk um útblástur brennisteinsvetnis. Þeir eru í vandræðum með brennisteinsvetnið. Þegar Hellisheiðarvirkjun var byggð var engin krafa gerð í starfsleyfinu um að hreinsa brennisteinsvetnið, ekki stafur um hreinsibúnað. Þetta átti líklegast að reddast, rigna niður eða fjúka burt.

Nú eru átta ár liðin og enn streymir brennisteinsvetnið óhindrað yfir nágranna Hengilssvæðisins. Orkuveitan vill fá meiri tíma, meiri tíma til að þróa áfram nýja lausn sem á að leysa stærsta umhverfisvandamál þeirra, brennisteinsvetnið. SulFix heitir verkefnið og í því felst að brennisteinsvetninu er dælt aftur niður í jarðlögin. Þessi lausn er ódýrari en staðlaður hreinsibúnaður sem felst jafnan í efnafræðilegri útfellingu á brennisteinsvetni.

Orkuveitan hefur beðið umhverfisráðherra að veita sér frest. Fá undanþágu frá reglugerð. Bara fimm ár í viðbót og þá verður þetta búið…?

Hversu lengi eigum við að bíða eftir því að Orkuveitan hreinsi andrúmsloftið okkar? Hvað ef SulFix er ekkert fix? Hvað kostar hvert tonn af brennisteinsvetni okkur?

**➜ Þessi lofttegund, brennisteinsvetni, er að valda okkur skaða; fjárhagslegum og heilsufarslegum. Af hennar völdum ryðgar bárujárn hraðar, það fellur á silfur, ýmiss konar raftæki bila, möstur endast skemur og fleira. Það kostar okkur að endurnýja hluti hraðar. Það eru vísbendingar um að brennisteinsvetnið geti í litlum skömmtum haft áhrif á astma og á taugakerfi manna.**

# Er Ísland land fyrir alla?

SAMFÉLAG



Guðbjörg Ludvigsdóttir
endurhæfingarlæknir á Grensási

Á hverju ári koma fréttir af ungu fólki á öllum aldri sem hefur lent í slysum eða orðið alvarlega veikt. Einstaklingar sem sitja uppi með varanlega fötlun. Þessar fréttir taka á og fólk hefur mikla samúð með viðkomandi. Þrátt fyrir að við viljum styðja við bakið á þessu fólki þá er þjóðfélagið okkar langt frá því að vera tilbúið að taka á móti þeim. Aðgengismál t.d. eru til háborinnar skammar og hógværð hjólastólanotenda er stórmerkileg.

Í nýlegri frétt í Fréttablaðinu stóð orðrétt „bensínstöðvar eru nauðsynlegar fötluðum“? og að fatlaðir einstaklingar þurfa að plana hvert þeir fara með tilliti til þess hvar salerni eru aðgengileg.

Hvað þýða svona fullyrðingar? Jú, að það er ekki sjálfgefið að einstaklingur í hjólastól eigi að komast út um allt. Við státum okkur af því að vera umburðarlynd og viljum vera góð við allt og alla og auðvitað eru allir velkomnir eða hvað?

Hvað með fatlaða? Eigum við að auglýsa erlendis: „Ísland tekur vel á móti öllum óháð þjóðerni, trú og kynferði svo lengi sem hreyfifærnin er í lagi. Hjólastólanotendur eru vinsamlegast beðnir um að fara annað.“

Er ekki betra að segja þetta hreint út í staðinn fyrir að fólk komist að þessu þegar það kemur til landsins. Það er til skammar hvað opinberar stofnanir hafa komist upp með. Sjúkratryggingar Íslands til að mynda eru sums staðar í lyftulausu húsnæði og komast upp með það.

Mikið er búið að ræða um aðgengi að verslunarhúsnæði, kaffihúsum o.fl. í miðbæ Reykjavíkur, en ekkert gerist. Við höldum bara áfram að líta í hina áttina.

### Fjarlægjum farartálma

Er ásættanlegt að einstaklingar sem hafa lent í miklum hremmingum missi rétt sinn til að vera fullgildir meðlimir í okkar þjóðfélagi? Lítið í eigin barm og veltið fyrir ykkur hvernig líf ykkar yrði ef þið væruð tilneydd til að sitja niðri og gætuð engan veginn staðið upp þó að það væri það sem þið óskuðuð ykkur heitast. Sýnum þeim sem hafa lent í miklum hremmingum að okkur sé í alvöru ekki sama og að við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að þeim líði sem best.

Ímyndið ykkur hvernig ykkur liði ef þið væruð í hjólastól og þið gætuð ekki gert hluti einfaldlega vegna þess að það eru nokkrar tröppur, þröskuldar eða eitthvað dót fyrir. Hvernig myndi ykkur líða? Í mínum augum eru öll þau sem búa við hvers konar færnisskerðingu hetjur og það á að koma fram við þau sem slíkar. Allt sem þau þurfa að gera og langar til að gera er miklu flóknara og erfiðara en hjá ófötluðum.

Þau eiga alla mína aðdáun og það á að koma fram við þau með virðingu og lotningu sem þau svo sannarlega eiga skilið. Tökum á móti þeim með opnum örmum, fjarlægjum farartálma og reynum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að létta þeim lífið. Eitt af því er að hleypa þeim inn til okkar. Þið sem getið tekið á móti öllum verið stolt af sjálfum ykkur, þið hin getið skammast ykkur. Þið eigið þátt í að gera líf þessara einstaklinga óbærilegt. Þið eruð vond við fólkið sem þið finnið til með. Munið að enginn ætlar sér að verða veikur eða lenda í slysi og þið getið verið næst. Enginn veit sína ævi fyrr en öll er. Gerum íslenskt samfélag samfélag fyrir alla og þá meina ég alla.

**➜ Er ásættanlegt að einstaklingar sem hafa lent í miklum hremmingum missi rétt sinn til að vera fullgildir meðlimir í okkar þjóðfélagi? Lítið í eigin barm og veltið fyrir ykkur hvernig líf ykkar yrði ef þið væruð tilneydd til að sitja niðri og gætuð engan veginn staðið upp...**





*Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í stæði.* Mazda2 er áreiðanlegur, öruggur, vel búinn og frábær í endursölu. Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Varasöm tímamót

UTANRÍKISMÁL



Einar Benediktsson
fv. sendiherra

Forseti Eistlands, Toomas Hendrik Ilves, lét svo ummælt: „Allt sem skeð hefur síðan 1989 hefur mátt sjá fyrir á þeirri grunnforsendu að landamærum Evrópu verður ekki breytt með valdi, sem nú hefur verið fleygt út.“

Sú skoðun hefur verið útbreidd að með því að ógn myndi aldrei að stafa af Rússlandi væri varnarhlutverk NATO úr sögunni. Í ljós kom hið gagnstæða þegar Pútín hóf aðgerðir í Úkraínu. En samheldni og virðing Atlantshafsbandalagsins hafði laskast með stríðsaðgerðunum í Afganistan, Írak og Líbíu, sem voru feikilega kostnaðarsamar í mannslífum og fjárútlátum en án tilætlaðs árangurs. Var það tilgangur varnarbandalags að gerast alheimslögregla gegn hryðjuverkum?

Aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins fjölgaði úr 16 í 28 við að taka við fyrrverandi félagsríkjum Rússa. Stækkunarferlið, segir Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, að sé ný útgáfa af innilokunarstefnunni gömlu. Það er skiljanlegt að Rússar taki það óstinnt upp að veldi þeirra hefur skroppið saman við að leppríkin orðin lýðfrjáls tóku sínar ákvarðanir í alþjóðlegu samstarfi.

En hvað kemur Rússum það eiginlega við? Það minnir þann sem þetta skrifar á fyrri tíð þegar hann var sendiherra gagnvart Póllandi og afhenti Lech Walesa, forseta og þjóðhetju, trúnaðarbréf sitt. Það var 1991 og voru Pólverjar ekki búnir að rjúfa svo tengsl sín við Rússa að þeir gætu gerst aðilar að NATO og ESB, svo sem síðar varð. Þetta afar eftirminnilega samtal snerist um lítið annað en vestræna samvinnu. Walesa tók fram með miklum þunga að Pólverjar einir réðu því að ganga sem fyrst í NATO og þá ESB. Í orðum hans lá að þeir þyldu enga afskiptasemi Rússa af sínum málum. Það stóð að sjálfsögðu ekki á því að heita Pólverjum fulltingi okkar.

**Slakað á boganum**

Nú þurfa NATO-ríkin sem fyrr að standa þétt saman. Við hljótum að leggja áherslu á öryggi Íslands en þar hefur verið slakað á boganum. Taka ber til umræðu hina miklu hernaðaruppbyggingu Rússa á norðurslóðum, innan NATO og við Rússa. Öryggi Íslands hvílir ekki hvað síst á varnarsamningnum við Bandaríkin og samstarfi við þá í NATO. Á ríkisleiðtogafundi NATO í Bretlandi í september verður vonandi áréttað að eina markmið bandalagsins er að tryggja öryggi þeirrar Evrópu sem er „heil, frjáls og í friði“.

Það er markvert að vegna þróunarinnar í Úkraínu gerðu Finnar í apríl sögulegan samning við NATO um hernaðarsamvinnu og varnarmál. Verður Finnum veittur liðsauki komi til árásar og fyrirhuguð eru kaup á nýjum orrustuþotum. Svíar og Finnar lýstu því yfir í maí að varnarsamstarf þeirra yrði aukið. Aukið átak í varnarmálum af hálfu Evrópulanda verður væntanlega átakamál vegna brotthvarfs Bandaríkjanna. Íslendingar þurfa að sýna hug í verki og styðja loftrýmisgæslu NATO af fremstu getu.

Það varðar öryggi landsins að Kínverjar sækjast eftir aðstöðu hér sem sýnilegum lið í lengri tíma fyrirætlunum. Á heimaslóðum leita þeir til yfirráða yfir auðlindum í Suður-Kínahafi í andstöðu við strandríkin. Tækið í þeim yfirgangi er hið risavaxna olíuríkisfyrirtæki CNOOC, sem hefur nú komið sér upp fyrsta borpallinum, sem starfsmaður fyrirtækisins kallaði „okkar færanlega þjóðarlandsvæði“. Það er nú lengst suður af Kína við smáeyju sem Víetnam gerir tilkall til. Þessar einhliða ráðstafanir Kínverja um yfirráð á opnu hafi hafa leitt til þess að Filippseyingar hafa samið við Bandaríkin um að opna þeim aftur hina miklu Subic Bay-herstöð.

**Leikhús fáránleikans**

Minna má á að við höfum þegar valið CNOOC sem 60% samstarfsaðila á Drekasvæðinu, íslenska hlutanum við Jan Mayen. Inn í umræðuna um Kína hefur blandast misskilningur varðandi fríverslunarsamning við þetta hráefna-, orkugráðuga land sem náinn samstarfsaðila og fjárfesti. Stærð og landlega slíkra bandamanna, sem kann að vera draumsýn einhverra, er aðeins efni í leikhús fáránleikans.

Mál manna er að illmögulegt sé að átta sig á þróuninni erlendis og ekki síður stefnu Íslands, sé hún þá yfirleitt nokkur. Þar ræður miklu óvissan um stöðuna varðandi Ísland og ESB, sem meirihluti landsmanna vill tjá sig um í þjóðaratkvæði. Það mál birtist mér sem deilan um aðildina að NATO, minnisstæð okkur eldri kynslóðarfólki. Þá tók Sjálfstæðisflokkurinn þá afgerandi forystu sem leiðtogar hans gátu veitt. Svo var einnig um aðildina að EFTA og EES-samninginn, í samstarfi við Alþýðuflokkinn. Sjálfstæðisflokkur sá sem nú ber það nafn á lítið sammerkt með forveranum nema nafnið.

Forseti Íslands hefur haldið fram þýðingu hins íslausa Norðurskauts í friðsæld og án vopnaðrar viðveru undir stjórn Norðurskautráðsins. Væri vel að svo sé. En sú mikla hervæðing sem Pútín forseti boðar á skömmum tíma á heimskautssvæðum Rússlands minnir höfundinn á fyrri tíð þegar hann var fastafulltrúi í NATO í kalda stríðinu. Það sem nú er tilkynnt í Moskvu eru auk þess miklu þróaðri hergögn á láði, legi og lofti. Varnarleysi hefur ekki gagnað neinu ríki ef hættuástand brestur á en varnirnar tryggðu áður friðinn. Það var galdurinn við árangursríkt samstarf í NATO en reyndar ekki án fyrirhafnar og fjárútláta.

Þekkir þú túrmerik atvinnulífsins?



Advania og Capacent bjóða til ráðstefnu **þriðjudaginn 27. maí** í Salnum Kópavogi. Farið verður yfir hvernig nýta má IBM Cognos og SPSS í greiningarvinnu innan fyrirtækja og stofnana, úrvinnslu á gagnagnótt (Big Data), mobile lausnir sem byggja á Cognos og skyggnst verður í framtíðarsýn fyrir þessi öflugu greingartól.

Húsið opnar klukkan 8 með rjúkandi kaffi og volgum skinkuhornum.
Dagskrá hefst klukkan 8.30 og stendur til hádegis.

DAGSKRÁ

8.00 - 8.30
Skráning og léttur morgunverður

8.30 - 9.20
**Big Data and the new trends with Business Intelligence and Advanced Analytics**
Juha Teljo, Business Intelligence Solution Executive IBM Software Group

9.20 - 10.00
**Hagnýting Advanced Analytics á Íslandi**
Brynjólfur Borgar Jónsson, ráðgjafi hjá Capacent

10.00 - 10.20
Kaffihlé

10.20 - 10.50
**Skýrslur og greiningar hvar og hvenær sem er**
Trausti Guðmundsson, Cognos ráðgjafi hjá Advania

10.50 - 11.30
**Recent advances and future roadmap for Performance Management within IBM Cognos**
Torben Noer, WW Business Analytics Specialty Architects (BASA) Leader IBM Software Group

11.30 - 12.00
Umræður og ráðstefnulok

**Aðgangur er ókeypis og öllum opinn meðan húsrúm leyfir.**

**Skráning á www.advania.is eða capacent.is**

capacent

advania
Welcome to IT

# Fjör á Ormadögum

## Veðrið hefur leikið við Kópavogsbúa á barnamenningarhátíð sem þar stendur yfir.

Ormadagar, barnamenningarhátíð Kópavogs, stendur nú yfir. Ormadagar hófust síðastliðinn mánudag og taka á fimmta þúsund leik- og grunnskólabörn í Kópavogi þátt í viðburðum hátíðarinnar í vikunni. Börnin sækja ýmsa menningarviðburði í menningarhúsum Kópavogs, fara á tónleika og taka þátt í listasmiðjum og fræðslu.

Sirkus, lista- og menningarsmiðjur, tónleikar og hoppukastalar standa gestum og gangandi til boða í menningarhúsum Kópavogs og næsta nágrenni á laugardaginn. Á sunnudaginn lýkur Ormadögum með barnamenningarmessu og tónleikum í Kópavogskirkju og sundlaugarpartíi í Sundlaug Kópavogs.

Ormadagar eru nú haldnir í þriðja sinn en hátíðin hefur aldrei verið jafn umfangsmikil. „Það er gaman að sjá hversu vel skólar og leikskólar í bænum taka þátt í þessari hátíð og ánægjulegt að börnin kynnist menningarhúsum bæjarins,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogsbæjar, sem hitti börn á Ormadögum á tónleika í Salnum á þriðjudag.

Pamela De Sensi, stjórnandi Ormadaga, segir hátíðina mikilvæga fyrir barna- og fjölskyldumenningu í bænum. „Undirtektir skólanna hafa verið mjög góðar og vonandi mæta svo sem flestir á hátíðina um helgina.“

Ormadagar eru styrktir af Kópavogsbæ og haldnir í samvinnu við menningarstofnanir Kópavogsbæjar á Borgarholtinu en þær eru: Tónlistarsafnið, Bókasafnið, Salurinn, Gerðarsafn, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Tónlistarskólinn og Molinn. Eitt meginmarkmið hátíðarinnar er að börn í Kópavogi kynnist þessum stofnunum og upplifi dagskrá sem sérstaklega er miðuð við þeirra aldur. **olof@frettabladid.is**



**BÖRN AÐ LEIK** Börnin skemmta sér konunglega á Ormadögum.
MYND/ÚR EINKASAFNI

---

✝



Okkar ástkæra

**SVANHVÍT HÁVARÐSDÓTTIR**
**Múlavegi 28, Seyðisfirði,**

verður jarðsungin laugardaginn 24. maí frá Seyðisfjarðarkirkju kl. 14.00.

**Hávarður Helgason** — **Svanhvít Björgólfsdóttir**
**Ingibjörg Svavarsdóttir** — **Borgþór Jóhannsson**
**Karl Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**LÚÐVÍK JÓNSSON**
**Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,**

lést mánudaginn 19. maí á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju mánudaginn 2. júní kl. 13.00.

**Hörður Lúðvíksson** — **Þórkatla Aðalsteinsdóttir**
**Gunnar Lúðvíksson** — **Greta María Birgisdóttir**
**Erna Lúðvíksdóttir** — **Erwin Glauser**
**Helga Lúðvíksdóttir** — **Arnar H. Halldórsson**
**afabörn og langafabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, ömmu og langömmu,

**ÓLAFÍU ÞORSTEINSDÓTTUR**
**Keilufelli 20, Reykjavík.**

**Magnús Guðnason** — **Birte Nielsen**
**Þorsteinn Guðnason** — **Ósk Árnadóttir**
**Bjarni Guðnason** — **Elínbjörg Kristjánsdóttir**
**Kristín Guðnadóttir**
**Þórný Guðnadóttir** — **Lúðvík I. Helgason**
**Ágúst Guðnason** — **Drífa Geirsdóttir**
**Gísli Guðnason**
**Halla Guðnadóttir** — **Borgþór Hjörvarsson**
**Þórdís Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**JÓHANNESAR JÓHANNESSONAR**
**Sandholti 19, Ólafsvík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík, fyrir góða og kærleiksríka umönnun.

**Þuríður Kristjánsdóttir**
**Inga Jóhannesdóttir** — **Ágúst Sigurðsson**
**Bergsveinn Jóhannesson** — **Ragnheiður Gunnarsdóttir**
**Kristmann V. Jóhannesson** — **Svanborg Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HALLDÓR ÓMAR EYLAND PÁLSSON**
**Þórustíg 24, Njarðvík,**

lést mánudaginn 19. maí. Útför hans fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 27. maí kl. 14.00.

**Halldór Páll Halldórsson** — **Brynhildur Ólafsdóttir**
**Dagbjört Rós Halldórsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,

**SIGURÐUR INGI SIGMARSSON**

lést 17. maí. Útför fer fram frá Digraneskirkju 26. maí kl. 13.00.

**Fanney Stefánsdóttir**
**Guðbjörg H. Sigurðardóttir**
**Víglundur Jónsson**
**Sigmar Á. Sigurðarson** — **Dagmar H. Eysteinsdóttir**
**Ingólfur F. Sigurðsson**
**Stefán Svanur**
**Magnea Sigmarsdóttir**
**Guðlaug Sigmarsdóttir** — **Hafliði Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN INGÓLFSDÓTTIR**
**kennari,**
**hjúkrunarheimilinu Skjóli,**
**áður Melabraut 4, Seltjarnarnesi,**

lést 18. maí. Hún verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju mánudaginn 2. júní kl. 13.00.

**Hjördís Þorgeirsdóttir** — **Broddi Þorsteinsson**
**Sigrún Þorgeirsdóttir** — **Ari Páll Kristinsson**
**Stefanía Þorgeirsdóttir** — **Karl Blöndal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**INGIBJARGAR ÁRNADÓTTUR**
**hárgreiðslumeistara,**
**Hlíðarvegi 57, Kópavogi.**

**Árni Björgvinsson** — **Jenný Sigmundsdóttir**
**Ragnhildur Björgvinsdóttir** — **Steingrímur Björnsson**
**Líney Björgvinsdóttir**
**Guðný Björgvinsdóttir** — **Anton Örn Guðmundsson**
**Páll Björgvinsson** — **Áslaug Þormóðsdóttir**
**Lára Magnúsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**LÓA ÞORKELSDÓTTIR**
**frá Álftá í Mýrasýslu,**

til heimilis að Sléttuvegi 11 í Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 16. maí sl. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju mánudaginn 2. júní kl. 13.00.

**Fyrir hönd fjölskyldna okkar,**
**Björn Ólafur Hallgrímsson** — **Helga Matthildur Bjarnadóttir**
**Heiðar Þór Hallgrímsson** — **Halldóra Margrét Halldórsdóttir**

---

✝



Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

**SVERRIR BENEDIKTSSON**
**sjúkrahúsinu á Seyðisfirði,**
**áður til heimilis að Öldugötu 6,**
**Reyðarfirði,**

lést aðfaranótt mánudagsins 19. maí á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði. Útför verður þriðjudaginn 27. maí kl. 11.00 í Reyðarfjarðarkirkju. Þökkum starfsfólki á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði góða umönnun.

**Örn B. Sverrisson** — **Ingibjörg G. Marísdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁSKELL JÓNSSON**
**Þjóðbraut 1, Akranesi,**

lést sunnudaginn 18. maí. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 28. maí kl. 14.00.

**Vigdís Björnsdóttir**
**Sigrún Áskelsdóttir** — **Þórir Ólafsson**
**Jón Áskelsson** — **Kristbjörg Antoníusardóttir**
**Nanna Þóra Áskelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**BARÐA FRIÐRIKSSONAR**
**hæstaréttarlögmanns,**
**Úthlíð 12.**

**Þuríður Þorsteinsdóttir**
**Laufey Barðadóttir** — **Ævar Guðmundsson**
**Margrét Barðadóttir**
**Þorsteinn Barðason** — **Guðrún Þ. Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**DÚNDURFRÉTTIR Á AKUREYRI**
**Tónleikar Dúndurfrétta verða á Græna hattinum á Akureyri í kvöld og annað kvöld. Flutt verða lög Pink Floyd, Led Zeppelin, Uriah Heep, Deep Purple og fleiri. Hljómsveitina skipa Matthías Matthíasson, Pétur Örn Guðmundsson, Ólafur Hólm Einarsson, Ingimundur Óskarsson og Einar Þór Jóhannsson.**







**BRAGÐMIKIÐ** Frábær bbq-sósa og ljúffengt gráðaostafrauð fullkomna réttinn. MYND/GVA

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að sterkkrydduðum kjúklingavængjum með heimalagaðri bbq-sósu og gráðostafrauði. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## STERKKRYDDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR
### MEÐ HEIMALAGAÐRI BBQ-SÓSU OG GRÁÐAOSTAFRAUÐI

**BBQ-SÓSA** (FYRIR 4)
**1 dl tómatsósa**
**1 msk. tómatpúrra**
**2 msk. edik**
**2 msk. hunang eða púðursykur**
**1 tsk. engiferduft**
**1 msk. ferskur chilli-pipar, smátt saxaður**
**1-2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**
**1 tsk. broddkúmen, steytt**
**1 dl olía**

Setjið allt í skál nema olíu og pískið vel saman. Hellið þá olíunni í mjórri bunu í skálina og hrærið vel í á meðan.

**GRÁÐAOSTAFRAUÐ** (FYRIR 4)
**1 bátur gráðaostur, við stofuhita**
**40 g smjör, við stofuhita**
**2½ dl þeyttur rjómi**

Setjið gráðaost og smjör í matvinnsluvél og látið vélina ganga í 4-5 mínútur eða þar til osturinn verður mjúkur og glansandi. Færið þá ostamaukið í skál og hellið rjómanum varlega saman við.

**20-24 kjúklingavængir**
**2 msk. olía**
**1 tsk. chilli-flögur**
**1 tsk. paprikuduft**
**1 tsk. hvítlauksduft**
**1 tsk. engiferduft**
**1 tsk. broddkúmen, steytt**
**1 tsk. nýmalaður pipar**
**1½ tsk. salt**

Penslið vængina með olíu. Blandið saman öllu kryddinu og salti. Kryddið vængina á báðum hliðum. Grillið á milliheitu grilli í 20 mínútur. Snúið vængjunum reglulega. Penslið vængina með bbq-sósunni og grillið í 5 mínútur í viðbót. Berið vængina fram með gráðaostafrauðinu og t.d. sellerí, grilluðu grænmeti og kartöflum.

























**LISTAMENN** Bjarki Sólmundarson og Anne Rombach safna fyrir löggiltu eldhúsi á Karolina fund en þau þróa matvörur úr jurtum.

# BÚA Í MONGÓLA-TJALDI Í SUMAR

**GÓÐGRESI** *Bjarki Sólmundarson og Anne Rombach skipa myndlistarteymið Góðgresi. Þeirra bíður viðburðaríkt sumar en þau ætla sér að búa í mongólsku tjaldi og þvælast um Austfirði með ferðaeldhús en Góðgresi þróar matvörur úr jurtum.*

Það er ekki manni bjóðandi að leigja í dag, þess vegna fengum við hugmyndina. Þetta er líka ævintýramennska. Við erum að smíða yurt, eða mongólskt tjald, sem við ætlum að búa í í sumar. Það þarf að hafa gaman af lífinu," segir Bjarki Sólmundarson myndlistarmaður en hann skipar myndlistarteymið Góðgresi, ásamt Anne Rombach.

Tjaldið er völundarsmíð, það samanstendur af timburgrind og dúk og er grindin sett saman á sérstakan hátt svo auðvelt sé að taka tjaldið niður og flytja. Smíðin er í fullum gangi og munu Bjarki og Anne gefa út leiðbeiningabækling um smíði yurta á hátíð sem fram fer á morgun klukkan 16 við LHÍ á Laugarnesvegi 91.

Tjaldsmíðin er þó ekki það eina sem þau eru að fást við en undanfarin tvö ár hefur Góðgresi þróað matvörur úr jurtum. Síðasta sumar ferðaðist Góðgresi um landið með ferðaeldhús og matbjó úr hráefni sem tínt var á staðnum og gaf, gegn frjálsum framlögum gesta. Þau verða einnig á ferðinni í sumar og nú á að koma vörunum á markað.

„Við notum hráefni eins og til dæmis kerfil og njóla," útskýrir Bjarki. „Við bæði búum til uppskriftir og söfnum uppskriftum frá fólki og þannig opnast nýr heimur á fjölbreyttri nýtingu hráefna. Vörurnar sem við erum tilbúin með á markað eru síróp, pestó, kerfilsafi og ósykruð saft úr berjum."

Til að koma sér upp löggiltu eldhúsi hefur Góðgresi hafið fjármögnun gegnum Karolina fund og mun standa fyrir gjörningum og uppákomum í sumar, tengdum verkefninu. Hægt er að fylgjast með Góðgresi á Facebook.



**VÖLUNDARSMÍÐ** Víða um heim býr fólk í yurt allan ársins hring. Bjarki og Anne ætla til að byrja með að búa í tjaldinu í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY



**HÁTÍÐ Á MORGUN** Smíðin er í fullum gangi og verður kynnt á hátíð Góðgresis á morgun klukkan 16 við Listaháskóla Íslands á Laugarnesvegi 91.



**ÆVINTÝRAMENNSKA** Bjarki og Anne eru að leggja lokahönd á smíði yurt.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# Lífið

FÖSTUDAGUR
23. MAÍ 2014

*Ingibjörg og Katla Guðrún*
**OPNA ÖXNEY Í MIÐBÆNUM 2**

*Edda Gunnlaugsdóttir*
**OPNAR FATA-SKÁPINN FRÁ LONDON 4**

*Þóra Hlín Friðriksdóttir*
**Í JÓGABÚÐUM Í TAÍLANDI 8**

*Kristín Lea Sigríðardóttir*

# FYRSTA HLUTVERKIÐ Á HVÍTA TJALDINU

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?**
Steinunn Þórðardóttir.

**Aldur?**
32 ára.

**Starf?**
Starfa sjálfstætt við kvikmyndagerð, förðun, hár og sem gervahönnuður. Er líka jógakennari í Mjölni MMA.

**Maki?**
Hann er einhvers staðar að græja hvíta hestinn sinn.

**Stjörnumerki?**
Naut.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Chia-graut með heimagerðri möndlumjólk, eplum, kanil, ristuðum kókosflögum og kakónibbum. Cappuccino með sömu góðu möndlumjólkinni.

**Uppáhaldsstaður?**
Vestfirðir. Get samt ómögulega gert upp á milli staða þar! En það er einhver óútskýrð og mögnuð orka í gangi þarna.

**Hreyfing?**
Jóga er í fyrsta sæti. Víkingaþrekið í Mjölni ómissandi partur af vikunni.

**Uppáhaldsfatahönnuður?**
Vivienne Westwood. Annars þurfum við hérna á klakanum ekki að leita langt til að kaupa gott og flott hugvit. Jör, Aftur, Jet Korine, Helicopter og Eygló.

**Uppáhaldsbíómynd?**
Skipti reglulega um uppáhaldsmyndir. Þessa dagana er það Málmhaus, flott mynd sem ég er gríðarlega stolt af.

## HVERJIR HVAR?

Í hvernig borg viljum við búa? nefndist viðburður Samfylkingarinnar á Lofti Hosteli sem fór fram síðasta þriðjudagskvöld en stúlkurnar í Reykjavíkurdætrum stigu á svið. Stemningin var góð á barnum og þar mátti meðal annars sjá vinkonurnar, listamennina og ofurfyrirsæturnar **Kolfinnu Kristófersdóttur** og **Matthildi Lind Matthíasdóttur**. Einnig lét Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, sig ekki vanta á viðburðinn.





# TÍSKA ÖXNEY Í MIÐBORGINA

***Þær Ingibjörg Þorvaldsdóttir og Katla Guðrún Jónasdóttir hafa stofnað fatamerki og búð undir nafninu Öxney. Báðar eru þær reynsluboltar í tískubransanum og lögðu mikið á sig við að fá draumahúsnæðið í miðbænum.***

Það er mjög gott að sjá loksins fyrir endann á þessu en þetta hefur verið mikil vinna og þá sérstaklega við að koma húsinu í stand,“ segir Ingibjörg Þorvaldsdóttir, sem opnaði búðina Öxney ásamt Kötlu Guðrúnu Jónasdóttur í gær.

Öxney er bæði búð og fatamerki sem stöllurnar hafa verið með í burðarliðnum síðan seinasta haust en hún er til húsa á Klapparstíg 40, í húsnæði sem áður hýsti verslunina Antíkmuni í mörg ár. Ingibjörg og Katla hafa verið vinkonur lengi og kynntust er þær unnu báðar í versluninni Sautján. Búðin heitir eftir næststærstu eyju Breiðafjarðar, sem er einmitt í eigu fjölskyldu Kötlu.

Ingibjörg er ekki ókunnug verslunarrekstri hér á landi og hefur rekið búðirnar Oasis og Þrjá Smára í Kringlunni og Smáralind en í þetta sinn langaði þær báðar að komast í miðbæinn. „Það er mikil gróska í miðbænum og var sko þrautin þyngri að finna hentugt húsnæði. Það var setið um hvert einasta pláss sem við höfðum augastað á þannig að það er greinilegt að það er mikil gróska í miðbænum. Þetta var draumahúsnæðið okkar en þegar við byrjuðum að leita var það ekki laust. Við létum samt eiganda antíkbúðarinnar fá númerin okkar ef ske kynni að hann hugsaði sér til hreyfings. Hann hringdi svo í febrúar og þá var ekkert annað í stöðunni en að kýla á þetta,“ segir Ingibjörg.

Í versluninni verður þeirra eigið merki, Öxney, í lykilhlutverki. Merkið einblínir á klassíska kjóla sem henta við öll tækifæri. „Merkið er innlend framleiðsla og okkar hönnun. Einnig verðum við með merki eins og Ted Baker, Bolangaro Trevor, skart frá Koggu, Vera design og Skallagrim design, svo eitthvað sé nefnt.“



Ingibjörg og Katla Guðrún, eigendur búðarinnar Öxneyjar sem er nýjasta viðbótin í búðaflóru miðbæjarins. Búðin skartar meðal annars 100 ára gömlu afgreiðsluborði.

***Verslunin heitir eftir næststærstu eyju Breiðafjarðar, Öxney en hún er einmitt í eigu fjölskyldu Kötlu Guðrúnar. Einnig fæst fatamerki undir sama nafni í búðinni .***







# BÆKUR LATIBÆR ER FYRIRMYNDIN

***Hanna Kristín Skaftadóttir stefnir hátt með barnabækur sínar um MiMi.***

„Við stefnum hátt með þessar bækur. Ég er viðskiptafræðingur að mennt og hætti í vinnunni minni til að einbeita mér alfarið að þessu verkefni. Latibær byrjaði á sviði í náttfötunum og þau hafa aldeilis náð langt,“ segir Hanna Kristín Skaftadóttir.

Hún gefur út bækurnar fyrir börn með tal-og málþroskaraskanir undir heitinu MiMi Creations. Verkefnið er sannkallað fjölskylduverk þar sem Hjalti, maðurinn hennar, sér um að myndskreyta og söguhetjan, MiMi, er skírður í höfuðið á syni þeirra, Mikael, sem glímir við málhömlun.

Tákn með tali byggist á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli. Hanna segir bækurnar gagnast öllum börnum en helst þeim sem glími við málhömlun og að auki tvítyngdum börnum og börnum með Downs-heilkenni.

„Þetta er aðferðafræði sem flýtir fyrir og aðstoðar við máltöku barna. Bækurnar eru þýddar á fjögur tungumál og eru hinar einu sinnar tegundar í heiminum,“ segir Hanna Kristín, sem stendur fyrir útgáfufögnuði í húsakynnum Forlagsins við Fiskislóð næstkomandi miðvikudag milli 16 og 18.



Upphaflega réðst Hanna Kristín Skaftadóttir í að gera bækurnar vegna þess að sonur hennar, Mikael, glímir við málhömlun. Þau hafa gaman af því að lesa saman.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Stefán Karls**



Kremið sem umbreytir áferð húðarinnar frá fyrstu snertingu.
Nýjung
Miracle Cream
GARNIER
SKIN NATURALS
The Miracle Cream
ANTI-AGE
SKIN TRANSFORMER
VER HÚÐINA GEGN ÖLDRUN OG AÐLAGAST HÚÐLIT ÞÍNUM FULLKOMLEGA
UMBREYTING Á AUGABRAGÐI
Einstök innihaldsefni í kreminu eru rík af örsmáum litarögnum, sem sjálfkrafa aðlaga sig að húð þinni.
• slétta • jafna • gefa húðinni óaðfinnanlegan ljóma.
Formúlan gegn öldrun inniheldur 7 virk innihaldssefni.
• stinnir húðina • dregur úr hrukkum og fínum línum
• undirbýr húðina.
Prófað á yfir 1500 konum með mismunandi húðgerð og húðlit.
/garniericeland
Take care.
GARNIER



# FATASKÁPURINN EDDA GUNNLAUGSDÓTTIR

„Ég legg áherslu á góð efni í fatavali mínu. Á daginn er ég í þröngum gallabuxum, flottri skyrtu og ökklastígvélum og fer svo í kápu eða leðurjakka yfir. Ég er oftast í flatbotna skóm, sérstaklega þar sem ég geng mikið í London,“ segir Edda Gunnlaugsdóttir, 23 ára nemi við London College of Fashion. Edda er í námi í textíl- og fatahönnun og hefur að eigin sögn gríðarlegan áhuga á öllu sem viðkemur tísku og listum. Edda segir að samfestingar og háir hælar verði gjarnan fyrir valinu þegar hún klæðir sig upp en Converse-skórnir hennar eru í miklu uppáhaldi og ætlar hún aldrei að skilja við þá. „Ég er mikið fyrir fylgihluti og skart, þá oftast fallega hringa og klúta. Ég á mjög smekklega móður og þrjár eldri systur og deilum við gjarnan flíkum.“ Lífið fékk að kíkja í fataskápinn hjá Eddu.



1 **Leðurjakkinn:** Þennan All Saints-leðurjakka keypti ég fyrir mörgum árum og ég hef aldrei fengið leiða á honum. „Teppið“ á bakinu gerir mikið fyrir hann.



2 **Veskið:** Ég fékk þetta Furla-veski í gjöf frá bestu vinkonum mínum og mér þykir ótrúlega vænt um það.



3 **Toppurinn:** Þessi toppur er frá Marni en ég fann hann í outlet-i í Orlando. Mér finnst litirnir í honum skemmtilegir og svo er efnið mjúkt og frekar loðið.



4 **Skórnir:** Þessir fallegu skór eru frá 3.1 Phillip Lim og þá keypti ég í Boston.



5 **Buxur:** Þessar fallegu blúndubuxur eru frá Maje. Ég er mjög spennt fyrir að nota þær í sumar.

**Færri kíló - Minna ummál með spínat extrakt** Nýtt á Íslandi

**Aptiless:** Mest selda þyngdarstjórnunarefnið í Noregi og Svíþjóð. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati. 100% náttúrulegt. ***Thylakoids**: Dregur úr hungri - Eykur mettun - Minnkar sykurlöngun - Jafnar blóðsykur Lækkar blóðfitu, kólesterol og blóðþrýsting - Minnkar ummál Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarmaflóru.*

**Vísindaleg sönnun á virkni**

*Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum. **Nýtt í heiminum - nýtt á Íslandi***






Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, Prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð



Umboð: www.vitex.is

**Ein merkasta nýja uppgötvunin sem gerð hefur verið í heiminum dag**

**Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir flest apótek og heilsubúðir.**

# HÁR GLANSANDI HÁR OG LÁG TÖGL

***Sumarhárgreiðslur þetta árið eru einfaldar og á færi flestra að prufa sig áfram með teygju og bursta að vopni.***



Snúður á hnakkanum er mjög móðins í sumar eins og sjá má á tískupöllum merkisins Ports 1961. Auðveld og stílhrein hárgreiðsla.



Glansandi og olíuborið hár sem er sett frjálslega á bak við eyrað mátti sjá á ýmsum tískupöllum fyrir sumarið. Söngkonan Lykke Li hefur oft skartað þessari hárgreiðslu á árinu.



Takið hárið saman í tagl í hnakkagrófinni en ekki uppi á hvirflinum. Hér má sjá hálfan snúð með skartgrip fyrir fínni tækifæri.



Sumarlegt hár hjá Antonio Berardi. Litlar fléttur geta sett skemmtilegan svip á sítt hár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

*Njóttu þess besta frá sólinni með Clarins*

Sólarvörn Clarins sameinar öfluga vernd og aukna fegurð húðarinnar. Þökk sé einstöku þróunarstarfi Clarins að nú eru fáanlegar vörur sem bæði veita yfirborði húðarinnar alhliða vernd gegn skaðsemi geisla sólarinnar með UVA- og UVB-síum auk völdum efnum úr jurtaþykkni sem vernda, styrkja og næra húðfrumurnar auk þess að veita þeim öfluga rakagjöf. Nýju vörurnar hindra ótímabær ummerki öldrunar á húðinni um leið og tekst að laða fram þennan eftirsótta og fallega lit sem sólin getur gefið okkur.
Það má því segja að sólvarnarvörurnar frá Clarins séu sannkallaðir „lífverðir“ fegurðarinnar.
Njóttu sólarinnar, vel varin og móttækileg fyrir aukinni fegurð, með sólvarnarvörunum frá Clarins.
Clarins er í 1. sæti þegar kemur að lúxushúðsnyrtivörum á Evrópumarkaði.*

*Heimild: NPD Beauty Trends. Byggt á niðurstöðum heildarúttektar á mest seldu lúxushúðsnyrtivörum í verslunum fjögurra landa í Evrópu; Frakklands, Ítalíu, Spánar og Bretlands.






CLARINS

**Clarins dagar hjá Snyrtistofunni Hrund**
föstudaginn 23. maí & laugardaginn 24. maí.

**20% afsláttur af Clarins vörum og andlitsböðum.
Glæsilegur kaupauki fylgir þegar verslaðar eru tvær vörur í Clarins.**



**20%**
**AFSLÁTTUR**

hrund
SNYRTISTOFA

Grænatún 1 • 200 Kópavogur • Sími 554 4025 • www.hrund.is

# KRISTÍN LEA SIGRÍÐARDÓTTIR
## VAR EKKI BARA UPP Á PUNT Í MYNDINNI

***Kristín Lea Sigríðardóttir er 26 ára Suðurnesjamær en hún fer með eitt af aukahlutverkunum í íslensku kvikmyndinni Vonarstræti sem frumsýnd var á dögunum. Vonarstræti er fyrsta kvikmynd Kristínar sem útskrifaðist úr Kvikmyndaskólanum fyrir þremur árum. Þar kynntist hún kærasta sínum, Vigfúsi Þormari Gunnarssyni, og á parið von á sínu öðru barni á allra næstu dögum.***

*Kristjana Arnarsdóttir*
kristjana@frettabladid.is

Kristín Lea Sigríðardóttir þreytti frumraun sína á hvíta tjaldinu í kvikmynd Baldvins Z, Vonarstræti, sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda.

Kristín Lea útskrifaðist úr Kvikmyndaskólanum árið 2011 en leiðir hennar og leikstjóra Vonarstrætis lágu saman í lokaverkefni hennar frá skólanum þegar hún plataði Baldvin til þess að leikstýra útskriftarmyndinni Takk fyrir mig. „Ég vissi í raun og veru ekki af tilvist Kvikmyndaskólans fyrr en ég var komin langt í framhaldsskóla en einhvern veginn stefndi ég samt alltaf í þessa átt. Áhugi minn liggur í kvikmyndagerð, ekki aðeins í leiklistinni,“ segir Kristín Lea, spurð út í áhugann á listinni.

Talið berst að Vonarstræti en þar fer Kristín með hlutverk Agnesar, eiginkonu Sölva, fyrrverandi atvinnumanns í knattspyrnu og vonarstjörnu í bankalífinu, sem leikinn er af Þorvaldi Davíð Kristjánssyni. Einvalalið leikara kemur að myndinni og ber hún hópnum vel söguna. „Ég var alls ekki að setja mig á háan hest í þessum leikarahópi. Þetta er fyrsta kvikmyndin mín og það var ótrúlega gaman að geta fylgst með þessum leikurum og lært af þeim, ég lærði mjög mikið. Ég var í raun og veru bara á skólabekk í gegnum allt ferlið. Ég trúi því líka að maður sé alltaf að læra, maður er bara ekki orðinn leikari og svo búið. Það er aldrei þannig.“

### *Andlitið á átta metra skjá*

Kristín Lea segist alltaf hafa verið heldur gagnrýnin á sjálfa sig. Henni þótti skrítið að sjá sjálfa sig á hvíta tjaldinu og segist hafa átt erfitt með að horfa á myndina á köflum.

„Það var mjög skrítið að sjá andlitið mitt á átta metra skjá fyrir framan mig og ég var algjörlega stjörf á forsýningunni. Ég naut mín ekki nógu vel á fyrstu sýningunni og fór því aftur á myndina nokkrum dögum síðar. Þá fyrst gat ég horft á hana án þess að gagnrýna sjálfa mig. Ég reyndi oft að minna mig á að þetta hlyti bara að vera gott úr því að leikstjórinn var ánægður. Ég ætti því frekar að hlusta á hann en mína innri gagnrýni, enda gekk þetta líka allt svo fallega upp hjá honum.“

### *Reynir að sjá aldrei eftir neinu*

Kristín Lea er Keflvíkingur og ólst upp á Suðurnesjunum. Hún flutti norður eftir grunnskóla og hóf nám við Framhaldsskólann á Laugum. Á menntaskólaárunum var Kristín kosin Ungfrú Norðurland og tók hún í kjölfarið þátt í Ungfrú Ísland. Hún segir þann tíma í lífi sínu hafa verið lærdómsríkan. „Ég hef alltaf tileinkað mér að sjá ekki eftir neinu, ég reyni frekar að læra af hlutunum. Þetta er þó ekki eitthvað sem ég myndi endilega endurtaka í dag. Mér finnst gott að líta á hlutina sem tækifæri og þarna opnaðist fullt af dyrum, sem er ótrúlega gaman.“

Í þessu samhengi bendir Kristín á að oft og tíðum sé valið í hlutverk eftir ákveðnum staðalímyndum. Hlutverk Agnesar í Vonarstræti hefði til að mynda vel getað verið öðruvísi. „Það er mikið um „type-casting“ í leiklist en þá er að miklu leyti ráðið í hlutverk eftir útliti. Ég er mjög þakklát fyrir þau hlutverk sem ekki eru þannig. Í byrjun myndarinnar er Agnes hálfpersónuleikalaus en þegar líður á fær hún að sýna þessi sterku karaktereinkenni sem




MASTERLINE
Professional Beauty
ÉG MÓTA
BODY
FIRMING
Ég viðheld teygjanleika húðarinnar. Byrjaðu bara á að bera mig reglulega á líkamann og þú helst flott og fitt. Frábært krem með góðum innihaldsefnum eins og Elastín, Kollagen og Pomegranate.


www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup

# SUMAR &BÖRN

**Kynningarblað** Skólabúðir í sveit, útileikir, yndislestur, afþreying og matur.






- Barnafataverslun með gæðafatnað
- Lífrænn bómull ásamt taubleium og aukahlutum
- Gæði og þægindi í fyrirrúmi
- Æðislegt barnahorn fyrir börnin að leika sér meðan foreldrar versla

Spékoppar

Opnunartímar:
Mánudag til fim. 11-18
Föstudaga 11-17
Laugadaga 11-14







Merkin sem ég er með:
Katvig • Frugi • Småfolk • Project pomona • Tots bots • Melton

Spékoppar • Nóatún 17, 105 Reykjavik • S. 571-9905 • www.spekoppar.is ( ALLTAF OPIÐ )

Býð upp á netgíro á vefverslun og í búð Netgíró

# Gaman að sjá lömbin fæðast

Krakkarnir í 4. bekk í Naustaskóla á Akureyri fengu að kynnast sveitalífinu þegar þau skelltu sér í sauðburð í Bárðardal. Hópurinn gisti á Kiðagili í tvær nætur og heimsótti bæina í sveitinni. Kolfinna Ýr Birgisdóttir er meira en til í að fara aftur í skólabúðir í sveit.

Kolfinna Ýr Birgisdóttir er í 4. bekk í Naustaskóla á Akureyri. Hún æfir listhlaup á skautum og í sumar fer hún í æfingabúðir til Tékklands.

Dagana 5. til 7. maí fór hún með bekknum sínum í skemmtilega ferð í Bárðardal í Þingeyjarsveit.

„Við fórum í skólabúðir í Kiðagili, þrjátíu krakkar saman. Við vorum í þrjá daga og gistum í tvær nætur,“ útskýrir Kolfinna Ýr.

Hún segir ferðina hafa verið mjög skemmtilega og mikið fjör. Hópurinn heimsótti meðal annars bóndabæi, lærði að smíða og hélt Eurovision-partí. Það hafi alltaf verið nóg að gera.

„Við vöknuðum og fengum okkur morgunmat og svo kíktum við í sveitina. Á kvöldin var alltaf einhvers konar kvöldskemmtun. Við skoðuðum kindur og hesta og hunda í sveitinni og fengum að sjá lömbin fæðast. Við smíðuðum líka smjörhníf og máluðum á boli sem við fengum að eiga,“ segir Kolfinna.

„Það skemmtilegasta í ferðinni var að sjá lömbin fæðast og Eurovision-partíið,“ bætir hún við og segist meira en til í að fara aftur í skólabúðir í sveit.



Krakkarnir í 4. bekk í Naustaskóla skelltu sér í sauðburð í Bárðardal. Kolfinna Ýr Birgisdóttir (t.h.) með vinkonu sinni.



Hópurinn fékk að fara á hestbak. Enn þá var talsverður snjór í Bárðardal en ferðin var farin dagana 5.-7. maí.



Stanslaus dagskrá var fyrir krakkana í ferðinni, kvöldvökur, föndur og fjör.



„Skemmtilegast var að sjá lömbin fæðast.“

MYNDIR/KRISTÍN ÞÖLL ÞÓRSDÓTTIR

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, 512-5447 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




Ótakmarkað fyrir alla fjölskylduna með RED Family
Með RED Family fá allir í fjölskyldunni ótakmörkuð símtöl og SMS óháð kerfi í alla farsíma og heimasíma á Íslandi. Allir samnýta gagnamagnið og fjölskyldan fær einn símreikning.
Skiptu yfir í Vodafone RED á vodafone.is
Vodafone
Góð samskipti bæta lífið
Dæmi:
RED M
Family
2,5 GB
SAMEIGINLEGT GAGNAMAGN
ÓTAKMÖRKUÐ SÍMTÖL
ÓTAKMÖRKUÐ SMS

# Leikir þurfa ekki að vera flóknir

Það þarf ekki mikið hugmyndarflug til að skipuleggja útileiki með börnum og unglingum þegar farið er í útilegu. Ótal leikir eru í boði og skiptir engu hvort barnahópurinn er lítill eða stór. Á vef Bandalags íslenskra skáta má finna lista yfir marga skemmtilega og einfalda leiki.

Þegar ferðast er með börn og unglinga í útilegum getur verið gott að grípa til ýmissa útileikja til að hreyfa kroppinn, drepa tímann eða bara til að hrista fólk saman. Endalausir möguleikar eru í boði og hugmyndaflugið nánast eina fyrirstaðan þegar kemur að útileikjum. Það er engin hindrun þótt börn og unglingar séu á ólíkum aldri og auðvitað geta foreldrar, afar og ömmur líka tekið þátt.

Skátar hafa löngum verið leikjaglaðir og inni á vef Bandalags íslenskra skáta má finna lista yfir fjölda leikja og verkefna sem hægt er að grípa til í útilegum. Nanna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá bandalaginu, segir mestu máli skipta að vera ekki að flækja hlutina að óþörfu. „Yfirleitt er hægt að setja upp leiki hvar og hvenær sem er, jafnt með fámennum hópi eða fjölmennum. Það hjálpar til að skipuleggja sig fyrir brottför ef nota þarf einhver tæki og tól en það er ekki nauðsynlegt.“

Sem dæmi um einfalda leiki sem henta minni hópum nefnir hún klassíska leiki eins og köttur og mús, stórfiskaleik og að hlaupa í skarðið. „Köttur og mús var í miklu uppáhaldi hjá mér þegar ég var yngri. Þá mynda þátttakendur hring og haldast í hendur. Einn er músin og annar er kötturinn þar sem annar byrjar inni í hringnum en hinn stendur fyrir utan. Leikurinn gengur út á að kötturinn reynir að ná músinni en þeir sem mynda hringinn geta lyft höndum upp og niður til að hleypa kettinum og músinni inn og út.“

Stórfiskaleikur byggist á svæði með tveimur endalínum. Á annarri endalínunni reynir hópurinn að hlaupa yfir en einn er í miðjunni sem hefur það hlutverk að klukka sem flesta. Þeir sem eru klukkaðir bætast í hópinn og reyna að klukka fleiri.

Að hlaupa í skarðið er einfaldur leikur þar sem hópurinn myndar hring með því að haldast í hendur. „Einn þátttakandi byrjar fyrir utan hringinn. Hann hleypur og slær einhvern í bakið eða rassinn og sá hinn sami hleypur í öfuga átt og síðan keppast þeir við að fylla í skarðið. Sá sem tapar hleypur af stað og slær í næsta og svo koll af kolli.“



### Ratleikir einfaldir

Ef um stærri hóp er að ræða er hægt að huga að öðrum leikjum. „Það er alltaf vinsælt að setja upp boðhlaup en sá leikur hentar fólki á öllum aldri. Þau eru líka þægileg því hægt er að laga þau að þátttakendum og aðstæðum hverju sinni. Hægt er að láta fólk hlaupa með egg í skeið sem haldið er á lofti með munninum. Einnig má láta liðsmenn halda á einum liðsfélaga sinna í kóngastól og þannig er raunar hægt að búa til endalausar útfærslur af þessum einfalda leik.“

Ratleikir eru líka skemmtileg lausn. „Það þarf ekki að taka langan tíma að skipuleggja ratleik með ýmsum þrautum og skemmtilegum vísbendingum. Reyndar er alls ekki skilyrði að um stóran hóp sé að ræða því hefðbundnar fjölskyldur geta einnig sett upp ratleiki. Þá má til dæmis hvetja börnin til að finna hluti í náttúrunni í einverjum ákveðnum litum. Einnig má notast við stafrófið ef um eldri börn er að ræða. Slíkir leikir geta verið hvetjandi þegar draga þarf börn og unglinga út í göngutúr.“

Margar fjölskyldur taka einnig með ýmis útileikföng í ferðalagið, til dæmis bolta, krikket, frisbídiska eða önnur leiktæki. „Svo er skynsamlegt að taka með spilastokk eða hefðbundið borðspil því veður breytist oft skjótt hér á landi. Það bjargar því oft miklu að geta gripið í spil inni í tjaldi eða ferðahýsinu.“

Lista yfir fjölda leikja með nánari lýsingum má finna inni á vef Bandalags íslenskra skáta, www.skatamal.is.



„Yfirleitt er hægt að setja upp leiki hvar og hvenær sem er, jafnt með fámennum hópi sem fjölmennum,“ segir Nanna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Bandalagi íslenskra skáta. MYND/VILHELM

# Græðir og ver viðkvæma bossa

**Bepanthen®** er alhliða græðandi smyrsli sem veitir húðinni vörn gegn utanaðkomandi áreiti.

Bepanthen er alhliða græðandi smyrsli og hentar sérstaklega vel fyrir bossa. Bepanthen hentar þó einnig vel á þurrar hendur og fætur, á kuldabarðar kinnar og við varaþurrki svo dæmi séu nefnd,“ segir Steinunn Kr. Zóphaníasdóttir, markaðsfulltrúi Bepanthen á Íslandi. Þeir sem þekkja Bepanthen tengja það gjarnan húðumhirðu ungbarna. „Smyrslið var einmitt framleitt með viðkvæma húð ungbarnsins í huga, en hún er mun útsettari fyrir þurrki, roða og ertingu en húð fullorðinna,“ segir Steinunn og bendir á að Bepanthen inniheldur efnið dexpantenol sem breytist í B5-vítamín í frumum húðarinnar og ýtir undir endurnýjun og uppbyggingu húðarinnar. Steinunn segist hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð og reynslusögur af smyrslinu. „Margir foreldrar hafa lýst ánægju sinni með jákvæð áhrif Bepanthen á húð barna á bleyjusvæðinu.“

Steinunn segir Bepanthensmyrslið græða mjög vel rauða og erta húð en einnig megi nota smyrslið til að fyrirbyggja slíkt. „Ástæðan er sú að kremið myndar varnarskjöld sem ver fyrir áreiti undir bleyjunni á borð við hægðir, þvag, raka og núning. Á sama tíma nær húðin alltaf að anda sem er mjög mikilvægt,“ útskýrir Steinunn og segir suma nota smyrslið með góðum árangri á krónísk sár, meðal annars í munnvikum og á exem. „Í nágrannalöndunum er Bepanthen töluvert notað sem meðferð eftir húðflúrun, en einnig á viðkvæmar geirvörtur eftir brjóstagjöf, svo notkunarsviðið er mjög breitt.“

Steinunn er menntuð ljósmóðir og mælir með Bepanthen fyrir litlu krílin. „Bepanthen er ilmefnalaust og inniheldur ekki rotvarnarefni, litarefni né paraben. Auðvelt er að bera smyrslið á og það hverfur fljótt inn í húðina.“ Bepanthen er þróað og framleitt af hinu virta alþjóðlega fyrirtæki Bayer HealthCare. Smyrslið fæst í apótekum.

> **Margir foreldrar hafa lýst ánægju sinni með jákvæð áhrif Bepanthen á húð barna á bleyjusvæðinu.**



Steinunn er menntuð ljósmóðir og mælir með Bepanthen fyrir litlu krílin.




Bepanthen hentar ekki aðeins vel á mjúka barnabossa heldur einnig á þurrar hendur og fætur, á kuldabarðar kinnar og við varaþurrki.


SKEMMTUN FYRIR ALLA
SMÁRA TÍVOLÍ
Í SMÁRATÍVOLÍ FINNUR ÖLL FJÖLSKYLDAN SKEMMTUN VIÐ SITT HÆFI. ÚRVAL LEIKTÆKJA OG TÍVOLÍLEIKJA Á 2 HÆÐUM.
Í BARNAGÆSLUNNI FÁ ÖLL BÖRN FRÍA ANDLITSMÁLNINGU OG GETA LEIKIÐ Í ÆVINTÝRALEGU UMHVERFI Í ALLT AÐ 2 KLUKKUSTUNDIR. GLÆSILEGIR TÍVOLÍVINNINGAR Í TÍVOLÍBORÐINU SEM ÞÚ GETUR VALIÐ EFTIR AÐ HAFA SPILAÐ LEIKINA OG SAFNAÐ ÞÉR TÍVOLÍMIÐUM.
DREKINN SMÁRI HEILSAR UPPÁ BÖRNIN Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR, FÁÐU MYND AF ÞÉR MEÐ SMÁRA OG SETTU Á FACEBOOK EÐA INSTAGRAM MEÐ MERKINU #SMARATIVOLI
Tívolímiðar
VELDU ÞÉR VINNING
ONE TICKET
ONE TICKET
34520932
pepsi
Opnunartími
Mán. - fim. frá kl. 14 til 22
Föstudaga frá kl. 14 til 23
Laugardaga kl. 12 til 23
Sunnudaga kl.13 til 22
SMÁRA TÍVOLÍ
SKEMMTUN FYRIR ALLA!
www.smarativoli.is / Sími 534 1900 / Smáralind
KLIPPA HÉR
SUMARTILBOÐ
FÆRÐ 6.000 KR.
BORGAR KR. 4000,-
GEGN FRAMVÍSUN MIÐANS, GILDIR TIL 31.08.14




# Matur fyrir börnin

Börnum þykir skemmtilegt að hjálpa til í eldhúsinu og hafa meiri matarlyst fái þau að hjálpa til. Hér eru uppskriftir sem börn geta aðstoðað við að elda eftir.

Maturinn ætti að vera fjölbreyttur og stundum ættu foreldrar að gefa sér tíma og leyfa börnunum að hjálpa til við eldamennskuna. Það þroskar þau og eflir fyrir framtíðina, fyrir utan að miklu skemmtilegra er að borða mat sem maður hefur sjálfur búið til. Um helgar ætti að vera tími til að elda saman, til dæmis í hádeginu. Hér eru nokkrar uppástungur fyrir börn á öllum aldri.

### Ostaeggjakaka

Börn hafa gaman af að brjóta egg í skál. Er ekki upplagt að útbúa eggjaköku með þeirra hjálp? Eggjaköku er einfalt að útbúa og hægt að setja uppáhaldsáleggið sitt á hana.

2 egg
2 msk. vatn
¼ tsk. salt
1 msk. smjör til steikingar

**Fylling**
2 msk. rifinn ostur
1 sneið kalkúnaálegg eða skinka
¼ smátt skorin rauð paprika

*Þeytið saman egg, vatn og salt. Setjið smjör á pönnu og þegar það byrjar að freyða er eggjahræran sett út á pönnuna. Látið blönduna þekja pönnuna. Setjið áleggið ofan á helminginn á kökunni og leggið hinn helminginn yfir þegar kakan fer að bakast. Leggið á disk og berið fram með ristuðu brauði.*

### Slöngupylsa

Venjulega borðum við pylsu í pylsubrauði en hér er önnur útfærsla. Brauðdeigið er vafið um pylsuna eins og um slöngu væri að ræða.

10 pylsur
2 dl hveiti
1 dl heilhveiti
1 tsk. lyftiduft
¼ tsk. salt
1 ½ dl mjólk
1 ½ dl rifinn ostur

Blandið öllu saman í skál. Skiptið deiginu í tíu jafnstóra parta. Mótið hvern part í um það bil 1 cm þykka pylsu. Vefjið brauðinu utan um pylsuna og leggið síðan á bökunarpappír á ofnplötu. Bakið við 220°C í um það bil 10 mínútur eða þangað til deigið tekur lit.

Ef fólk er í útilegu má hafa deigið tilbúið í plastpoka sem smávegis hveiti hefur verið sett í og síðan er deigið útbúið þegar komið er á staðinn. Hægt að setja á grill í 10 mínútur eða elda yfir opnum eldi.


Pönnukökur má borða með kjötsósu í stað þess að hafa sultu og rjóma.

### Pönnukökuturn með kjötsósu

Öll börn eru hrifin af pönnukökum. Hægt er að nota pönnukökurnar á annan hátt en með sykri eða rjóma. Pönnukökur eru ágætar með kjöti eða öðru matarkyns.

**Pönnukökudeig**
2 dl hveiti
6 dl mjólk
½ tsk. salt
3 egg
2 msk. smjör
Setjið allt í skál og hrærið vel þar til blandan er kekkjalaus.

**Kjötsósa**
300 g nautahakk
1 laukur, smátt skorinn
1 msk. olía
2 msk. tómatpúrra
1 hvítlauksrif
1 tsk. salt
¼ tsk. pipar
1 tsk. óreganó
1 dl vatn

Hitið olíu á pönnu og steikið lauk og hvítlauk. Bætið nautahakki á pönnuna og steikið en síðan er tómatpúrra sett út í. Loks er annað sem upp er talið sett saman við og sósan látin malla í að minnsta kosti 15 mínútur.


Börn hafa gaman af að brjóta egg og því er upplagt að útbúa eggjaköku með þeim.

**Hvít sósa**
4 dl mjólk
2 msk. hveiti
½ tsk. salt
¼ tsk. pipar
3 dl rifinn ostur

Setjið hveiti saman við smávegis mjólk. Hristið. Hitið mjólkina upp og hrærið hveitiblöndunni rólega saman við. Bragðbætið með salti og pipar. Þegar sósan er jöfn og fín er osturinn settur saman við og látinn bráðna. Bakið pönnukökurnar og setjið kjötsósu og hvíta sósu á milli þeirra. Rifnum osti er stráð yfir síðustu kökuna. Pönnukökuturninn er settur í 220°C heitan ofn í 10 mínútur eða þangað til osturinn er bráðinn.




### MUNUM EFTIR SÓLARVÖRN Á BÖRNIN

**Húð barna** er viðkvæm fyrir sól. Á vefsíðunni foreldrahandbokin.is er að finna leiðbeiningar um sólarvörn fyrir börn þar sem stuðst er við ráðleggingar bandarísku samtakanna Environmental Working Group (EWG).

**Þegar velja** á sólarvörn fyrir börn ætti að leita eftir vörn sem inniheldur sink, títandíoxíð og avobenzone eða mexyrol SX. Þá er mikilvægt að vörnin sé breiðvirk, vatnsheld og sé SPF 30 +.

**Klæðið börn** einnig í ljósan fatnað en hann hitnar síður en dökkur fatnaður. Notið sólhatt þegar farið er á strönd og munið eftir sólhlíf á kerrur og vagna.

**Húð getur** einnig brunnið þótt skýjað sé.

**Berið sólarvörn** sérstaklega vel á andlit, eyru, herðar og bak. Notið vörn með háum styrk á þessi svæði (50 til 60).

**Forðist sólina** yfir hádaginn þegar hún er sem sterkust.





www.crosscycle.com
GÆÐA HJÓL
Á FRÁBÆRU VERÐI
26" Cross Phantom
vnr. 889784
59.999
14"
vnr. 912192, 912191
24.999
16" Spiderman
vnr. 887985
29.999
16" Dora Explorer
vnr. 912189
29.999
16" Turtles
vnr. 912190
29.999
24" Cross Phantom
vnr. 912955
49.999
24" Cross Rocky
vnr. 912953
39.999
24" Cross Alissa
vnr. 912952
39.999
26" Cross Montana
vnr. 889779
49.999
29" Cross Grip
vnr. 912954
99.999
FRÍ HEIMSENDING*
EXTRA LÉTT „HARDTAIL" HÁGÆÐA ÁLSTELL
Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Skeifunni, Kringlunni og Holtagörðum. Minna úrval í öðrum verslunum.
*Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu þegar pantað er í vefverslun.** Frí yfirferð og ástandskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá viðurkenndum fagaðila.
FRÍ
YFIRFERÐ &
ÁSTANDSSKOÐUN**
ÞJÓNUSTA
& GÆÐI
SIXSIXONE
Hjálmur
6.999
FLOTTIR HJÁLMAR Í FULLORÐINS- OG BARNASTÆRÐUM
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# *Látið ykkur ekki leiðast!*

Þegar skóla sleppir og sólskinsbörn tvístrast um allt í sumarleyfi heyrist iðulega setningin: „Mér leiðist“. Þá er upplagt að kafa í hugmyndabankann og gera eitthvað uppbyggjandi og skemmtilegt í stað þess að gefa strax eftir með sjónvarpsgláp eða tölvuleik.

● **Leyfið** börnunum að sá fræjum og búa sér til gróðursælt horn í garðinum. Þau elska að fylgjast með fræjunum spíra og vaxa yfir sumarið.

● **Búið** til stuttmynd saman eða leikrit. Flestar spjaldtölvur og snjallsímar eru útbúin myndatökuvél og forritum til frekari mynd- og hljóðvinnslu.

● **Farið** í rannsóknarleiðangur með sjónauka að vopni og athugið hversu margar fuglategundir þið þekkið.

● **Stofnið** bókaklúbb til að viðhalda lestrarkunnáttu barna. Ræðið söguþráðinn eftir lesturinn og bjóðið vinum að vera með.

● **Farið** í lautarferð. Það er skemmtilegra að borða úti en inni. Takið flugdreka með.

● **Skrúfið** frá garðslöngunni og leyfið börnunum að busla og skemmta sér á sólríkum degi.

● **Farið** á útitónleika.

● **Kíkið** í gæludýrabúð og skoðið öll krúttlegu dýrin. Hver veit nema umkomulaust dýr eignist nýtt heimili?

● **Farið** í tertuslag. Hvern dreymir ekki um að upplifa það sem svo oft sést í bíómyndunum?

● **Ferðist** um heiminn án þess að fara að heiman. Lesið um önnur lönd og eldið hefðbundinn mat einhvers landsins í kvöldmat.

● **Farið** í bókasafnið og finnið spennandi handbækur til að læra eitthvað nýtt saman.

● **Tjaldið** í bakgarðinum og grillið útilegumat og sykurpúða.

● **Safnið** pöddum og flugum í krukku til að skoða og greina eftir tegundum.

● **Farið** í snyrtistofuleik. Lakkið neglur, greiðið hár og málið andlit barnanna og leyfið þeim að gera hið sama við ykkur.

● **Bakið** sykursæta sumarköku og leyfið börnunum að hjálpa til við baksturinn.



Lítil fluga getur breytt leiðindum í forvitni og skemmtileg ævintýr.

## FERSKUR SVALADRYKKUR

Þegar börn eru búin að vera að hlaupa um og hamast úti í sólinni allan daginn finnst þeim gott að fá sér kaldan og svalandi drykk. Þessi uppskrift er einföld og geta krakkarnir jafnvel gert drykkinn sjálfir. Fyrir þá sem vilja ekki gos má setja vatn eða eplasafa í stað sprite. Uppskriftin er fyrir tvö lítil glös.

2 tsk. íste (duft)
½ bolli sprite
½ bolli jarðarberjasafi
1–2 kreistar sítrónur
klakar

Hristið saman jarðarberjasafa, sítrónusafa, íste og klaka (og vatn eða eplasafa ef það er notað). Bætið sprite saman við og hellið í glös. Skreytið fallega með til dæmis ávöxtum eða berjum og berið fram.



Girnilegur sumardrykkur sem einfalt er að gera. MYND/GETTY



## LESIÐ Í SUMAR

Það er alltaf gott að grípa í bók til að hafa ofan af fyrir sér. Bækur eru ekki einungis góðar til afþreyingar heldur er lestur góður fyrir virkni heilabúsins, hann bætir málskilning og eflir máltöku, eykur orðaforða og sjálfstæða hugsun. Það er því ekki úr vegi að hvetja börn til að taka sér bók í hönd og sökkva sér niður í lestur þegar tími gefst til í sumarfríinu. Hér eru nokkrar bækur sem flestir foreldrar kannast við og hafa jafnvel lesið sjálfir:

Bróðir minn ljónshjarta, Madditt og Lína langsokkur (já, eða bara allar bækur Astridar Lindgren), Harry Potter-bækurnar eftir J.K. Rowling, Pollýanna eftir Eleanor H. Porter, Benjamín dúfa eftir Friðrik Erlingsson, Jón Oddur og Jón Bjarni eftir Guðrúnu Helgadóttur, Kalli og sælgætisgerðin og Matilda eftir Roald Dahl, Pétur Pan eftir James Barrie, Tár, bros og takkaskór eftir Þorgrím Þráinsson, Kötturinn með höttinn eftir Dr. Seuss, Ljónið, nornin og skápurinn eftir C. S. Lewis.




*Ég hef alltaf tileinkað mér að sjá ekki eftir neinu, ég reyni frekar að læra af hlutunum. Þetta er þó ekki eitthvað sem ég myndi endilega endurtaka í dag.*

## Myndaalbúmið






Fjölskyldan saman í garðinum í fyrrasumar. ● Við útskriftina frá Kvikmyndaskólanum með viðurkenningu fyrir bestu myndina. ● Úr vonarstræti. ● Við Ólafur Darri við tökur á Djúpinu.

hún hefur. Þeir Baldvin leikstjóri og Biggi í handritinu [Birgir Örn Steinarsson] gerðu þetta mjög vel því það hefði verið svo auðvelt að hafa Agnesi bara upp á punt.“

### Kynntist kærastanum í Kvikmyndaskólanum

Kristín er í sambúð með Vigfúsi Þormari Gunnarssyni en parið kynntist í Kvikmyndaskólanum. Saman eiga þau hinn tveggja ára Jökul og nú er annar drengur væntanlegur á allra næstu dögum. Þau hafa komið sér fyrir í Hafnarfirði en þaðan eru tengdaforeldrarnir og stuttur akstur til foreldranna í Keflavík. Vigfús starfar einnig við kvikmyndagerð og vann meðal annars að gerð Vonarstrætis. „Það var mjög þægilegt að hafa hann með mér í þessu, ég leitaði mikið til hans og hann hjálpaði mér með hlutverkið á æfingum. Það var rosalega mikill stuðningur í honum. Ef ég var óörugg með eitthvað þá gat ég leitað til hans og ég var mjög þakklát fyrir það.“

Kristín er einkabarn en hún er sú eina innan fjölskyldunnar sem sótt hefur í leiklistina. „Ég kem í raun og veru ekki úr neinni leikhúsklíku svo maður hefur svolítið þurft að pota sér áfram sjálfur og taka áhættu með hitt og þetta. Fjölskylda mín styður ótrúlega vel við bakið á mér og mamma er alltaf ánægð fyrir mína hönd – líka yfir litlu sigrunum,“ segir Kristín og brosir. „Hún heldur stundum að ég sé sú eina í heiminum sem er að afreka eitthvað eins og til dæmis þegar ég fékk bílprófið. Hún var ofboðslega ánægð með mig.“

### Elskar móðurhlutverkið

Hvað varðar önnur verkefni í leiklistinni segir Kristín allt óljóst í þeim efnum enn sem komið er.

„Ég er alltaf með eitthvað í sigtinu en þetta er ótraustur bransi og maður dettur inn og út. Þannig er það bara. Mér finnst rosalega þægilegt að leyfa bara því að koma sem gerist næst og ég reyni sjaldan að ákveða neitt fyrir fram. Það hljómar kannski undarlega en ég er mjög dugleg að senda frá mér jákvætt karma og ég trúi því að ef maður sendir frá sér eitthvað gott þá fái maður eitthvað gott til baka.“

Fram undan er fæðingarorlofið og segist Kristín ætla að nýta tímann heima fyrir í eitthvað skapandi. „Þetta verður spennandi tími. Ég sit aldrei aðgerðarlaus og er alltaf að búa eitthvað til, hvort sem það eru ljóð eða leikrit.“ Hún segist líka hafa gaman að því að smíða og þegar blaðamaður spyr hana hvort hún sé handlagin svarar hún: „Við getum allavega orðað það þannig að ég á verkfærakassann á heimilinu.“

Kristín elskar móðurhlutverkið og bíður spennt eftir því að fjölskyldan stækki. „Mig hefði aldrei grunað hvað það getur gefið manni að verða móðir. Við sonur minn förum oft í göngutúra og svo skyndilega stoppar hann og bendir á eitt lítið blóm. Hann hefur kennt mér að stoppa, njóta og taka eftir því smáa í lífinu. Börn eru ótrúlega skapandi og það er gaman að geta upplifað heiminn með þeirra augum. Þetta er yndislegt hlutverk – en ekki fleiri en tvö börn í bili,“ segir Kristín og hlær.




Amanda, heildrænn þjálfi, leiðbeinir og hjálpar fólki í að komast til betri heilsu.

# FÓLK VERÐUM AÐ TAKA ÁBYRGÐ Á ANDLEGRI HEILSU

**ÉG** fékk að heyra hvernig hún ákvað upp úr þurru að kyssa drenginn, sem er sjö ára og mjög skemmtilegur að hennar sögn. Hún sagðist vera skotin í honum og ætlaði að giftast honum – samt ekki á morgun því þá værum við að fara í sund. Best fannst mér þó þegar ég spurði hana af hverju hún hefði ákveðið að kyssa hann allt í einu.

**HAUSINN** á mér sagði mér að gera það.“

**AFTUR** varð ég orðlaus. Þessi stóri viðburður var ekkert flæktur um of. Engin hrúga af tilfinningum með tilheyrandi hvað svo, ef og kannski. Bara mjög skýrt og skorinort. Beint að efninu. Og í einfaldleika sínum finnst mér þetta svar það fallegasta sem ég hef heyrt koma af vörum dóttur minnar.

**ÉG** er að hugsa um að tileinka mér þetta viðhorf. Ekkert hvað svo, ef eða kannski. Gera bara það sem mér dettur í hug. Og ég ætla að byrja … NÚNA!



**SKÁLUÐU** Björg Stefánsdóttir, Inga Hlín Pálsdóttir, Kristjana Rós Guðjohnsen og Einar Þór Bárðarson skemmtu sér.



**FLOTTIR** Hjálmar Sveinsson og Jón Gnarr voru brosmildir.

# Fjölmenni við setningu Listahátíðar

Þar var sól og sumarylur í höfuðborginni þegar Listahátíð var sett við formlega athöfn í Ráðhúsinu í gær. Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, bauð gesti velkomna og Jón Gnarr setti hátíðina en gestir gengu út að Tjörn þar sem Högni Egilsson opnaði hátíðina með tónverki sínu, Turiya.



**LÉTU SIG EKKI VANTA** Kjartan Ólafsson, Kristín Mjöll og Anna stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



**FORMLEGIR** Skúli Helgason og Illugi Gunnarsson.



**GLÆSILEGAR** Ólöf Sigurðardóttir og Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

POWERSÝNING KL. 10.40

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| X-MEN 3D | 5, 8, 10:40(P) | 12 |
| VONARSTRÆTI | 5, 8, 10:40 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | 8, 10:10 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | 4 | L |
| THE OTHER WOMAN | 5:40 | 12 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is

"STANSLAUS SPENNA OG BRJÁLAÐ SKEMMTANAGILDI. LANGBESTA X-MYNDIN!"

FRÁBÆR GAMANMYND MEÐ ELIZABETH BANKS

VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GODZILLA | KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:40 2D: 6 - 9 | 12 |
| GODZILLA VIP 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:15 | 12 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GODZILLA 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GODZILLA | KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:40 2D: 6:50 - 9:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST | KL. 3D: 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST | KL. 2D: 10:10 | 12 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5 - 8 | 12 |
| GODZILLA | KL. 3D: 10:50 2D: 5 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL. 10:10 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 8 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

STANSLAUS SPENNA OG BRJÁLAÐ SKEMMTANAGILDI. LANGBESTA X-MYNDIN! - T.V., BIOVEFURINN OG S&H

VINSÆLASTA MYND LANDSINS

VONARSTRÆTI

- LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ
- HJÖRDÍS STEFÁNSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ
- ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON, SVARTHÖFÐI

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 10.45 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL. 3.20 - 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| VONARSTRÆTI LÚXUS | KL. 8 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5.50 - 8 - 10.25 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL. 3.30 | L |
| THE OTHER WOMAN | KL. 8 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 5 - 10.10 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.10 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| VONARSTRÆTI | KL. 5.20 - 6 - 8 - 9 - 10.40 | 14 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 8 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 10 | 7 |

Miðasala á: Miði

Kauptu miða á X-Men með Netgíró

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

"EN NY SVENSK FILMSTJÄRNA ÄR FÖDD"

MONICA Z

Á LEIÐ Í SKÓLANN

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

# LOKADAGAR - LOKADAGAR

MEÐ ALLT A... 100.000 KR. AFSL.

LG SJÓNVÖRP ...ALLT AÐ ...

| 42" 3D SNJALLSJÓNVARP | 60" LED SJÓNVARP | 42" FULL HD LED SJÓNVA... |
|---|---|---|
| FULLT VERÐ 249.990 | FULLT VERÐ 449.990 | FULLT VERÐ 139.990 |
| TILBOÐ 199.990 | TILBOÐ 299.990 | TILBOÐ 99.990 |
| LG AFSL. 50.000 | SHARP AFSL. 150.000 | LG AFSL. 40.000 |

| 46" FULL HD LED SJÓNVARP | 32" SNJALLSJÓNVARP | 55" ULTRA HD SJÓNVARP |
|---|---|---|
| FULLT VERÐ 169.990 | FULLT VERÐ 89.990 | FULLT VERÐ 499.990 |
| TILBOÐ 129.990 | TILBOÐ 74.990 | TILBOÐ 349.990 |
| THOMSON AFSL. 40.000 | PHILIPS AFSL. 15.000 | THOMSON AFSL. 150.000 |

**MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 55% AFSLÆTTI**
Nikon – Olympus – Panasonic

**HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI**
Philips – JVC – TDK – JBL – AKG

**...HÁTALARAR OG VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 48% AFSLÆTTI**
... – Yamaha – harman kardon

# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

YAMAHA KENWOOD ... INTENSO UNITED
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax ... LG

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# SPORT

## HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU
### 20 DAGAR Í FYRSTA LEIK



**TYRKINN HAKAN SUKUR** er sá sem hefur verið fljótastur að skora mark í úrslitakeppni HM en það tók hann aðeins 10,8 sekúndur að koma Tyrkjum í 1-0 í leiknum um þriðja sætið á móti Suður-Kóreu á HM 2002. Tyrkland vann leikinn 3-2 og náði sínum besta árangri á HM frá upphafi. Daninn Ebbe Sand er hins vegar sá sem hefur verið fljótastur að skora eftir að hafa komið inn á sem varamaður en það tók hann aðeins sextán sekúndur í leik á móti Nígeríu á HM í Frakklandi 1998. Hollendingurinn Johan Neeskens er síðan á leikmaður sem hefur verið fljótastur að skora í úrslitaleik HM en hann skoraði eftir 90 sekúndur í úrslitaleiknum 1974.

## Fimm mót á landsbyggðinni

**GOLF** GSÍ kynnti í gær Eimskipsmótaröð sumarsins en fjölgað verður um eitt mót í ár og verða þau nú alls sjö.

Íslandsmótið í höggleik fer fram á Leirdalsvelli GKG-manna þar sem heimamaðurinn Birgir Leifur Hafþórsson getur varið titil sinn og unnið mótið í sjötta sinn.

Nýr völlur verður tekinn inn í mótaröðina í sumar en Símamótið fer fram á Hamarsvelli í Borgarnesi. Þetta er í fyrsta skipti sem 54 holu mót fer þar fram.

Fyrsta mótið hefst í Leirunni um helgina og er full skráning. „Við byrjum fyrr en venjulega þannig að allir okkar bestu kylfingar eru ekki komnir heim. Þess vegna er gaman að sjá að það er full skráning í fyrsta mót. Það sýnir að það er mikil spenna og stemning fyrir mótaröðinni,“ segir Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands.

Fimm mót af sjö fara fram fyrir utan höfuðborgarsvæðið. „Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst að álagið er mikið á völlunum á höfuðborgarsvæðinu og við erum að nýta vellina á jaðarsvæðunum. Þetta eru frábærir vellir sem við eigum úti um allt land og það er samkomulag í hreyfingunni um að nýta þá í mótahaldið. **-tom**



**GOLFSUMARIÐ** Hörður kynnir mótaröðina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ÍBV 1-2 Víkingur**
**Hásteinsvöllur**
Áhorf: 651
**Þorvaldur Árnason (9)**

**Mörkin:** 0-1 Arnþór Ingi Kristinsson (55.), 1-1 Víðir Þorvarðarson, víti (71.), 1-2 Aron Elís Þrándarson (80.). **Rautt spjald:** Ian Jeffs, ÍBV (72.).

**ÍBV (4-3-3):** Guðjón Orri Sigurjónsson 5 - Óskar Elías Zoega Óskarsson 5, Brynjar Gauti Guðjónsson 5, Eiður Aron Sigurbjörnsson 5, Matt Garner 5 - Jökull I Elísabetarson 4, Gunnar Þorsteinsson 6, Víðir Þorvarðarson 6 - Dean Martin 6 (65., Dominic Khori Adams 6), Atli Fannar Jónsson 5 (66., Ian David Jeffs -), Bjarni Gunnarsson 4 (60., Jonathan Glenn 5).

**VÍKINGUR (4-4-2):** Ingvar Þór Kale 6 - Kjartan Dige Baldursson 6, Igor Taskovic 7, Alan Lowing 6, Halldór Smári Sigurðsson 6 - Dofri Snorrason 6, Kristinn Jóhannes Magnússon 5, Henry Monaghan 5, ***Todor Hristov 7** (87., Ívar Örn Jónsson -) - Pape Mamadou Faye 6 (81., Agnar Darri Sverrisson -), Arnþór Ingi Kristinsson 7 (61., Aron Elís Þrándarson 7).

**Skot (á mark):** 2-9 (1-5) **Horn**: 4-10

**Varin skot:** Guðjón 3 - Ingvar 0.

**Fjölnir 1-1 KR**
**Fjölnisvöllur**
Áhorf: 1.284
**Valgeir Valgeirsson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Haukur Lárusson (44.), 1-1 Gary Martin (45.).

**FJÖLNIR (4-3-3):** ***Þórður Ingason 8** - Gunnar Valur Gunnarsson 6 (73. Einar Karl Ingvarsson), Haukur Lárusson 7, Bergsveinn Ólafsson 6, Matthew Ratajczak 5 - Illugi Gunnarsson 6, Gunnar Már Guðmundsson 7, Guðmundur Karl Guðmundsson 6 - Ragnar Leósson 6 (85. Guðmundur Böðvar Guðjónsson), Aron Sigurðarson 4 (54. Christopher Paul Tsonis 6), Þórir Guðjónsson 5.

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 5 - Haukur Heiðar Hauksson 7, Aron Bjarki Jósepsson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 5, Ivar Furu 6 - Egill Jónsson 7, Abdel-Farid Zato-Arouna 8, Baldur Sigurðsson 5 (45. Þorsteinn Már Ragnarsson 6) - Almarr Ormarsson 4, Óskar Örn Hauksson 5, Gary Martin 7 (73. Kjartan Henry Finnbogason).

**Skot (á mark):** 12-14 (8-6) **Horn**: 4-7

**Varin skot:** Þórður 4 - Stefán Logi 7.

**Stjarnan 1-1 Valur**
**Stjörnuvöllur**
Áhorf: 965
**Þóroddur Hjaltalín (4)**

**Mörkin:** 1-0 Arnar Már Björgvinsson (20.), 1-1 Kolbeinn Kárason (90.+2.)

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 7 - Niclas Vemmelund 3, ***Daníel Laxdal 7**, Martin Rauschenberg 6, Pablo Punyed 6 - Michael Præst 6, Atli Jóhannsson 6 (60. Þorri Geir Rúnarsson 6), Veigar Páll Gunnarsson 5 - Arnar Már Björgvinsson 6 (27. Jón Arnar Barðdal 4), Ólafur Karl Finsen 5, Jeppe Hansen 4 (63. Garðar Jóhannsson 5).

**VALUR (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 6 - James Hurst 7, Magnús Már Lúðvíksson 5, Mads Lennart Nielsen 5, Bjarni Ólafur Eiríksson 5 - Iain James Williamson 6, Halldór Hermann Jónsson 5 (37. Indriði Áki Þorláksson 5), Kristinn Freyr Sigurðsson 6 - Lucas Ohlander 4, Sigurður Egill Lárusson 5 (60. Kristinn Ingi Halldórsson 4), Patrick Pedersen 4 (49. Kolbeinn Kárason 6).

**Skot (á mark):** 8-17 (3-5) **Horn**: 6-11

**Varin skot:** Ingvar 3 - Fjalar 2

## PEPSI DEILDIN 2014

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 5 | 3 | 2 | 0 | 7-2 | 11 |
| Stjarnan | 5 | 3 | 2 | 0 | 8-5 | 11 |
| Keflavík | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-3 | 10 |
| Fjölnir | 5 | 2 | 3 | 0 | 9-5 | 9 |
| Valur | 5 | 2 | 2 | 1 | 9-7 | 8 |
| KR | 5 | 2 | 1 | 2 | 5-5 | 7 |
| Víkingur R. | 5 | 2 | 1 | 2 | 5-7 | 7 |
| Fylkir | 5 | 2 | 0 | 3 | 7-11 | 6 |
| Fram | 5 | 1 | 2 | 2 | 7-9 | 5 |
| Þór | 5 | 1 | 0 | 4 | 10-12 | 3 |
| Breiðablik | 5 | 0 | 3 | 2 | 5-8 | 3 |
| ÍBV | 5 | 0 | 1 | 4 | 4-9 | 1 |

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

**Fram 1-1 Breiðablik**
**Gervigras Laug.**
Áhorf: Óuppg.
**Garðar Örn Hinriksson (8)**

**Mörkin:** 1-0 Hafsteinn Briem (76.), 1-1 Guðjón Pétur Lýðsson, víti (90.).

**FRAM (4-3-3):** ***Ögmundur Kristinsson 8** - Viktor Bjarki Arnarsson 6, Tryggvi Bjarnason 6 (75. Halldór Arnarsson -), Einar Bjarni Ómarsson 6, Ósvald Jarl Traustason 6 - Hafsteinn Briem 6, Jóhannes Karl Guðjónsson 3, Arnþór Ari Atlason 5 - Aron Þórður Albertsson 4 (54. Aron Bjarnason 5), Haukur Baldvinsson 5, Björgólfur Takefusa 4 (65. Alexander Már Þorláksson 6).

**BREIÐABLIK (4-4-2):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Gísli Páll Helgason 6, Elfar Freyr Helgason 6 (46. Stefán Gíslason 5), Damir Mumunovic 6, Jordan Halsman 6 (72. Guðjón Pétur Lýðsson -) - Páll Olgeir Þorsteinsson 6, Finnur Orri Margeirsson 7, Andri Rafn Yeoman 6 (26. Tómas Óli Garðarsson 6), Davíð Kristján Ólafsson 7 - Elvar Páll Sigurðsson 7, Árni Vilhjálmsson 7.

**Skot (á mark):** 12-23 (6-9) **Horn**: 4-15

**Varin skot:** Ögmundur 8 - Gunnleifur 5

**Keflavík 1-1 FH**
**Nettóvöllur**
Áhorf: 1.150
**Vilhjálmur Alvar (7)**

**Mörkin:** 1-0 Elías Már Ómarsson (3.), 1-1 Atli Viðar Björnsson (83.)

**Rautt:** Pétur Viðarsson, FH (55.), Einar Orri Einarsson, Keflavík (87.).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Jonas Sandqvist 7 - Magnús Þórir Matthíasson 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Unnar Már Unnarsson 6, Endre Ove Brenne 5 (75. Ray Jónsson -) - Einar Orri Einarsson 3, Sindri Snær Magnússon 6, Frans Elvarsson 5 - Bojan Ljubicic 5, ***Elías Már Ómarsson 7**, Hörður Sveinsson 6 (81. Jóhann B. Guðmundsson -).

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 7 - Böðvar Böðvarsson 5, Pétur Viðarsson 3, Sean Reynolds 5, Jón Jónsson 4 - Sam Hewson 5 (65. Ólafur Páll Snorrason 6), Hólmar Örn Rúnarsson 5, Davíð Þór Viðarsson 6 - Emil Pálsson 6, Albert Brynjar Ingason 5 (65. Atli Viðar Björnsson 7), Atli Guðnason 6 (46. Ingimundur Níels Óskarsson 6).

**Skot (á mark):** 7-9 (5-6) **Horn**: 5-6

**Varin skot:** Sandqvist 5 - Róbert Örn 3

**Þór 5-2 Fylkir**
**Þórsvöllur**
Áhorf: 603
**Gunnar Jarl Jónsson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Jóhann Helgi Hannesson (8.), 2-0 Orri Freyr Hjaltalín (28.), 2-1 Ryan Maduro, víti (36.), 3-1 Shawn Nicklaw (40.) , 4-1 Kristinn Þór Björnsson (43.), 5-1 Sveinn Elías Jónsson (44.), 5-2 Hákon Ingi Jónsson (56.).
**Rautt:** Gunnar Örn Jónsson, Fylki (26.) og Hermann Hreiðarsson, Fylki (46.).

**ÞÓR (4-3-3):** Sandor Matus 5 – Ingi Freyr Hilmarsson 5, Atli Jens Albertsson 5, Orri Freyr Hjaltalín 6, Ármann Pétur Ævarsson 5 – ***Hlynur Atli Magnússon 8**, Shawn Nicklaw 7, Jóhann Helgi Hannesson 7 (83. Jóhann Þórhallsson -) – Sveinn Elías Jónsson 6, Kristinn Þór Björnsson 7 (74. Sigurður Marinó Kristjánsson -), Þórður Birgisson 6 (67. Jónas Sigurbersson -).

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 4 – Elís Rafn Björnsson 4, Kristján Valdimarsson 4 (46. Hákon Ingi Jónsson 5), Ásgeir Eyþórsson 4, Viktor Örn Guðmundsson 4 – Davíð Þór Ásbjörnsson 5, Oddur Ingi Guðmundsson 6, Ryan Maduro 6 – Ásgeir Örn Arnþórsson 5 (55. Daði Ólafsson 5), Gunnar Örn Jónsson 2, Sadmir Zekovic 5 (74. Magnús Otti Benediktsson -).

**Skot (á mark):** 8-8 (7-4) **Horn**: 4-6

**Varin skot:** Sandor 2 - Bjarni Þórður 2

## ARON FER Á HM

Aron Jóhannsson verður fyrsti Íslendingurinn til að spila á HM í fótbolta en hann er í 23 manna HM-hóp bandaríska landsliðsins. Jürgen Klinsmann, þjálfari bandaríska landsliðsins, tilkynnti lokahóp sinn í gærkvöldi og valdi hann Aron sem einn af fjórum framherjum bandaríska liðsins. Aron er sem dæmi í hópnum frekar en Landon Donovan sem er einn frægasti knattspyrnumaður Bandaríkjanna fyrr og síðar.

Bandaríkin er í riðli með Þýskalandi, Portúgal og Gana en fyrsti leikur liðsins verður á móti Gana 16. júní. Allir leikir Bandaríkjanna verða sýndir beint á Stöð 2 Sport 2. **-óój**

# Flott ef við skiptum með okkur titlunum

**Það er gríðarleg spenna fyrir lokaumferðinni í þýska handboltanum þar sem annaðhvort lið Alfreðs Gíslasonar eða Guðmundar Guðmundssonar verður meistari. Dagur Sigurðsson og lærisveinar hans geta haft áhrif á útkomuna.**

**HANDBOLTI** „Þetta er ekki skemmtileg staða sem við erum í. Ég er eiginlega feginn að það eru Íslendingar í báðum liðum sem geta orðið meistarar. Þá eru minni líkur á því að menn haldi að ég sé að gera einhverjum greiða,“ segir Dagur Sigurðsson, þjálfari Füchse Berlin.

Hann fer með lið sitt til Kiel á morgun en sá leikur skiptir gríðarlegu máli. Kiel á möguleika á titlinum ásamt Rhein-Neckar Löwen. Bæði lið eru með íslenska þjálfara – Alfreð Gíslason og Guðmund Guðmundsson – og leikmenn.

„Ég á vini á báðum stöðum. Bæði eru þjálfararnir vinir mínir sem og leikmennirnir. Ég veit samt að bæði Alfreð og Gummi myndu fara inn í leikinn af krafti rétt eins og ég mun láta mitt lið gera.“

### Er með skröltandi lið

Lið Dags er ansi laskað og því ekki ástæða til mikillar bjartsýni fyrir leikinn.

„Það er búið að vera mikið um meiðsli og ég er með skröltandi lið. Bartlomiej Jaszka verður ekki með um helgina og þeir Konstantin Igropulo, Denis Spoljaric, Pavel Horak og Iker Romero eru spurningarmerki og munar um minna hjá okkur. Við munum berjast með allt sem við getum,“ segir Dagur.

Titilbaráttan gæti mjög líklega ráðist á markatölu og Dagur veit því sem er að lið Kiel mun gera allt sem það getur til þess að valta yfir hans lið.

„Kiel hefur verið að vinna sína leiki stórt. Það þýðir ekkert að grenja. Við mætum og berjumst. Það getur vel gerst að við fáum flengingu. Það hefur meira að segja gerst þegar við mætum með fullt lið gegn þeim. Maður fer samt ekki í leiki með buxurnar fullar heldur setur maður kassann út.“

Dagur gerði sitt lið að bikarmeisturum á dögunum og hann sér alveg fyrir sér að íslensku þjálfararnir þrír geti endað með titil.

„Eigum við ekki að segja að Gummi taki deildina, Alfreð vinni Meistaradeildina og ég bikarinn. Þá verða allir sáttir,“ segir Dagur léttur.

Það var tilkynnt í gær að fjórir leikmenn væru á förum frá liði Dags og þar á meðal þýski landsliðsmaðurinn Sven-Sören Christophersen. Forráðamenn Berlin brugðust við með því að telja Spánverjann Iker Romero á að taka eitt ár í viðbót en hann hafði ákveðið að leggja skóna á hilluna.

„Hann hefur verið frábær í vetur. Það var alls ekki auðvelt að fá hann til að skipta um skoðun. Það var meira að segja í leikskránni okkar kveðjugrein um hann. Svo kom allt snöggt upp á og við brugðumst við. Hann hefur reynst okkur frábærlega.“

**henry@frettabladid.is**



**STAÐIÐ SIG FRÁBÆRLEGA** Berlin vann sinn fyrsta stóra titil á dögunum undir stjórn Dags sem hefur náð mögnuðum árangri hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## FH og Stjarnan enn taplaus á toppi Pepsi-deildarinnar



**SVEKKTIR** Atli Jóhannsson og Veigar Páll Gunnarsson gátu ekki leynt vonbrigðum sínum eftir að Valur skoraði jöfnunarmark gegn Stjörnunni í lokin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FÓTBOLTI** Fimmta umferð Pepsi-deildar karla fór öll fram í gærkvöldi og var hún fjörug. Átján mörk voru skoruð og sex rauð spjöld litu dagsins ljós.

Keflavík komst nálægt því að vinna topplið FH en Atli Viðar Björnsson bjargaði Hafnfirðingum með marki eftir að hafa komið inn á sem varamaður, annan leikinn í röð.

Stjarnan missti svo af tækifæri til að skella sér á toppinn en liðið leiddi lengi vel gegn Val en fékk á sig jöfnunarmark í uppbótartíma.

ÍBV og Breiðablik eru enn án sigurs en Þór fékk loksins sín fyrstu stig eftir að hafa unnið sannfærandi sigur á Fylki. Nýliðar Fjölnis náðu svo í stig í fimmta leiknum í röð, með 1-1 jafntefli gegn Íslandsmeisturum KR. **-esá**

# KARLSVAKA



**Stórtónleikar í Eldborg Hörpu 12. september 2014 kl. 21.00**

Fjölmörg af stærstu nöfnum íslenskrar tónlistar sameinast í minningu um orgelmeistarann Karl J. Sighvatsson

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
FLOWERS
MANNAKORN
HJALTALÍN
APPARAT ORGAN KVARTETT
MAGNÚS KJARTANSSON
MEGAS
MUGISON
ÓLAFUR ARNALDS
GUNNAR ÞÓRÐARSON
KK
DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON

Efnisskrá inniber meðal annars:

Hallgrímur kvað? - eftir Karl J. Sighvatsson o.fl. í nýrri útsetningu Viktors Orra Árnasonar fyrir kammersveit og rafmagnaða hrynsveit

Pílagrímakórinn eftir Wagner, Blómið eftir Karl J. Sighvatsson, Atómstöðin eftir Karl J. Sighvatsson

**Miðasala á midi.is og harpa.is**

Allur ágóði af tónleikunum rennur til Minningarsjóðs Karls J. Sighvatssonar sem styrkir ungt tónlistarfólk til náms.

Styrktaraðilar Karlsvöku:

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 20.05**
## So Undercover

Skemmtileg gamanmynd með Jeremy Piven og Miley Cyrus í aðalhlutverki. Þegar alríkislögregla Bandaríkjanna ræður einkaspæjarann Molly Morris til þess að starfa á laun í systrafélagi í háskóla, verður hún að hætta að haga sér eins og harðskeyttur og klókur einkaspæjari og breyta sér í fágaða og veraldarvana háskólastúlku til þess að vernda Alex, sem er dóttir fyrrverandi glæpaforingja.

**MASKÍNAN Á BYLGJUNNI**
## Alla virka daga á milli kl. 10-13

Sumardagskrá Bylgjunnar hefst í dag og verður það enginn annar en útvarpsmaðurinn góðkunni Siggi Hlö sem kemur til með að skemmta hlustendum á milli kl. 10 og 13 alla virka daga. Siggi hefur verið einn hressasti útvarpsmaður þjóðarinnar um árabil en hann hefur staðið vaktina á laugardögum í þættinum Veistu hvar ég var? á Bylgjunni. Helgardagskráin í sumar verður sú sama og síðustu ár en Bylgjan fer hringinn í kringum landið alla laugardaga.



**Bylgjan kl. 13.00**
## Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu á milli 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.




# FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ



## BJARGAR GÖTUBÖRNUM Í KENÍA

**Þórunn Helgadóttir** breytti algjörlega um lífsstíl fyrir átta árum. Hún flutti til Kenía, byggði upp ABC-hjálparstarf í borginni og sveitinni, giftist Keníamanni og ættleiddi lítinn dreng.

### Öllum fannst hann skrítinn

**Einar Mikael Sverrisson** söðlaði um 23 ára gamall, hætti að vera smiður og gerðist töframaður. Fólk reyndi að halda aftur af honum og sagði að töfrabrögðin hans væru illa gerð og ömurleg. Hann lét það sem vind um eyru þjóta og trúir því að hann hafi fæðst á þessa jörð til að vera töframaður.





### Meistarar á mörgum sviðum

Klúbburinn Geysir hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í ár. Fréttablaðið kíkti í heimsókn og komst að því að klúbburinn býður þá velkomna sem hafa glímt við geðsjúkdóma og afleiðingar þeirra. Þangað kemur fólk úr öllum stéttum og sinnir þeim störfum sem það er sterkt í.

FRÉTTABLAÐIÐ
*Ómissandi hluti af góðri helgi*


Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | visir.is

## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.00** **Malcolm in the Middle**
**08.25** **Galapagos**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **Fairly Legal**
**11.10** **Last Man Standing**
**11.35** **Hið blómlega bú**
**12.15** **Heimsókn**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **How to Make an American Quilt**
**15.15** **Young Justice**
**16.00** **Frasier**
**16.25** **Mike & Molly**
**16.45** **How I Met Your Mother**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Pepsímörkin 2014**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Simpsons** Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.
**19.40** **Impractical Jokers** *(8:8)*
**20.05** **So Undercover**
**21.40** **The Factory**
**23.20** **Life of Pi**
**01.25** **Wrecked**
**02.55** **The Green Mile**
**05.55** **How I Met Your Mother**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Pepsímörkin 2014**
**08.15** **Pepsímörkin 2014**
**12.00** **Þýsku mörkin**
**12.30** **Reykjavíkurmeistaramótið í hestaíþróttum**
**14.00** **Barcelona - Atletico**
**15.40** **Keflavík - FH**
**17.30** **Pepsímörkin 2014**
**18.45** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Skemmtilegur þáttur um sterkustu deild í heimi, Meistaradeild Evrópu.
**19.15** **Enska bikarmörkin 2014** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku bikarkeppninni *(FA Cup)*.
**19.45** **San Antonio - Oklahoma** Útsending frá leik San Antonio og Oklahoma í NBA.
**21.45** **UFC 172**
**00.25** **UFC Now 2014**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.10** **Goals of the Season 2013/2014**
**12.05** **PL Classic Matches: Man United - Middlesbrough, 1996**
**12.35** **WBA - Stoke**
**14.15** **Messan**
**15.35** **Man. City - West Ham**
**17.20** **Argentina and Nigeria**
**17.50** **Tony Adams**
**18.20** **Man. City - Aston Villa**
**20.00** **Season Highlights 2013/2014**
**20.55** **Manstu**
**21.40** **Man. City - QPR**
**23.55** **Fulham - Crystal**

## ÍNN

**20.00** Kling Klang
**21.00** Rölt yfir lækinn
**21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**17.30** **Jamie's 30 Minute Meals**
**17.55** **Raising Hope**
**18.15** **The Neighbors**
**18.35** **Up All Night**
**19.00** **Top 20 Funniest**
**19.45** **The Secret Circle**
**20.30** **Free Agents**
**20.55** **Community** Önnur gamanþáttaröðin um sjálfumglaðan lögfræðing sem missir lögfræðiréttindin sín og neyðist til að setjast á ný á skólabekk. Þar kynnist hann skrautlegum hópi samnemenda og nýtir sér óspart alla klækina sem hann hefur lært af lögmannsstarfinu.
**21.15** **True Blood**
**22.05** **Sons of Anarchy**
**23.00** **Memphis Beat**
**23.40** **Dark Blue**
**00.20** **Top 20 Funniest**
**01.05** **The Secret Circle**
**01.45** **Free Agents**
**02.10** **Community**
**02.30** **True Blood**
**03.15** **Sons of Anarchy**
**04.15** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Lukku-Láki **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Lukku-Láki **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.44** Tommi og Jenni **13.51** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Lukku-Láki **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.44** Tommi og Jenni **17.51** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær *(5/18)* **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Ísöldin 2 **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00** **Strákarnir**
**18.30** **Friends**
**18.55** **Seinfeld**
**19.20** **Modern Family**
**19.40** **Two and a Half Men**
**20.05** **Wipeout - Ísland**
**21.00** **The Killing**
**21.45** **World Without End**
**22.35** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**22.55** **Footballer's Wives**
**23.45** **Wipeout - Ísland**
**00.35** **The Killing**
**01.20** **World Without End**
**02.05** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**02.30** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**11.20** **Wall Street**
**13.25** **Ruby Sparks**
**15.10** **Butter**
**16.40** **Wall Street**
**18.45** **Ruby Sparks**
**20.30** **Butter**
**22.00** **Brubaker**
**00.10** **Underworld: Awakening**
**01.40** **Veronika Decides to Die**
**03.20** **Brubaker**

## RÚV

**15.40** **Ástareldur**
**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Litli prinsinn** *(21:25)*
**17.43** **Undraveröld Gúnda** *(2:11)*
**18.06** **Nína Pataló** *(24:39)*
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Pricebræður bjóða til veislu** *(1:5)*
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **HM veislan** *(1:3)*
**20.10** **Saga af strák** *(3:13) (About a Boy)*
**20.35** **Stóra klappstýrumálið** *(Fab Five: The Texas Cheerleader Scandal)* Mynd byggð á sannsögulegum atburðum sem áttu sér stað í Texas árið 2006 þegar klappstýruhópur gerði uppreisn gegn þjálfara sínum og naut til þess stuðnings skólayfirvalda.
**22.05** **Ljón fyrir lömb** *(Lions for Lambs)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.35** **Starfsmaður mánaðarins** *(Employee of the Month)*
**01.20** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.35** **Necessary Roughness** *(5:16)*
**16.20** **90210** *(18:22)*
**17.05** **Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(19:20)*
**17.30** **Læknirinn í eldhúsinu** *(6:8)*
**17.55** **Dr. Phil**
**18.35** **Minute to Win It**
**19.20** **Secret Street Crew** *(3:6)*
**20.05** **America's Funniest Home Videos** *(32:44)*
**20.30** **The Voice - LOKAÞÁTTUR** *(25:26)* Þáttaröð sex hefur göngu sína vestan hafs í sömu viku og þættirnir verða sýndir á SkjáEinum. Adam Levine og Blake Shelton snúa aftur sem þjálfarar og með þeim í annað sinn verða þau Shakira og Usher. Carson Daly snýr aftur sem kynnir þáttanna. Mikil eftirvænting er fyrir þessari þáttaröð enda hefur það kvisast út að keppendur séu sterkari en nokkru sinni fyrr.
**22.00** **The Voice - LOKAÞÁTTUR** *(26:26)*
**23.30** **The Tonight Show**
**00.15** **Royal Pains** *(6:16)*
**01.00** **The Good Wife** *(15:22)*
**01.45** **Leverage** *(3:15)*
**02.30** **The Tonight Show**
**03.15** **The Tonight Show**
**04.00** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV
**12.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.05** PGA Tour 2014
**11.05** Golfing World 2014
**11.55** Inside The PGA Tour 2014
**12.20** PGA Tour 2014
**13.15** Tvöfaldur skolli
**13.50** Tvöfaldur skolli
**14.30** Tvöfaldur skolli
**15.25** Tvöfaldur skolli
**16.00** Champions Tour 2014
**16.55** European Tour 2014
**17.45** PGA Tour Latinoamerica
**18.10** Golfing World 2014
**19.00** PGA Tour 2014
**22.00** Golfing World 2014

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |













*Opnum í dag!*

# MEIRA ER MEIRA!

## NÝ LÍFSTÍLS- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN

KLAPPARSTÍGUR
— № 40 —
ÖXNEY
— 101 —
REYKJAVÍK

VARMA Bolongaro Trevor

ÖXNEY • KLAPPARSTÍGUR 40 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 571 4010 • FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Það eru allir í svo miklu stuði í Reykjavík að ég verð að segja Bamboleo með Gypsy Kings.“**

Natalie G. Gunnarsdóttir, plötusnúður

# Ævintýralandið Bíldalía í Vesturbyggð

Ingimar Oddsson býður fólki til ævintýralands Bíldalíu þar sem mörk skáldskapar og raunveruleika verða óljós.

„Tilfinningin þegar maður kemur inn á svæðið er að maður sé kominn inn í annað land þar sem allt getur gerst,“ segir listamaðurinn Ingimar Oddsson en hann blæs til ævintýrahátíðar í Vesturbyggð með svokölluðu gufupönksþema. „Við verðum með landamæraverði sem munu selja vegabréf með upplýsingum um hátíðina sem hægt er að fá stimpla í, þetta verður mjög skemmtilegt,“ segir Ingimar, en hátíðin er eins konar hlutverkaleikur. „Vesturbyggð breytist í stærsta leiksvið í heimi og allir sem þar eru, bæði leikarar og áhorfendur, taka þátt í hlutverkaleik þar sem við njótum tilverunnar saman og tökum þátt í alls kyns skemmtunum, leiksýningum og tónleikum.“

Á hátíðinni verður einnig hægt að finna veglegan markað þar sem alls kyns vörur tengdar gufupönki verða til sölu. „Síðan ætlum við að setja upp smá sirkus og verðum þar með viðundrasýningu,“ segir Ingimar, sem leggur gríðarlega vinnu í hátíðina. Ævintýralandið ber nafnið Bíldalía og hefur Ingimar meira að segja búið til fána fyrir landið. - bþ



### → Hvað er gufupönk?

Gufupönk er íslensk þýðing á ensku liststefnunni Steampunk en stefnan á rætur sínar að rekja til vísindaskáldsagna gufualdar þar sem nútímatækni er sett í umgjörð nítjándu aldar. Stefnan er undir sterkum áhrifum frá Viktoríutímabilinu og er nokkurs konar túlkun á draumum og framtíðarspám rithöfunda og listamanna Viktoríutímabilsins.






# Lostastundin er ekki við hæfi barnanna

Lostastundin, erótísk myndlistarsýning, opnar á laugardaginn í Kunstschlager. Þar má meðal annars sjá verk eftir Steingrím Eyfjörð og Kristínu Ómarsdóttur.

„Tekið skal fram að verkin á sýningunni eru ekki við hæfi barna,“ segir Guðlaug Mia Eyþórsdóttir, einn stofnenda Gallerís Kunstschlager, en á laugardaginn verður sýningin Lostastundin opnuð í Galleríi Kunstschlager á Rauðarárstíg.

> **Þar kennir ýmissa grasa, og til sýnis verður allt frá skúffuerótík til hugmyndafræðilegra, erótískra verka.**

Guðlaug Mia er jafnframt sýningarstjóri Lostastundar, ásamt Kristínu Karólínu Helgadóttur.

„Kunstschlager fagnar sumrinu og tíma ástarinnar sem er að ganga í garð. Við ætlum að bjóða sýningargestum upp á lostafulla myndlist af hvers kyns toga,“ segir Guðlaug.

„Það er leynd yfir því hverjir það eru sem sýna, en við getum gefið upp að á meðal annarra verða með verk á sýningunni þau Steingrímur Eyfjörð, Kristín Ómarsdóttir og Helgi Þórsson,“ segir Guðlaug og bætir við að erótík og list eigi vel saman og kominn sé tími til að setja upp sýningu sem þessa.

Í heildina verða það fjórtán myndlistarmenn sem sýna erótísk verk í Kunstschlager.

„Sumir þeirra eru þekktir fyrir slíka myndlist, aðrir ekki. Við leggjum áherslu á tvívíð verk á sýningunni. Þar kennir ýmissa grasa, og til sýnis verður allt frá skúffuerótík til hugmyndafræðilegra, erótískra verka,“ segir Guðlaug.

Erótískt myndrit verður gefið út í tengslum við sýninguna með verkum eftir sýnendur auk annarra og verður til sölu á Basarnum, verslun í galleríinu.

Sýningin er framlag Kunstschlager til Listahátíðar í Reykjavík í ár og opnar klukkan átta. olof@frettabladid.is



**SÝNINGARSTJÓRARNIR** Guðlaug Mia Eyþórsdóttir og Kristín Karólína Helgadóttir vilja fagna sumrinu, sem þær segja tíma ástarinnar. MYND/ÚR EINKASAFNI




**VERK Á SÝNINGUNNI** eftir Kristínu Ómarsdóttur




**VERK Á SÝNINGUNNI** eftir Steingrím Eyfjörð

# Kaos að hætti hálfvitanna

Hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir heldur tónleika þar sem spilastokkur ræður för.

„Þetta verður einhver kaos. Við rennum dásamlega blint í sjóinn,“ segir Snæbjörn Ragnarsson í hljómsveitinni Ljótu hálfvitunum. Sveitin heldur tónleika á Café Rosenberg 30. og 31. maí og á Græna hattinum um Hvítasunnuhelgina en tónleikaröðin gengur undir nafninu Spilakvöld. Á tónleikunum nota hljómsveitarmeðlimir spilastokk sem þeir eru með í framleiðslu til að velja lögin sem þeir spila.

„Við erum búnir að gefa út fjórar plötur og þær líta allar eins og út. Fyrsta var bleik, önnur blá, síðan græn og loks appelsínugul og allar með svörtu letri. Það eru þrettán lög á hverri og það er teiknuð mynd við hvert lag. Við komumst að því að það eru fjórar sortir í spilastokk og þrettán spil í hverri þannig að við tókum allar myndirnar saman og gerðum spilastokk. Á tónleikunum drögum við síðan um hvaða lög við spilum og spilum lögin í þeirri röð sem við drögum,“ segir Snæbjörn. Hann segir þó að hálfvitarnir spili ekki öll 52 lögin á hverjum tónleikum heldur um það bil helming.

„Þetta er góð hugmynd – alveg þangað til við förum að framkvæma hana. Við getum ekkert æft fyrir þetta. Yfirleitt getur maður kortlagt svona tónleika og veit sirka hvað maður er að fara að gera næst. Núna eiga menn eflaust eftir að klóra sér í hausnum. Það er ekkert öruggt að við kunnum öll þessi lög þannig að nokkur verða eflaust býsna „freestyle“.“



**BLANDA AF GRÍNI OG MÚSÍK** Ljótu hálfvitarnir eru þekktir fyrir að vera gamansamir. MYND/HEIÐAR KRISTJÁNSSON

Hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir var stofnuð árið 2006 og er skipuð níu manns sem kunna passlega mikið á hljóðfæri að sögn Snæbjörns.

„Við erum búnir að vera saman í bandi í átta fokking ár án þess að skipta um mannskap. Þetta er stórbrotinn félagsskapur. Þarna koma allir gallar mannkynsins saman á einum stað.“ - lkg



Veiði LAGERINN outlet
MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELDRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR
FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS
2.995,-
ÓDÝRT
Mikið úrval !
VEIÐIVESTI
FRÁ
1.995,-
TILBOÐ
VESTI Á MYND KR. 4.995,-
VERÐ FRÁ
299,-
ÓDÝRT
SPÚNAR
Frábært úrval.
BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL
TILBOÐ
AÐEINS FRÁ
14.995,-
ÖNDUNARVÖÐLUR
Mikið úrval!
ÓDÝRT
AÐEINS
12.995,-
DAM TASLAN VÖÐLUR
AÐEINS
16.995,-
ÓDÝRT
RON THOMPSON
NEOPRENVÖÐLUR
VERÐ FRÁ
4.995,-
TILBOÐ
FLUGUHJÓL
Gott úrval.
AÐEINS FRÁ
9.995,-
TILBOÐ
VATNSHELDIR
VEIÐIJAKKAR
PAKKA
TILBOÐ
VEIÐISTANGASETT
ÓDÝRAR VEIÐITÖSKUR
VERÐ FRÁ
4.995,-
ÓDÝRT
KASTHJÓL
- í miklu úrvali.
FRÁ
4.995,-
TILBOÐ
KASTSTANGIR
Mikið úrval!
AÐEINS
9.995,-
ÓDÝRT
RON THOMPSON
BARNAVÖÐLUR
TILBOÐ
VERÐ FRÁ
8.995,-
VÖÐLUSKÓR
Ýmsar gerðir.
AÐEINS
3.895,-
ÓDÝRT
VEIÐIKASSAR
Bleikir, bláir og grænir.
TILBOÐ
FLUGUSTANGIR Í ÚRVALI
Mikið úrval!
já
FRÁBÆRT VERÐ
895,-
ÓDÝRT
LETINGJAR
KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Medúlluópera í bígerð

Óperu- og leikhúsið La Monnaie De Munt í Belgíu er nú með í bígerð óperu sem byggð er á plötunni Medúllu eftir **Björk Guðmundsdóttur**. Platan kom út árið 2004 og hlaut tvær tilnefningar til Grammy-verðlaunanna, fyrir bestu frammistöðu Bjarkar í laginu Oceania og sem besta „alternative"-platan. Þá hefur hún selst í rúmlega milljón eintaka á heimsvísu. La Monnaie De Munt er fremsta óperuhús Belga en Medúllulóperan er á leikskrá ársins fyrir árin 2014 og 2015. Í óperunni verða söngvarar á öllum aldri leiddir saman til að túlka plötuna sem er nánast án hljóðfæra og var sett saman með röddum. Björk hefur sagt plötuna vera sína pólitískustu. Hún vildi sporna gegn kynþáttahatri og ættjarðarást sem blossaði upp í kjölfar árásanna á Tvíburaturnana 2001.



-lkg

### Samdi lag við bæn álfkonu

**Bergljót Arnalds** útskrifaðist um síðustu helgi úr söngnámi og lagasmíðum frá skóla í Kaupmannahöfn. „Þetta er eitthvað sem hefur alltaf bankað upp á hjá mér og mig hefur langað til að prófa," segir Bergljót. Hún hefur flutt átta frumsamin lög á tónleikum úti í Kaupmannahöfn. En hér heima mun hennar fyrsta verk sem lagasmiður vera að flytja lag sem hún hefur samið við bæn álfkonunnar Tamínu. „Ragnhildur Jónsdóttir talar við álfkonur og skrifaði upp þessa bæn, ég mun flytja lagið á álfahátíðinni í Hafnarfirði 22. júní," segir Bergljót Arnalds.



-ebg

## Mest lesið VÍSIR

1 Yfirlæknir geðdeildar lagðist gegn því að börnin yrðu tekin frá móðurinni
2 Hjúkrunarfræðingur ákærður - Ekkja mannsins vildi ekki kæra
3 Sme, reiðhjólamaður og laus hundur í hár saman
4 Rannsaka hvort mengun hafi valdið rafmagnsleysi á Barnaspítala Hringsins
5 Kennarar fá 7,3 prósenta launahækkun strax


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið




TEMPUR® Original & Cloud heilsurúm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 27.123 kr. á mán.

TEMPUR Original eða Cloud heilsudýna
með Standard botni og löppum
Verðdæmi: 160x200 cm. Fullt verð kr. 390.700
**TILBOÐSVERÐ: kr. 312.560**

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

TEMPUR WARRANTY 15 YEARS LIMITED WARRANTY MATTRESSES



C&J stillanlegt rúm með TEMPUR® dýnu

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.* Aðeins 55.627 kr. á mán.

C&J stillanlegt rúm með
TEMPUR Original eða Cloud heilsudýnu.
Verðdæmi: 2x90x200 cm. Fullt verð kr. 803.800
**TILBOÐSVERÐ: kr. 643.040**

Charlotte & Julien



NÝ SENDING – MIKIÐ ÚRVAL

SÆNGURFATA DAGAR

20% AFSLÁTTUR AF NÝJUM SÆNGURFATALÍNUM





Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16